VIÐAR HALLDÓRSSON

*Líkamsrækt verður að vera ánægja en ekki kvöð*

• Heilsa • Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



VERK AÐ VINNA

*Linoleum-dúkarnir snúa aftur*

Sérblað um byggingariðnaðinn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. ágúst 2007 — 232. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



### Vinsæll og eftirsóttur

Mikil eftirspurn er eftir verkum Kristjáns Davíðs-sonar.

FÓLK 30



### Busaði knatt-spyrnustjórnu

Egill „Gilzenegger“ Ein-arsson sýndi nýnem-um enga miskunn.

FÓLK 30

### Í hvað ásælist Landsvirkjun?

„En um hitt má spyrja; hvaða rétt hefur sveitarfélag sem vill ekki þau landspjöll, sem eru samfara áform-um Landsvirkjunar?“ spyr Kolbrún Halldórsdóttir.

UMRÆÐAN 16



### Vill komast út

Ísfirðingurinn og FH-ingurinn Matthías Vilhjálmsson segist stefna á atvinnu-mennsku eftir tímabilið hér heima. Hann telur sig vera tilbúinn í að taka næsta skref.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞYKKNAR UPP** - Í dag verður yfirleitt hæg suðvestlæg átt. Víða bjartviðri með morgninum en þykknar smám saman upp vestan til nálægt hádegi með rigningu seint í dag eða kvöld. Hiti 7-16 stig, hlýjast norðaustan til.



**SLEGIÐ Í BLÍÐSKAPARVEÐRI** Starfsmenn Reykjavíkurborgar slógu tjarnarhólmann í litlu tjörninni við Hringbraut í miðbæ Reykja-víkur í gær. Blíðskaparveður var í borginni þótt ljóst sé að sumri sé farið að halla því nokkuð kalt var í lofti þrátt fyrir sólina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Starfsmenn óskráðir

## Forstjóri Vinnumálastofnunar segir 20 af þeim 29 starfsmönnum Arnarfells sem lentu í bílslysinu á Bessastaðafjalli ekki vera skráða löglega hér á landi.

**VINNUMARKAÐUR** 20 af þeim 29 mönnum sem lentu í bílslysinu á Bessastaðafjalli í Fljótsdal á sunnudaginn eru ekki skráðir lög-lega hér á landi, segir Gissur Pét-ursson, forstjóri Vinnumálastofn-unar. Gissur segir að ekki hafi verið greidd lögbundin gjöld af launum sumra þeirra á árinu.

Mennirnir unnu hjá verktakafyr-irtækinu Arnarfelli við að byggja Hraunaveitu Kárahnjúkavirkjunar. Starfsmennirnir voru ráðnir í gegn-um undirverktaka: þýska fyrirtæk-ið Hunnebeck Polska, GT-verktaka ehf. og Spöng ehf.

Gissur segir að þetta geti haft áhrif á það hvort almannatrygg-ingakerfið standi undir þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda eftir slysið. „Nú reynir á að þessir menn njóti þeirra réttinda sem lögformlegt ráðningarsamband felur í sér,“ segir Gissur.

Oddur Friðriksson, yfirtrúnað-armaður starfsmanna Kára-hnjúkavirkjunar, segir að það beri að tilkynna og skrá alla erlenda starfsmenn verktakafyrirtækja til Vinnumálastofnunar frá fyrsta vinnudegi. Það hafi ekki verið gert.

Odd grunaði að starfsmenn und-irverktakanna væru ekki löglega skráðir hér á landi og lét Vinnu-málastofnun vita af því. Oddur segir að hugsanlega séu um sextíu starfsmenn undirverktakanna ekki skráðir löglega. Gissur segir að mál hinna mannanna verði einn-ig rannsökuð á næstunni.

Ingibjörg Sigurbergsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Spöng ehf., segir að þeir starfsmenn fyrirtæk-isins sem lentu í rútuslysinu séu skráðir löglega hér á landi. Þrír af mönnunum fimmtán sem slösuð-ust í slysinu starfa hjá fyrirtæk-inu að sögn Ingibjargar.

Trausti Finnbogason, eigandi GT-verktaka, segir að ráðningar-samningum fjögurra manna sem unnu hjá fyrirtækinu og lentu í slysinu hafi ekki verið skilað til Vinnumálastofnunar vegna sum-arfría. „Þetta var bara smá seina-gangur hjá okkur.“ Trausti segir að ráðningarsamningum mann-anna fjögurra við verktakafyrir-tæki í Lettlandi, sem þeir eru samningsbundnir, verði skilað til Vinnumálastofnunar á næstu dögum.

- ifv / sjá síðu 4

Hluthafafundur Stork N.V.:

## LME útilokar ekki eigið tilboð

**VIÐSKIPTI** Í undirbúningi er yfirtökutilboð LME, eignarhalds-félags Marels, Eyris Invest og Landsbankans, í hollenska iðnfyrirtækið Stork N.V. Sam-kvæmt heimildum blaðsins vinnur félagið nú að því að fá með sér fleiri fjárfesta í yfirtökuna.

Lögmaður LME fór yfir samskipti félagsins og stjórnar Stork á hluthafafundi Stork sem haldinn var í gær.

LME sér í Stork tækifæri við hlið samlegðaráhrifa af samruna matvælavinnsluvélahluta Stork og Marels.

- óká / Sjá síðu 17

Kalla þurfti til slökkvilið:

## Sápugos í Reykjanesbæ

**LÖGREGLUMÁL Talsvert umferðar-öngþveiti myndaðist þegar sápa freyddi úr gosbrunni í Reykja-nesbæ í gærkvöldi. Hafði þá einhver sett mikið magn af sápu í brunninn og þurfti að kalla slökkvilið á staðinn.**

**Lögreglan á Suðurnesjum segir fólk velta því fyrir sér hvort uppsetning brunnsins hafi verið góð hugmynd. „Það stendur upp úr honum oddhvöss grind. Krakkar hafa verið að leika sér á hjólabrettum og öðru þarna. Ef einhver dettur ofan í gæti sá hinn sami slasast illa.“**

- þeb

Forsætisnefnd hittist:

## Funda í heima-bæ forsetans

**STJÓRNMÁL** Forsætisnefnd Alþingis kemur saman í dag til að undirbúa störf þingsins. Hefð er fyrir því að nefndin haldi sumarfund utan Reykjavíkur í ágúst ár hvert. Að þessu sinni verður fundurinn í Stykkishólmi, heimabæ Sturlu Böðvarssonar, forseta Alþingis.

Á fundinum er meðal annars fjallað um málefni stofnana Alþingis, starfsáætlun þingsins og rekstur þess.

- þeb






Fimm til tíu snæuglur sjást hér á landi á hverju ári og þykir hún því afar sjaldgæf:

# Snæugla sást í Þjórsárverum

**NÁTTÚRA** Ferðamenn sáu snæuglu í Eyvindarkofaveri í Þjórsárverum við Hofsjökul á laugardaginn. Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðing-ur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir að einungis fimm til tíu snæuglur sjáist hér á landi á ári, oftast á miðhálendinu og á Austfjörðum.

Snæuglan er ekki varpfugl á Íslandi. „Það eru þrjú ár síðan vísbending fannst um að snæugla hefði verpt hér á landi, segir Ólafur.

Ólafur segir að ekki sé mikið af snæuglum á Íslandi því hún lifi á læmingjum; tegund sem lifir ekki villt hér á landi. Hann telur helstu ástæðuna fyrir því að snæuglan sjáist stundum á Íslandi sé nálægð-in við norðausturhluta Grænlands þar sem hún er algeng.

- ifv



SJALDGÆF OG STYGG MYND / GPÓ







## SPURNING DAGSINS



*„Björn, eru borgarbúar annarra borga ekki grænir af öfund?“*

**„Sennilega, ég hef alltaf talað fyrir græna litnum og megi hann breiðast út sem víðast.“**

Reykjavík er grænasta, eða umhverfisvænasta, borg veraldar samkvæmt Grist-samtökunum. Björn Ingi Hafnsson er formaður borgarráðs.

Innsti hluti Ísafjarðardjúps verður tengdur raforkuneti á kjörtímabilinu segir ráðherra:

# Hægt að byrja næsta sumar

**ORKUMÁL** Hægt verður að byrja vinnu við að tengja innsta hluta Ísafjarðardjúps við raforkukerfi landsins á næsta sumri, en í öllu falli verður ráðist í verkið á þessu kjörtímabili. Þetta sagði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra í erindi sínu á 30 ára afmæli Orkubús Vestfjarða á sunnudag.

„Raforkulög leggja ríkisvaldinu beinlínis á herðar þá skyldu að tengja það við kerfið, og bæta þannig öryggi við afhendingu orku sem er fráleitt nógu góð vegna ótryggra smávirkjana,“ sagði Össur í erindi sínu.

Kostnaðurinn við að tengja þennan síðasta hluta fastalandsins sem ekki er tengdur raforkukerfinu er talinn verða um 150 milljónir króna, sagði Össur. Hann sagði að tengingin muni treysta orkuöryggi svæðisins, skapa atvinnu, og spara fé til lengri tíma.

„Orkubúið selur í dag raforku á sama verði í Djúpinu og annars staðar, og tapar á þeim þætti orkusölu, um 15 milljónir á ári. Þessi aðgerð mun því borga sig upp á ágætum tíma,“ sagði Össur. Með tengingunni opnist möguleikar á því að reisa smávirkjanir til að geta selt orku inn á landsnetið, og framkvæmdin muni því að öllum líkindum leiða til meiri orkuframleiðslu á Vestfjörðum. - bj



**ÍSAFJÖRÐUR** Stefnt er að því að tengja innsta hluta Ísafjarðardjúps við raforkukerfi landsins sem næsta sumar.

## VILL KANNA JARÐVARMA VIÐ ÍSAFJÖRÐ

Miklar líkur eru á því að hægt sé að finna heitt vatn á Ísafirði, og vill Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra að gengið verði úr skugga um hvort hægt sé að koma upp jarðvarmaveitu á Ísafirði. Verkefnið verði þó án efa flókið og áhættusamt.

„Í þetta verkefni verður [...] ráðist sem sameiginlegt viðfangsefni iðnaðarráðuneytisins og orkubús Vestfjarða. Ef þetta gengur upp mun það reynast mjög arðbært verkefni fyrir okkur öll, jafnt hið opinbera sem íbúa sem væntanlega munu þá njóta ódýrari upphitunar, og meiri lífsgæða,“ sagði Össur í erindi sínu á sunnudag.

Kennsla hafin í Keili:

## Mikil aðsókn í frumgreinadeild Keilis

**MENNTUN** Kennsla hófst með vikunámskeiði fyrir nýnema í frumgreinadeild Keilis í gærmorgun. Deildin er sérstaklega miðuð að undirbúningi náms við Háskóla Íslands og opnar ný tækifæri fyrir fólk sem hefur ekki lokið stúdentsprófi.

Alls stunda 108 nemendur nám við deildina í þremur mismunandi línum, félags- og hugvísindum, viðskipta- og lögfræði og verkfræði- og raunvísindum.

Mikil aðsókn var í deildina en alls sóttu tæplega 200 nemendur um 108 laus pláss. Strætóleiðin á milli háskólasvæðisins og Reykjavíkur heitir Reykjanes Express og eru fargjöld innifalin í leiguverði fyrir íbúa svæðisins. - lbb

Kosningaloforð í vinnslu:

## Unnið í útfærslu loforða

**MENNTUN** „Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar stendur að nemendur í framhaldsskólum fái stuðning til kaupa á námsgögnum. Það er verið að vinna að útfærslu þessa í menntamálaráðuneytinu,“ segir Einar Már Sigurðarson, fulltrúi Samfylkingarinnar í menntamálanefnd.

Höskuldur Þór Þórhallsson, fulltrúi Framsóknarflokksins í menntamálanefnd, gagnrýndi að kosningaloforð Samfylkingarinnar um ókeypis skólabækur hafi ekki verið uppfyllt.

„Þótt Höskuldur sé brennimerktur af árangri Framsóknarflokksins í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn þá gildir ekki það sama um aðra flokka.“ - þeb

# Stúlkurnar gátu forðað sér út í garð

**Eldur kviknaði í sameiginlegu rými í neyðarvistunarálmu Stuðla á sunnudaginn. Starfsmaður hafði brugðið sér frá. Tvær stúlkur voru inni í álmunni. Þær lokuðu sig inni í herbergi en hefðu getað forðað sér út í garð um opnar dyr.**

**ELDSVOÐI** „Starfsmaðurinn brá sér frá í tvær til þrjár mínútur og læsti á meðan hurð inn í neyðarálmuna,“ segir Sólveig Ásgrímsdóttir, forstöðumaður Stuðla.

Reykkafarar slökkviliðsins björguðu lífi tveggja stúlkna sem voru innikróaðar í herbergi í neyðarvistunarálmu Stuðla.

Atburðarásin var með þeim hætti að starfsmaður Stuðla var ásamt stúlkunum í almennu rými í neyðarvistunarálmu. Starfsmaðurinn brá sér frá til að sækja mat í eldhúsið og læsti á meðan hurð inn í álmuna. Hann fór aldrei alla leið í eldhúsið heldur sneri við skömmu síðar. Þegar hann opnaði dyrnar logaði mikill eldur í rýminu og stúlkurnar voru hvergi sjáanlegar. Starfsmaðurinn tók slökkvitæki og reyndi að slökkva eldinn en allt kom fyrir ekki og varð hann að forða sér út.

„Í raun og veru komu þær aldrei að lokuðum dyrum. Eftir að eldurinn kviknaði höfðu þær þrjá möguleika. Þær gátu farið að hurðinni og beðið eftir að þeim yrði hleypt út. Þær gátu farið inn í herbergin sem þær gerðu. Í þriðja lagi gátu þær farið um opnar dyr út í garð,“ segir Sólveig.

Hún segir erfitt að svara því af hverju þær hafi ákveðið að fara inn í herbergi. „Rannsókn málsins verður að leiða það í ljós.“

Slökkviliðið vann gott starf þennan dag. Aðeins um fjórar mínútur liðu frá því tilkynnt var um eldinn þar til fyrsti bíll slökkviliðsins var kominn á staðinn. Skömmu síðar höfðu reykkafarar slökkviliðsins komið stúlkunum út og bjargað þannig lífi þeirra.

„Þetta er það sem gefur starfinu gildi,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri í Reykjavík. „Fyrsti bíllinn kom af stöðinni í Tunguhálsi. Það er stutt að fara og umferðin á þessum tíma var þægileg,“ segir Jón Viðar.

„Við fengum mjög góðar upplýsingar frá starfsfólki Stuðla og vissum því nákvæmlega hvað biði okkar. Því voru reykkafarar klárir um leið og bíllinn stoppaði. Gripu með sér vatnsslöngu og fóru inn.“

Reykkafararnir voru fljótir að finna stúlkurnar og koma þeim út undir bert loft.

Stúlkurnar gistu á Barnaspítala Hringsins aðfaranótt mánudagsins. Að sögn læknis þar fengu þær snert af reykeitrun en með réttri meðhöndlun jöfnuðu þær sig fljótt.

Allt bendir til að um íkveikju hafi verið að ræða. Lögreglan vinnur að rannsókn málsins.

andriv@frettabladid.is



**BRUNARÚSTIR** Miklar skemmdir voru á innanstokksmunum á Stuðlum þar sem eldurinn kom upp. Mikil mildi þykir að ekki fór enn verr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### MEÐFERÐARSTÖÐIN STUÐLAR

- Meðferðarstöðin Stuðlar hefur verið rekin frá því í september árið 1996.
- Á grundvelli barnaverndarlaga ber félagsmálaráðuneytið ábyrgð á að tiltæk séu heimili og stofnanir til að:
a) Veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika.
b) Greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð.
c) Veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota. Meðferð með áherslu á styrkleika og lausnir.
- Á Stuðlum er pláss fyrir átta ungmenni í meðferð og fimm í neyðarvistun.

# Björn Th. Björnsson er látinn

**ANDLÁT** Björn Th. Björnsson, listfræðingur og rithöfundur, lést þann 25. ágúst.

Björn fæddist í Reykjavík þann 3. september 1922 og hefði því orðið 85 ára í næsta mánuði. Björn lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1943. Hann nam listasögu í Edinborg, London og Kaupmannahöfn og kenndi hana síðar á Íslandi. Hann var afkastamikill rithöfundur og eftir hann liggja margar bækur.



**BJÖRN TH. BJÖRNSSON**

Björn sat meðal annars í útvarpsráði og menntamálaráði og var í undirbúningsnefnd um stofnun íslensks sjónvarps. Hann var einnig formaður Rithöfundasambands Íslands og forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands.

### REYKJANESBÆR

**Strætóskýli frá varnarliði** Strætóskýli af fyrrum varnarliðssvæði hafa gengið í endurnýjun lífdaga undanfarið og er nú verið að setja þau upp á leiðum strætisvagna í Reykjanesbæ. Fram kemur á vef bæjarins að því miður hafi óprúttnir aðilar þegar eyðilagt tvö af skýlunum.

### HOLLAND

**Fé gegn öfgum** Hollandsstjórn hyggst verja sem nemur nærri 2,5 milljörðum króna á næstu fjórum árum til stuðnings baráttu gegn öfgum, svo sem af hálfu íslamista og þjóðernissinnaðra hægriöfgamanna. Frá þessu greindi hollenski innanríkisráðherrann, Guusje van Horst, í gær.


BÍLL DAGSINS

NISSAN PRIMERA 1.8

Nýskr. 06.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 36 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Rannsóknin á morðinu á rússneska blaðamanninum Önnu Politkovskaju:

# Tíu grunaðir handteknir

**MOSKVA, AP** Tíu menn hafa verið handteknir grunaðir um að tengjast morðinu á rússneska blaðamanninum Önnu Politkovskaju, en borgardómstóllinn í Moskvu staðfestir aðeins handtöku átta manna. Búist er við að mennirnir verði ákærðir fljótlega.

Júrí Tsaíka, ríkissaksóknari í Rússlandi, segir að tsétsénskur glæpaforingi sem leiði glæpahring í Moskvu og sérhæfi sig í leigumorðum hafi skipulagt morðið á blaðamanninum. Rússnesk lögregla og öryggisþjónusta blandist í málið en einhver utan Rússlands hafi staðið á bak við ódæðið.

Tsaíka hefur eftir rannsakendum að aðeins einstaklingar utan landamæra Rússlands hafi haft hagsmuni af því að myrða blaðamanninn. Þetta er samhljóða yfirlýsingum Pútíns og manna hans sem hafa haldið því fram að óvinir Rússlandsstjórnar erlendis hafi staðið að morðinu til að skaða orðstír rússneskra stjórnvalda.

Politkovskaja var skotin fyrir framan íbúð sína í Moskvu í byrjun október í fyrra. Hún var einn þekktasti blaðamaður og samfélagsgagnrýnandi Rússa en hún hlaut heimsathygli fyrir umfjöllun sína um framgöngu rússneska hersins í Tsétséníu, þátttöku í frelsun gíslanna í Beslan og beitta gagnrýni á Pútín.

Þrettán rússneskir blaðamenn hafa verið myrtir frá því Pútín tók við embætti árið 2000. - ghs



**ANNA POLITKOVSKAJA** Morðið á henni vakti heimsathygli.



**JÚRÍ TSAÍKA** Boðar ákærur fljótlega.



TÍU ÞÚSUND
GLITNISPUNKTAR
FYRIR NÁMSMENN
Það ættu allir námsmenn að safna Glitnispunktum.
Þeir breytast í alls kyns gagnlega hluti, eins og t.d. peninga sem geta óneitanlega komið sér vel. Kynntu þér málið á glitnir.is
Tilboðið gildir til 21. september og er aðeins fyrir 18 ára og eldri.
GLITNIR

## GENGIÐ 27.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,75 | 64,05 |
| Sterlingspund | 128,49 | 129,11 |
| Evra | 87,07 | 87,55 |
| Dönsk króna | 11,698 | 11,766 |
| Norsk króna | 10,956 | 11,020 |
| Sænsk króna | 9,298 | 9,350 |
| Japanskt jen | 0,5481 | 0,5513 |
| SDR | 97,64 | 98,20 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,2069

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enn eru mannabreytingar í ríkisstjórn Bandaríkjanna:

# Alberto Gonzales segir af sér

**BANDARÍKIN, AP** Alberto Gonzales, náinn vinur George W. Bush Bandaríkjaforseta til langs tíma, sagði af sér sem dómsmálaráðherra Bandaríkjanna í gær. Jafnt demókratar sem repúblikanar höfðu vikum saman krafist afsagnar hans.

„Betra seint en aldrei,“ sagði John Edwards, einn þeirra demókrata sem sækjast eftir að verða forsetaefni flokksins í næstu kosningum.

Gonzales hafði verið gagnrýndur fyrir að koma ekki heiðarlega fram gagnvart þinginu þegar hann var kallaður fyrir þingnefndir til að bera vitni og reynt að forðast að gefa rétt svör. Annars vegar var hann krafinn svara í tengslum við umdeildar rannsóknir alríkislögreglunnar FBI á grunuðum hryðjuverkamönnum og hins vegar í tengslum við uppsagnir nokkurra saksóknara.



**GONZALES TILKYNNIR AFSÖGN SÍNA** Bush forseti segir hann hafa sætt ósanngjarnri umfjöllun mánuðum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Michael Chertoff, heimavarnaráðherra, hefur verið nefndur sem arftaki Gonzales. Búist er við því að George W. Bush skýri frá ákvörðun sinni áður en hann heldur til Ástralíu á mánudag.

Gonzales er fjórði lykilmaðurinn í starfsliði Bush forseta sem segir af sér frá því repúblikanar misstu meirihluta sinn í þingkosningum í nóvember á síðasta ári. **- gb**

Forsetakjörið í Tyrklandi:

# Yfirmaður hersins uggandi

**TYRKLAND, AP Yasar Büyükanit, yfirhershöfðingi Tyrklandshers, lýsti því yfir í gær að veraldlegum gildum tyrkneska lýðveldisins væri ógnað af „miðstöðvum hins illa“.**

**Þessa athugasemd birti hershöfðinginn daginn áður en Abdulla Gül utanríkisráðherra úr hinum trúarlega sinnaða stjórnarflokki verður kjörinn forseti lýðveldisins, en kjör hans er nánast formsatriði nú þegar þriðja umferð forsetakjörsins fer fram á Tyrklandsþingi. Aðeins þarf einfaldan meirihluta í henni til að Gül verði réttkjörinn í embættið. - aa**



KOLBRÚN BJÖRNSDÓTTIR

Lífræn heilsuvöruframleiðsla:

# Jurtaapótek fær vottun

**HEILSA** Í gær hlaut Jurtaapótek Kolbrúnar grasalæknis ehf. vottun frá Vottunarstofunni Túni til vinnslu, pökkunar og sölu afurða úr jurtum og jurtaolíum samkvæmt alþjóðlegum reglum um lífrænar aðferðir. Vottunin nær til vinnslu á lífrænum lækningajurtum, te- og kryddjurtum, jurtaolíum og öðrum heilsu- og snyrtivörum.

Með vottuninni bætist Jurtaapótek Kolbrúnar grasalæknis ehf. í hóp 63 bænda og fyrirtækja sem hlotið hafa slíka vottun á síðastliðnum ellefu árum, frá því Vottunarstofan Tún hóf vottun lífrænna afurða á Íslandi. **- sig**

## LEIÐRÉTTING

Þjóðgarðsvörðurinn í Skaftafelli var rangnefndur Ragnar Stefánsson í sunnudagsblaði Fréttablaðsins. Rétt nafn hans er Ragnar Frank Kristjánsson. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Þrjú slys í sömu beygju á rúmu ári

**Formaður rannsóknarnefndar umferðarslysa segir umhugsunarvert að greinilegt sé að menn hafi slasast mikið eftir að hafa kastast á sjónvarp, sem hékk úr lofti rútunnar, af miklu afli. Sex menn hafa gengist undir aðgerð á Landspítala.**

**SLYS** „Það er aflíðandi halli að beygjunni þar sem slysið varð. Á þeim kafla þurfa ökumenn að halda í við bílinn til að koma í veg fyrir að hann renni niður en við það geta bremsurnar ofhitnað og gefið sig. Grunur leikur á því að það hafi gerst í þessu tilviki,“ segir Ágúst Mogensen, forstöðumaður rannsóknarnefndar umferðarslysa, um slysið sem varð þegar rútu var ekið út af á Bessastaðafjalli á Fljótsdalsheiði í fyrradag.

Slysið er það þriðja sem verður á þessum sama stað á síðustu fjórtán mánuðum.

Í rútunni voru þrjátíu og einn maður og var hún á um 60 kílómetra hraða þegar henni var ekið út af veginum. Um fimmtán manns slösuðust og þurftu sex þeirra að gangast undir aðgerð á Landspítalanum í Reykjavík. Björn Zoëga, yfirlæknir á bæklunardeild spítalans, segir engan þeirra hafa verið í lífshættu og engan hafa lamast. Meiðslin séu þó í nokkrum tilvikum þannig að varanleg örkumlun geti hlotist af þeim. Hann sagði þá tvo sem fluttir voru á gjörgæsluna útskrifaða.

Ágúst segir það umhugsunarvert að einn eða fleiri menn hafi greinilega slasast illa eftir að hafa kastast af miklu afli á sjónvarpstæki sem hékk fremst í rútunni. „Sjónvarpið var mjög blóðugt og beyglað. Greinilegt að þar hafa einn eða fleiri menn lent af miklu afli,“ segir Ágúst sem telur að fyrirkomulagi á aukabúnaði sem því þurfi að athuga betur auk þess sem mikilvægt sé að fólk noti bílbelti í langferðabílum.



**AF VETTVANGI** Forstöðumaður rannsóknarnefndar umferðarslysa segir greinilegt að menn hafi slasast illa eftir að hafa skollið á sjónvarp sem hékk úr lofti rútunnar. Fáir eða engir mannanna hafi verið í beltum. FRÉTTABLAÐIÐ / GUNNAR GUNNARSSON

> Sjónvarpið var mjög blóðugt og beyglað. Greinilegt að þar hafa einn eða fleiri menn lent af miklu afli,“ segir Ágúst Mogensen.

Ágúst tekur fram að enn eigi eftir að rannsaka rútuna sjálfa en það verður gert á morgun. Hann segir rannsóknina beinast að veginum, vegstæðinu, hemlum bílsins og því að á svæðinu hafa tvö önnur slys átt sér stað. „Þennan veg þarf að skoða með tilliti til þess að þarna er mikil þungaumferð. Þó að nú sé að draga úr henni á enn eftir að flytja mikið af efni niður af Kárahnjúkum,“ segir Ágúst.

Gísli R. Rafnsson, svæðisstjóri verktakafyrirtækisins Arnarfells, sem er eigandi rútunnar, segir hana hafa verið keypta fyrir um tveimur mánuðum.

Ekki sé vitað til annars en hún hafi verið í góðu ástandi.

**karen@frettabladid.is**



**SPILAÐ** Lögregla stöðvaði pókermót í júní og stendur rannsókn enn yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pókermót enn í rannsókn:

# Ekki upplýst um yfirheyrslur

**LÖGREGLUMÁL** Pókermót sem haldið var um miðjan júní er enn til rannsóknar hjá lögreglu. Lögreglan stöðvaði mótið þegar það var langt komið og lagði hald á verðlaunafé og fleira.

Að sögn Karls Vilbergssonar, lögfræðings hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins, er málið hjá ákærusviði lögreglu, þar sem það hefur verið frá júnílokum.

Karl segir að til standi að rannsaka ákveðna þætti málsins betur áður en það verði sent ríkissaksóknara, sem taki ákvörðun um það hvort ákæra verði gefin út. Forsvarsmaður mótsins var yfirheyrður í júní, en Karl vildi í gær ekki upplýsa hvort fleiri hafi verið yfirheyrðir eða til stæði að yfirheyra aðra. **- bj**

## AFGANISTAN

### NATO-hermenn felldir

Þrír hermenn fjölþjóðlegu NATO-hersveitanna í Afganistan féllu í gær í fyrirsátum og er vegsprengjur sprungu. Árásirnar eru til vitnis um efldar árásir skæruliða talibana gegn stjórninni í Kabúl og hinu erlenda herliði. Tíu skæruliðar féllu einnig í átökum gærdagsins.

## LÖGREGLUFRÉTT

### Bílvelta á Öskjuvegi

Útlendingar á bílaleigubíl veltu bifreiðinni á Öskjuvegi á leiðinni frá þjóðvegi eitt í Herðubreiðarlindir. Að sögn lögreglunnar á Húsavík slasaðist enginn en bíllinn er talsvert skemmdur.






## VEÐURSPÁ




**VÆTUTÍÐ FRAM UNDAN**

Nú með morgninum verður víða bjartviðri en það eru breytingar fram undan. Nálægt hádegi þykknar upp vestan til og þar fer svo að rigna seint í dag eða kvöld. Úrkomubeltið gengur síðan inn á landið í nótt og á morgun verður víða vætusamt á landinu. Sú staða er síðan uppi næstu daga og raunar alveg fram að helgi.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg suðvestlæg átt. Bjart í fyrstu en þykknar svo upp. Rigning síðdegis eða í kvöld. Hiti 8-13 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C hálfskýjað | London | 20°C alskýjað | Friedrichshafen | 24°C skúrir |
| Billund | 17°C léttskýjað | París | 21°C léttskýjað | Basel | 25°C skúrir |
| Osló | 16°C léttskýjað | Amsterdam | 18°C léttskýjað | Alicante | 32°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 15°C rigning | Frankfurt | 21°C alskýjað | Algarve | 25°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 17°C léttskýjað | Berlín | 19°C léttskýjað | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

# **Meira** öryggi




## Fimm stjörnu öryggi

EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★
ADULT OCCUPANT PROTECTION
TOYOTA COROLLA

Corolla hlaut hæstu einkunn, fimm stjörnur,
í evrópska NCAP öryggisprófinu.
Meira rými
Hljóðlátastur í sínum flokki
Framúrskarandi akstursеiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og
reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla
á sölustöðum Toyota um land allt.

**Verð frá 1.899.000* kr.**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 35606 01/07

TODAY TOMORROW TOYOTA

*Corolla SD Terra

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

**KJÖRKASSINN**



*Snertir starfsmannaekla leik- og grunnskóla þína fjölskyldu?*

| | |
|---|---|
| Já | 23,1% |
| Nei | 76,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Surtsey að komast á heimsminjaskrá UNESCO?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Þrír lögregluskólanemar frá Norðurlöndunum á Íslandi í starfsnámi:

# Friðsælla á Íslandi en heima í Danmörku

**FÓLK** „Í Danmörku geng ég með byssu á mér þegar ég er í vinnunni,“ segir Ulla Soerensen, tuttugu og sjö ára gamall lögregluskólanemi frá Danmörku. Hún er í starfsnámi á Íslandi í fjórar vikur og lærir af íslenskum lögreglumönnum og kynnist um leið starfinu hér. Alls eru þrjár konur frá Norðurlöndunum í starfsnámi hér á landi.

Ulla er búin að vera á Íslandi í fimm daga og líkar vel. „Mér finnst lögreglustörfin hér nokkuð svipuð og í Danmörku nema að það er meira um ofbeldisglæpi í Danmörku. Vopnaburður meðal almennings er stórt vandamál í Danmörku og þá er ég aðallega að tala um byssu og hnífa.“ Hún bendir þó á að búið er að breyta lögum í Danmörku þannig að lögreglunni er frjálst að leita á fólki án þess að þurfa sérstakt leyfi og það auðveldi þeim að sporna við ofbeldisglæpum. „Mér finnst mun friðsælla hér en í Danmörku,“ segir Ulla. Hún segir að í Danmörku sé það stefna lögreglunnar að konur séu að minnsta kosti um tuttugu prósent lögreglumanna. Hér á landi eru konur um tíu prósent lögreglumanna. - lbb



**ULLA SOERENSEN** Hún er á Íslandi að fylgjast með íslenskum lögreglumönnum og kynnast störfum þeirra.

Eldur í skipasmíðastöð:

# Kviknaði í einangrun í hurð

**ELDSVOÐI** Neisti frá logsuðutæki kveikti eld í hurð í skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi í gær.

Unnið var að viðgerðum á hurðinni með logsuðutæki þegar neisti barst í einangrun hurðarinnar með þeim afleiðingum að eldur kviknaði.

Slökkviliðið kom á staðinn og var um hálftíma að ráða að niðurlögum eldsins.

Ekki varð mikið tjón á hurðinni né á húsinu samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akranesi.

Eftir að hafa slökkt eldinn reykræsti slökkviliðið húsnæðið. - aví




# Stóru olíufélögin telja matsmann vanhæfan

**Lögmenn olíufélaganna telja Gunnar Haraldsson hagfræðing vanhæfan til þess að meta ávinning olíufélaganna af samráði fyrir útboð á vegum Reykjavíkurborgar árið 1996. Gunnar er hálfbróðir eiginmanns fyrrverandi borgarstjóra.**

**DÓMSMÁL** Lögmenn olíufélaganna telja Gunnar Haraldsson, doktor í hagfræði, vanhæfan til þess að meta ávinning olíufélaganna Olís, Skeljungs og Kers, áður Olíufélagsins, af samráði félaganna fyrir útboð á vegum Reykjavíkurborgar í október 1996. Gunnar er hálfbróðir Ólafs Haraldssonar, eiginmanns Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, fyrrverandi borgarstjóra í Reykjavík. Hún var borgarstjóri frá 1. desember 2004 til 13. júní 2006, og taldist til fyrirsvarsmanns stefnanda í málinu þegar það hófst.

Gylfi Zoëga og Gunnar Haraldsson voru kallaðir fyrir dóminn sem matsmenn af dómstólum til þess að meta ávinninginn af útboðinu. Lögmenn olíufélaganna lögðust gegn því að Gunnar yrði matsmaður vegna fjölskyldutengslanna við Steinunni Valdísi. Þetta hefur verið tekið til greina og verður Gunnar ekki meðal matsmanna í málinu.

Olíufélögin voru dæmd í héraðsdómi til þess að greiða Reykjavíkurborg og fyrirtækjum hennar um 78 milljónir króna í bætur vegna samráðsins en undirbúningur stendur nú yfir vegna fyrirtöku málsins í Hæstarétti. Ekki er ljóst hvenær málið verður tekið fyrir, að sögn Þorsteins Jónssonar, skrifstofustjóra í Hæstarétti.

Við aðalmeðferð málsins, sem fór fram 22. nóvember í fyrra, gagnrýndu lögmenn olíufélaganna það að ekki væru kallaðir til matsmenn í málinu til þess að meta mögulegan ávinning af samráðinu. Dómurinn féllst meðal annars á það atriði í stefnu Reykjavíkurborgar, og fyrirtækja hennar, að það væri olíufélaganna að sanna það að samráðið hafi ekki valdið tjóni.

magnush@frettabladid.is



**HÆSTIRÉTTUR** Undirbúningur vegna málflutnings í Hæstarétti stendur nú yfir en óljóst er enn þá hvenær málið verður tekið fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HARKALEGA DEILT UM MATSSKÝRSLU Í DÓMSAL

Fátítt atvik varð í aðalmeðferð í máli Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar gegn olíufélögunum í nóvember í fyrra. Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður og stjórnarformaður Olís, gerði þá matsskýrslu Jóns Þórs Sturlusonar hagfræðings og núverandi aðstoðarmanns viðskiptaráðherra, óvænt að umtalsefni en hún var ekki hluti af gögnum málsins. Samkvæmt henni var heildarávinningur olíufélaganna af samráðinu fyrir útboðið 37 milljónir króna, um 53 milljónir króna að núvirði. Skýrslan var unnin að frumkvæði Skeljungs og Olís.

Skúli Magnússon, sem var hluti af fjölskipuðum dómi í málinu, spurði Gísla Baldur rækilega úti í það hvers vegna hann væri að vitna í matsskýrsluna. „Hvers vegna eru lögmenn að gera matsskýrslu að umtalsefni sem ekki er hluti af gögnum málsins og liggur eflaust í skúffu út í bæ?“ Gísli Baldur ætlaði sér þá að svara en Skúli hélt áfram: „Vertu ekki að grípa fram í fyrir dómara þegar hann er að spyrja þig spurninga [...] Telur þú þá þessa tölu sem nefnd er í matinu og þú gerðir að umtalsefni, það er 37 milljónir króna vegna útboðsins árið 1996, gefa vísbendingu um hugsanlegan ávinning af samráðinu?“, sagði Skúli og beindi spurningu sinni til Gísla Baldurs. Hann sagði svo ekki vera en var samt sem áður tilbúinn til þess að leggja skýrsluna fram sem hluta af gögnum málsins. Lögmenn Kers og Skeljungs, Oddgeir Einarsson og Hörður F. Harðarson, voru ósáttir við þetta útspil Gísla Baldurs og harðneituðu að setja skýrsluna fram sem hluta af málsgögnum.

Lögmenn olíufélaganna og Samkeppniseftirlitsins tókust á í dómsal:

# Krefjast yfirmatsnefndar

**DÓMSMÁL** Samkeppnisyfirvöld gera kröfu um það að skipuð verði yfirmatsnefnd sem meti ágóða olíufélaganna Skeljungs, Olíss og Kers, áður Olíufélagsins, af samráði félaganna frá 1993 til og með meirihluta ársins 2001. Tekist var á um þessa kröfu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Olíufélögin krefjast þess að ákvörðun um að sekta félögin um 1,5 milljarða króna verði dæmd ógild. Félögunum var upphaflega gert að greiða 2,6 milljarða í stjórnvaldssektir, í október 2004, en Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lækkaði sektirnar niður í 1,5 milljarða.

Félögin höfðu áður gert kröfu um að Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari myndi víkja sæti í málinu, þar sem hún hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að samráðið hefði leitt til hærra verðs á olíu á fyrrnefndu samráðstímabili.

Fjöldi dómsmála vegna samráðs olíufélaganna er í burðarliðnum. Mál Vestmannaeyjabæjar gegn olíufélögunum er í undirbúningi auk máls íslenska ríkisins gegn félögunum en kröfugerð í þessum málum er ekki lokið enn. Þá er þess beðið að niðurstaða fáist í mál Sigurðar Hreinssonar gegn Keri en það þykir fordæmisgefandi fyrir mál tæplega tvö hundruð einstaklinga sem vilja fá bætur vegna samráðs félaganna. Þá bíða nokkur fyrirtæki, þar á meðal Icelandair og ÍSAL, eftir niðurstöðu Hæstaréttar í máli Reykjavíkurborgar þar sem það byggir að hluta til á sömu forsendum og mögulegt mál fyrrnefnda fyrirtækja myndu byggjast á. - mh



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Lögmenn tókust á um samráðsmál í dómsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hvað þarf marga Íslendinga til að skipta um peru?*



## IKEA býður mesta úrval landsins af sparperum. Þær endast 10 sinnum lengur en hefðbundnar ljósaperur og eru á frábæru verði.

Með því að skipta út gömlu perunum fyrir sparperur geta Íslendingar minnkað raforkukostnað sinn umtalsvert.

| **Kostnaður fyrir eitt heimili:** | |
|---|---|
| 20 hefðbundnar perur á ári | 9.512 kr. |
| 20 sparperur á ári | 2.097 kr. |
| **Mismunur sem sparast:** | **7.415 kr.** |

| **Kostnaður fyrir Ísland (107.000 heimili):** |
|---|
| 2,14 millj. hefðbundnar perur á ári 1.017.784.000 kr. |
| 2,14 millj. sparperur á ári 224.379.000 kr. |
| **Mismunur sem sparast:793.405.000 kr.** |

Viðmiðunarverð: Hefðbundin pera 60W: 50 kr. Sparpera 11W: 200 kr. Miðað er við 5 klst. meðaltalsnotkun á dag á hverri peru. Hefðbundin pera endist að meðaltali í 6 mánuði, en sparpera í 5,5 ár.
**Sjá nánar á www.IKEA.is/spar**



* Í raun bara einn. En til að spara rúmlega 793 milljónir kr. á ári með minni rafmagnsnotkun og færri peruskiptum ættu allir Íslendingar að sameinast um að skipta yfir í sparperur frá IKEA.

IKEA®

Enn ein snjöll lausn frá IKEA

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða stjórnmálaflokkur lofaði framhaldsskólanemum ókeypis skólabókum fyrir síðustu kosningar?*
2. *Hvar á Íslandi stendur til að stofna refasetur á næstu árum?*
3. *Hvaða bandaríska tímarit heldur því fram að Ísland sé ofmetinn áfangastaður?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Japanar og Kínverjar keppast um að verða á undan til tunglsins:

# Asíukapphlaupið til tunglsins

**JAPAN, AP** Japanar segja sín áform þau viðamestu síðan Bandaríkjamenn fóru til tunglsins með Apollo. Kínverjar ætla að rannsaka yfirborð tunglsins til undirbúnings þess að þeirra menn verði sendir til tunglsins.

Aðalspurningin snýst þó um það hvorir verði á undan, Japanar eða Kínverjar. Bæði ríkin ætla að senda fyrstu könnunarflaugar sínar af stað á næstunni, hugsanlega strax í næsta mánuði. Þar með er kapphlaupið hafið.

„Ég vil ekki gera úr þessu neitt mál um það hver sigrar eða tapar,“ sagði Yasunori Motogawa hjá japönsku geimferðastofnuninni JAXA. „En hverjir svo sem fara fyrr á loft, þá hefur japanska verkefnið yfirburðina hvað alla tækni varðar.“

Geimferðaáætlun Kínverja hefur tekið stórt stökk á síðustu árum. Kínverjar hristu til dæmis heldur betur upp í nágrannaríkjunum árið 2003 þegar þeir urðu fyrsta Asíuríkið til að senda eigin geimfara á braut umhverfis jörðu.

Japanar hafa hins vegar fylgt fast á hæla Kínverja og luku síðastliðinn vetur við að koma sér upp kerfi fjögurra njósnagervihnatta sem geta fylgst með öllu yfirborði jarðar.

Fyrirhugaðar tunglferðir Japana og Kínverja eru þó metnaðarfyllstu geimferðaráætlanir Asíuríkja frá upphafi.

**- gb**



**Á LEIÐ TIL TUNGLSINS** Japanar ætla að senda fyrstu könnunarflaug sína af stað til tunglsins 13. september næstkomandi. Hér sést hvernig flaugin á að líta út. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**Dagleg þrif eru leikur einn**

– með Unique örtrefjamoppum og klútum



**Unique örtrefjamoppusettið** byggir á tveimur mismunandi moppugerðum.
**1 stk.** hvítri þurrmoppu sem er notuð til þess að sópa. Moppan dregur í sig óhreinindi og ryk með því að mynda stöðurafmagn.
**2 stk.** bláum blautmoppum sem eru notaðar til þess að þvo öll hörð gólfefni.

Unique örtrefjamoppusettið 2.980 Kr. vörunr. 63240

Moppugrind með frönskum lás

Stillanlegt skaft

Unique örtrefjaklútasett 557 Kr. vörunr. 63242

örtrefja**glerklútur** örtrefjaklútur

**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

UniqueRV 0807/01


Viðbúnaðaræfing við fuglaflensu í undirbúningi:

# Viðbúnaður við faraldri

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þessi æfing er að mínu mati gríðarlega mikilvæg og ég veit að ég er ekki einn um þá skoðun eins og skýrsla Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar ber með sér,“ segir Haraldur Briem sóttvarnarlæknir um fyrirhugaða viðbragðsæfingu á Íslandi. Búa á yfirvöld undir heimsfaraldur fuglaflensunnar.

Ætlunin er að hafa æfinguna þann 14. september og mun hún ná til æðstu stjórnar landsins, sóttvarnarlæknis, almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra, samhæfingarstöðvar lögreglustjóra, sóttvarnarlækna í héraði og almannavarnanefnda. Búið er að kortleggja helstu markmið og óháðir aðilar vinna að því að útbúa ímyndaða atburðarás sem brugðist verður við þennan dag.

Í nýrri ársskýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar segir að smitsjúkdómar dreifist nú hraðar á milli manna en nokkru sinni fyrr og varað er við aukinni hættu á heimsfaraldri.

„Þótt ekki sé mikið rætt um hættuna af fuglaflensu nú fæ ég næstum daglegar fréttir af því að fólk deyi vegna hennar í Indónesíu,“ segir Haraldur. „Almenningur verður ekki var við þessa æfingu, þetta er aðallega til að prófa boðskipti og birgðir í landinu. En þetta snertir alla þætti þjóðlífsins en á þessu stigi viljum við ekki prófa þetta meðal almennings,“ segir Haraldur en bendir á að síðar meir þurfi að kanna viðbrögð almennings og hjálparsveita í landinu.

**- kdk**



**HARALDUR BRIEM**


LJÓSASALA

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ KAUPA ÞAÐ SEM ÞIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í

LUMEX

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

# IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR





**Þrýstijöfnun er lykilorðið**

## Ein besta heilsudýna í heimi

iq-care.com

**IQ-CARE** aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.
**IQ-CARE** er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
**IQ-CARE** er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.
**IQ-CARE** aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
**IQ-CARE** er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.
**IQ-CARE** þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

## VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

## S-CAPE

WALLHUGGER



**Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 369.900 stgr.**

Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.

- Toppurinn frá stærsta framleiðanda heims.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðlátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðamót úr nylon.
- 12 ára ábyrgð.

## Sumartilboð

**Rýmum fyrir nýjum gerðum.**
**Gildir á meðan birgðir endast.**

SWISSFLEX

50 ára reynsla



### Loftrúm án rafmagns

**Hjónarúm með ViscoX heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 169.900 stgr.**

### Ný teppasett frá Canete



## PROFLEX



**Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 219.900 stgr.**

Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi, hjá Svefn & heilsu. Frábær reynsla.

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.



Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best
Nú bæði í Reykjavík og á Akureyri

## ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ SOFA OG HVÍLAST VEL




Svefn & heilsa ★★★★★

AKUREYRI



DÍSA Í WORLD CLASS




Svefn & heilsa ★★★★★

REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

MCSA
2003 NETSTJÓRNUN

Frábært nám með vinnu!

Microsoft Certified Systems Administrator er spennandi kostur fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa.

Markmiðið með náminu er að nemendur geti að námi loknu tekið þau fjögur alþjóðlegu próf sem þarf til að öðlast MCSA gráðuna og eru þau öll innifalin í námskeiðsgjaldi. Nánari upplýsingar á ntv.is

150 stundir - Verð: 299.000.-
Helgarnámskeið byrjar 8. september

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

# Kanna hvort íkveikjur teljist hryðjuverk

**Skógareldarnir í Grikklandi hafa kostað meira en 60 manns lífið. Einn maður hefur verið ákærður fyrir morð og íkveikjur og nokkrir fyrir að hafa kveikt í af gáleysi. Viðbrögð stjórnvalda verða hitamál fram að kosningum 16. september.**

Meira en 60 manns hafa látið lífið í skógareldunum í Grikklandi síðan á föstudag. Grunur leikur á að sumir eldarnir stafi af íkveikjum og hafa nokkrir menn verið handteknir, flestir sakaðir um að hafa kveikt í af gáleysi.

Einn hefur þó verið ákærður fyrir íkveikju og morð í tengslum við bruna á föstudaginn í borginni Aeropolis, þar sem sex manns létust.

Í gær hóf Dmitris Papangelopoulos saksóknari rannsókn á því hvort „glæpir brennuvarga og þær íkveikjuárásir sem framdar hafa verið sumarið 2007“ falli undir lög um hryðjuverkavarnir, en þá fengju lögregluyfirvöld víðtækari heimildir til að rannsaka og handtaka grunaða íkveikjumenn.

Á sunnudaginn bauð ríkisstjórn Grikklands að veita verðlaun, sem nema einni milljón evra, hverjum þeim sem kemur með upplýsingar sem leiða til handtöku brennuvarga.

Skógareldar urðu einnig í Grikklandi fyrr í sumar, en eldarnir núna eru þeir alverstu í manna minnum.

Úti um allt Grikkland, allt frá Evros í norðri til eyjanna Korfu og Kefaloníu í vestri og allt suður á Pelópsskaga hefur mátt sjá gamla sem unga grípa garðslöngur, vatnsfötur og trjágreinar til að berja niður eldtungurnar í örvæntingarfullri tilraun til að bjarga húsunum sínum.



**UNNIÐ AÐ SLÖKKVISTARFI** Gríðarlega margir slökkviliðsmenn hafa unnið að því að halda skógareldunum í Grikklandi í skefjum. NORDICPHOTOS/AFPF

Í þorpinu Artemida á vestanverðum Pelópsskaga dó kona ásamt fjórum börnum sínum. Þau hefðu bjargast ef þau hefðu haldið sig heima, því húsið þeirra var eina húsið sem stóð eftir óskemmt þegar eldurinn hafði farið hamförum um þorpið.

„Þetta er gríðarlegt umhverfisslys,“ segir Theodota Nantsou hjá Alþjóðanáttúruverndarsjóðnum WWF. „Við höfum þessa eldfimu blöndu af óhagstæðum veðurskilyrðum, stráþurra skóga – svo annað eins hefur ekki sést árum saman – og svo hamslausir vindar síðustu tvær vikurnar. Þetta er uppskrift að bruna landsins alls.“

Eldarnir hafa vakið mikla reiði í Grikklandi og verða væntanlega eitt helsta hitamálið fyrir þingkosningarnar 16. september næstkomandi. Margir saka stjórnvöld um að hafa ekki brugðist nógu hratt við.

Skógareldar hafa einnig geisað í sunnanverðri Búlgaríu og fórust þar tveir menn um helgina.

gudsteinn@frettabladid.is

capacent

MARKVISS MANNAUÐSSTJÓRNUN
NÝTT NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Námið hentar sérstaklega stjórnendum sem vilja auka þekkingu sína á mannauðsstjórnun. Í náminu er lögð áhersla á þarfir, aðstæður og reynslu íslenskra fyrirtækja þegar mannauðsstjórnun er annars vegar. Þátttakendur fá í hendurnar hagnýt tæki og tól sem þeir geta nýtt strax í starfi sínu.

Námið skiptist í eftirfarandi hluta:
1. Markviss mannauðsstjórnun og innri markaðssetning.
2. Starfsmannaval og móttaka nýliða.
3. Verkfærakista mannauðsstjórans.
4. Kjaramál og samningatækni.
5. Frammistöðumat, laun og umbunarkerfi.
6. Hvatning, fyrirtækjabragur og starfsánægja.
7. Heilsufar og streita.
8. Starfsþróun – Hæfnisstjórnun.
9. Starfslok og krísustjórn.

Námið hefst 13. september. Hægt er skrá sig í námið í heild sinni eða ákveðna hluta.
Heildarverð: 270.000 kr.

Hægt er að sækja um styrk hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga.
Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is,
namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

www.capacent.is



„Mannauðsstjórnun virkjar mikilvægustu auðlind fyrirtækis, starfsfólkið.“
Fjóla María Ágústsdóttir, ráðgjafi hjá Capacent Ráðgjöf.

Dvöl til bráðabirgða í 22 ár:

## Furusneið fær nýtt heimili

**UTANRÍKISMÁL** Sneið af risafuru sem komið var fyrir í Háskólabíói til bráðabirgða árið 1985 hefur loks fengið framtíðarheimili í hinu nýstofnaða Náttúruminjasafni Íslands. Árið 1985 fékk Náttúrufræðistofnun Íslands sneiðina til varðveislu eftir að ríkisstjórn Bandaríkjanna gaf íslensku þjóðinni hana að gjöf í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974.

Náttúruminjasafn Íslands er ekki enn komið í eigið húsnæði og því verður sneiðin til sýnis í Náttúrufræðistofu Kópavogs í bili. **- ibb**

Selasetur Íslands á Hvammstanga stóð fyrir óvenjulegri talningu um helgina:

# Töldu 727 seli við Vatnsnes

**NÁTTÚRA** Selasetur Íslands á Hvammstanga stóð fyrir selatalningu við Vatnsnes frá hádegi og til klukkan fjögur á laugardag. Markmiðið með talningunni var að telja heildarfjölda sela við nesið.

„Þetta er í fyrsta skipti sem við tökum svona heildartalningu á Vatnsnesi,“ segir Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, framkvæmdastjóri setursins. Hún segir að svæðið sem talið var á sé á bilinu 60 til 70 kílómetrar. „Svæðinu var skipt niður í leiðir og hver fékk sína leið. Svo gekk fólkið meðfram ströndinni og taldi selina,“ segir hún. Tímarammi talningarinnar var strangur. Ástæðu þess segir Hrafnhildur vera að á þessum tíma sé fjara og þá séu selirnir frekar á þurru landi. Erfitt hefði reynst að telja selina þegar þeir væru í sjónum.

Sjálfboðaliðar í selatalningunni voru um 30, sá yngsti fjögurra ára og sá elsti á áttræðisaldri. Alls voru taldir 727 selir við Vatnsnes, þar af voru tveir útselir. Að talningunni lokinni var svo boðið upp á veitingar og skoðunarferð um Selasetrið. **- þeb**



**SELIR** Selirnir á Vatnsnesi halda sig oft á þurru landi meðan fjara er.



**RIDDARAR HÁLOFTANNA** Gullsleginn kirkjuturn við Zhukovsky-herflugvöllinn utan við Moskvu ber við himin er Russkie Vityazi-flugsveitin (Rússnesku riddararnir) leikur listir sínar á Su27-orrustuþotum á flugsýningunni MAKS 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SURAYUD CHULANONT** Bráðabirgðaforsætisráðherra Taílands.

Stjórnmál í Taílandi:

## Stefnt að kosningum í árslok

**TAÍLAND, AP** Bráðabirgðaforsætisráðherra Taílands, sem skipaður var af herforingjunum sem tóku völdin í landinu í fyrrahaust, lýsti því yfir í gær að halda ætti þingkosningar hinn 23. desember. Áður hafði landskjörstjórnin lagt þessa dagsetningu til. Formleg verður hún fyrst eftir að konungurinn hefur staðfest hana.

Með kosningunum yrði mikilvægt skref stigið í átt að endurreisn lýðræðis í landinu, en jafnframt fela þær í sér hættu á því að fylgismenn Thaksins Shinawatra, forsætisráðherrans fyrrverandi sem herinn steypti í september í nafni þess að uppræta spillingu í landsstjórninni, komist aftur til áhrifa. **- aa**

Húsfriðunarnefnd:

## Fundafjöld um Alliance-húsið

**UMHVERFISMÁL Húsafriðunarnefnd fjallaði á alls fimm fundum af átta árið 2006 um Alliance-húsið á Grandagarði í Reykjavík. Hún kynnti sér varðveislu þess, ástand og nýtingarmöguleika. Þetta kemur fram í ársskýrslu húsafriðunarnefndar. Eftir ítarlega umfjöllun samþykkti nefndin að leggja til við menntamálaráðherra að húsið yrði friðað.**

**Af friðuðum húsum sem nefndin hafði afskipti af á árinu eru þau helstu nefnd í skýrslunni en þau eru: Landakirkja í Vestmannaeyjum, Eskifjarðarkirkja hin gamla, Viðeyjarstofa, Akraneskirkja, Fríkirkjan í Reykjavík, Þjóðleikhúsið, Laugavegur 1 og Aðalstræti 10 í Reykjavík.** **- ibb**

### BANDARÍKIN

**Aftökur í Texas**

DaRoyce Mosley, fangi í Texas, verður tekinn af lífi með eitursprautu í dag, þriðjudag. Mosley var dæmdur fyrir þátttöku í vopnuðu ráni þar sem fjórir voru skotnir til bana. Hann verður 22. fanginn sem líflátinn er í Texas í ár. Þrjár aftökur til viðbótar eru áformaðar þar í vikunni.




Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

AUKANÁMSKEIÐ
VEGNA MIKILLAR AÐSÓKNAR

Frábært nám fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi eða eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé.

Í náminu er lögð mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Skrifstofu- og tölvunám

- Windows stýrikerfið • Word ritvinnsla • Excel töflureiknir
- Power Point kynningarefni • Access gagnagrunnur • Bókhald
- Tölvubókhald Navision MBS® • Internetið & Tölvupóstur
- Verslunarreikningur • Tímastjórnun og markmiðasetning
- Streitustjórnun • Atvinnuumsóknir • Sölutækni og þjónusta
- Auglýsingatækni • Gerð birtingaráætlana • Framsögn og framkoma
- Markhópagreining • Mannleg samskipti • Gagnvirk tenging forrita
- Flutningur lokaverkefnis

258 stundir - Verð: 233.000.-
Örfá sæti laus á morgunnámskeiðin 3. september. Búið er að bæta við kvöld- og helgarnámskeiði sem byrjar 4. september.

ntv

# Starfsendurhæfing verði efld stórlega

**Fyrirhugaðar breytingar á veikindaréttindum á almennum vinnumarkaði eiga að stuðla að aukinni starfsendurhæfingu og endurmenntun ef þær ná fram að ganga. „Verðum að sjá hvað er í pokanum," segir framkvæmdastjóri ASÍ.**

**VINNUMARKAÐUR** Öryrkjum hefur fjölgað mikið síðustu ár, ungum konum hlutfallslega mest. Öryrkjar á aldrinum 16-66 ára voru rúmlega ellefu þúsund talsins árið 2003, þar af tæplega sjö þúsund konur. Árið 2006 voru öryrkjarnir ríflega þrettán þúsund, þar af rúmlega átta þúsund konur.

Unnið er að breytingum á slysa- og veikindaréttindum og er stefnt að því að taka þær inn í samningaviðræður í haust. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að áherslan sé á að auka og efla starfsendurhæfingu og endurmenntun þeirra sem vilja komast aftur út á vinnumarkaðinn og gera það sem fyrst eftir að skaðinn verður.

„Starfsendurhæfingin hefur verið alltof lítil og fáir fengið tækifæri til að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Fólk sem hefur orðið fyrir skaða þarf að fá tækifæri til að endurþjálfa sig og endurmennta. Í þessu höfum við Íslendingar ekki staðið okkur nægilega vel samanborið við aðrar þjóðir."



**VERÐUM AÐ KLÁRA VIÐRÆÐURNAR** „Við verðum að klára viðræðurnar og sjá hvað er í pokanum," segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

**FJÖLGUN KVENNA Í HÓPI ÖRYRKJA**

- Konur á aldrinum 20-39 ára sem hlutfall af íbúafjölda 2003-2006




Gylfi segir að kostnaður samfélagsins af örorku hafi farið hratt vaxandi. Að sama skapi sé fátækt langmest meðal öryrkja. Einstaklingur sem sé á bótum í þrjátíu ár fái tæplega 40 milljónir á þeim tíma. Eftir miklu sé að slægjast. „Réttindi þeirra sem búa við þennan vanda eru alltof bágborin og ljóst að hægt er að aðstoða fleiri til að komast aftur til starfa með því að bjóða upp á raunveruleg úrræði í endurhæfingu. Þó að það hafi aukist þá er það engan veginn nóg," segir hann.

Andstaða hefur verið við hugmyndirnar innan verkalýðshreyfingarinnar og óánægja með vaxandi tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Gylfi kannast við tortryggni og efasemdir „en það hefur enginn sagt að það ætti að hætta þessari vinnu. Þegar niðurstaða fæst geta menn tekið afstöðu til þess. Það er margt forvitnilegt í þessu. Öll erum við með fyrirvara og erum bara að skoða þetta. Við verðum að klára viðræðurnar og sjá hvað er í pokanum. Umboðið liggur klárlega hjá einstökum stéttarfélögum og enginn sem fer í grafgötur með það."

Kröfugerð fyrir komandi kjarasamninga er í undirbúningi og má búast við kröfum um miklar launahækkanir. Stefnt er að samningum til tveggja ára.

ghs@frettabladid.is

SETTU VALLARMET
29. ÁGÚST
Á HAUKADALSVELLI



Golfklúbburinn Geysir í samstarfi við Kaupþing býður þér að taka þátt í vallarmetsmóti.
Ekkert skráð vallarmet er á vellinum.

**Ræst** verður út á öllum teigum **miðvikudaginn 29. ágúst kl. 10.00** og aftur **kl. 15.30** ef fjöldi þátttakanda verður nægur.

**Skráning er hafin á golf.is**

Sjá frekari upplýsingar um völlinn á www.geysirgolf.is

KAUPÞING

Þróunaraðstoð Svía:

# Þiggjendalöndum fækkað

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænsk stjórnvöld hyggjast í áföngum hætta að veita yfir 30 löndum þróunaraðstoð, þar á meðal Suður-Afríku og Víetnam, en leggja þess í stað þeim mun meiri áherslu á stuðning við fátækustu lönd Afríku. Þetta er meðal breytinga á þróunaraðstoðarstefnu Svía sem kynntar voru í gær. Eftir breytingarnar fækkar löndum sem þiggja sænska þróunaraðstoð úr 70 í 33.

Svíar eru með stærstu veitendum þróunaraðstoðar í heiminum, en þeir verja yfir einu prósenti þjóðarframleiðslu sinnar til hennar. - aa

Reyndasti þyrlulæknir Landspítalans hefur sagt upp störfum:

# Of mikið álag fyrir einn lækni í þyrlubjörgun

**HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA** „Ég tel mér ekki fært að starfa við þetta miðað við þær aðstæður sem skapast hafa,“ segir Friðrik Sigurbergsson læknir, sem hefur verið viðloðandi björgunarstörf í þyrlum Landhelgisgæslunnar síðan árið 1986.

Við brotthvarf bandaríska hersins var Landhelgisgæslu falið aukið hlutverk við björgunarstörf. Tvær þyrlur, í stað einnar áður, flytja nauðstadda utan af landi eða hafi og í sjúkrahús. Samningur milli Landhelgisgæslu og Landspítala var hins vegar ekki endurskoðaður, en samkvæmt honum er einn læknir á bakvakt hverju sinni. Að öðru leyti eru tvær áhafnir á þyrlunum.





**BJÖRN BJARNASON,** dómsmálaráðherra.

**ÞYRLA LANDHELGISGÆSLUNNAR** Landhelgisgæslunni var falið aukið hlutverk við björgunarstörl við brotthvarf hersins.

„Þegar áhöfnin er komin í hvíld er læknirinn enn að vinna og það er of mikið álag fyrir einn lækni að manna báðar þyrlurnar. Komi tvö útköll á sama tíma þarf að leita að öðrum lækni og annaðhvort finnst hann eða ekki,“ segir Friðrik.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra var spurður í tölvupósti í síðustu viku hvort hann teldi þörf á að fjölga læknunum, í ljósi aukinna umsvifa Landhelgisgæslunnar. Hann svaraði því ekki en sagðist ekki efast um að Landspítalinn stæði við sinn hluta samningsins.

Hann treysti sér ekki til að svara spurningum um hugsanlegar uppsagnir læknanna. - kóþ



**NÝ STJÓRN** Shinzo Abe ásamt nýjum ráðherrum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stokkað upp í Japansstjórn:

# Reyndir íhaldsmenn taka við

**JAPAN, AP** Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, stokkaði upp í ríkisstjórninni í gær í því skyni að freista þess að endurheimta fylgi sem stjórnarflokkurinn missti í kosningum sem fram fóru í liðnum mánuði. Hann skipaði reynda íhaldsmenn í nokkur helstu áhrifaembættin í stjórninni og flokksforystunni.

Stuðningur kjósenda við hinn unga Abe hefur hrunið á undanförnum mánuðum í kjölfar mistaka og hneykslismála nokkurra ráðherra. Þrýst var á hann að skipa reynda menn sem nytu virðingar og trausts til að bæta ímynd stjórnarinnar. - aa



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST** Skólinn verður 89 ára á þessu ári en hann verður settur á mánudaginn.

900 umsóknir í ár:

# Metfjöldi nema á Bifröst

**MENNTUN „Skólinn hefur gott orð á sér og það endurspeglast í þessum umsóknarfjölda,“ segir Ágúst Einarsson, rektor á Háskólanum á Bifröst.**

**Aldrei hafa jafn margir nemendur verið í Háskólanum á Bifröst og í ár en þeir eru ellefu hundruð talsins. Í haust sóttu 900 manns um skólavist og hafa umsóknir aldrei verið fleiri. 600 nemendur voru teknir inn en 300 manns þurfti að hafna. Ágúst segir skólann njóta góðs af almennum áhuga til náms. „Við erum sérstaklega ánægð með þessa stöðu. Við finnum fyrir mikilli ánægju meðal nemenda enda eru þeir besti mælikvarðinn.“** - lbb

KÁRAHNJÚKAVIRKJUN

## Enn met hjá bor 2

Áhöfnin á bor 2, sem nú borar aðrennslisgöng Jökulsárveitu á Kárahnjúkum, bætti eigið heimsmet um 9,5 metra þegar boraðir voru 115,6 metrar á einum sólarhring á fimmtudag. Eldra metið var sett í júní síðastliðnum þegar boraður var 106,1 metri á sólarhring.


www.volkswagen.is




4 Gb iPod Nano fylgir öllum nýjum Volkswagen Fox.

Fox iPod Bluetooth

Í **Volkswagen Fox** er iPod-tengi svo þú hefur uppáhaldstónlistina þína alltaf við höndina. 4 Gb Ipod Nano fylgir öllum nýjum Fox-bílum. Hann er líka með Blátannarbúnaði (Bluetooth) þannig að þú getur talað handfrjálst við alla sem þú þarft að ná í.

Volkswagen Fox reyndist öruggasti bíllinn í sínum stærðarflokki í nýlegu árekstrarprófi ADAC í Þýskalandi og fékk fjórar stjörnur af fimm mögulegum.

Svo er Fox náttúrulega flottur, lipur og

**kostar bara 18.965 kr. á mánuði.***

*M.v. 50.000 kr. útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar í 84 mánuði. Verð 1.390.000 kr.

Komdu og prófaðu hann.

**Volkswagen Fox er grænn bíll**

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

## „ORÐRÉTT“

### Góður endasprettur

**„Þegar fór síðan að kólna aftur þá dúndraði ég áfram og tók rosalega gott hlaup síðustu átta tímana.“**

BÖRKUR ÁRNASON UM MONT BLANC-FJALLAÞOLHLAUPIÐ, SEM ER 163 KÍLÓMETRA LANGT OG HANN HLJÓP Á TÆPUM 36 KLUKKUSTUNDUM.

**Fréttablaðið 27. ágúst**

### Vont þótt það venjist

**„Vegna þess hvar ég bý hef ég vanist tilhugsuninni um að dópsali noti tröppurnar hjá mér [...] til að selja vöru sína.“**

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR BLAÐAMAÐUR UM ÁSTANDIÐ Í GRENND VIÐ HEIMILI HENNAR Í MIÐBORGINNI.

**Morgunblaðið 27. ágúst.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR SÖNGKONA

## Gaman að sjá lögin lifna við



„Af mér er allt mjög fínt að frétta. Ég er akkúrat núna í upptökustúdíóinu að taka upp plötu. Þetta er mjög spennandi verkefni en á plötunni verður fullt af nýjum lögum eftir mig,“ segir Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona en hún byrjaði á plötunni í síðustu viku. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég vinn þetta sjálf algjörlega frá grunni og það er ofsalega gaman að sjá lögin sín lifna við. Ég byrjaði að semja lög og texta í sumar. Ég hef þó áður samið texta og lag með öðrum en nú er ég meira að gera þetta ein. Ég og Karl Olgeirsson stöndum saman að plötunni og lög og textar eru eingöngu eftir okkur.“

Regína hefur ferðast mikið um landið í sumar. „Ég er búin að vera með söngnámskeið úti á landi og verið mikið á Akureyri og á Eskifirði. Ég er yfirkennari í Söngskóla Maríu Bjarkar og við förum alltaf út á land á sumrin og höldum söngnámskeið. Í vetur stefni ég á að kenna í söngskólanum og fylgja plötunni eftir. Ég ætla líka að spila með hljómsveitinni minni sem heitir Júróbandið og það er alltaf mikið stuð. Við ætlum að spila á nokkrum böllum og öðrum uppákomum í vetur. Þar fær maður útrás fyrir Eurovision-fíknina.“

## TORFUSAMTÖK: VERNDA GÖMUL HÚS

■ Torfusamtökin hafa verið nokkuð í fréttum síðustu daga út af niðurrifi húsa við Laugaveg 4 til 6. Markmið samtakanna er meðal annars að lífga áhuga á gildi íslenskrar byggingararfleifðar og að auka skilning almennings og ráðamanna á þeim verðmætum sem hún býr yfir. Samtökin vilja vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í húsvernd og uppbyggingu gamalla húsa því íslensk byggingararfleifð eigi að vera eftirsóttur hluti þeirra gæða sem gera borg og bæ að menningarsamfélagi.



## SJÓNARHÓLL

**ÍSLAND OFMETINN ÁFANGASTAÐUR?**

### Jan Mayen ofmetinn



**KARL SIGURÐSSON** Baggalútur

„Ég held að tímaritið Foreign Affairs sé bara eitthvað ofmetið,“ segir Karl Sigurðsson Baggalútur. Bandaríska tímaritið Foreign Affairs heldur því fram að Ísland sé einn af ofmetnustu ferðamannastöðum heims, þar verði fólk að vera reiðubúið að greiða tíu dollara fyrir bjór og engar líkur séu á því að rekast á Björk á skemmtistöðunum. „Ég borga yfirleitt bjórinn í krónum og hef rekist á Björk. Þannig að ég er ekki alveg sammála þessu. Mér finnst verst að rekast aldrei á Damon Albarn. Þeir segja að sumarbirtan, náttúran og Bláa lónið séu stórlega ofmetin. Þetta er rosalegt. Það er kannski satt að verðlagið sé hátt en rólegir með yfirlýsingagleðina,“ segir Karl. „Annars finnst mér Jan Mayen til dæmis alveg sjúklega ofmetinn staður og skil ekki af hverju hann er ekki á listanum. Linz í Austurríki, fæðingarbær Adolfs Hitlers, er líka mjög ofmetinn ferðamannastaður. Þar bjóst ég við að sjá styttu af sjálfum foringjanum og varð fyrir miklum vonbrigðum með að finna hana ekki.“

# Stjórna byggingarkrana í hundrað metra hæð

**Það er ekki fyrir lofthrædda að stjórna byggingakrananum sem stendur við turn sem rís við Smáratorg. Þar stýra menn krananum í hundrað metra hæð á tólf tíma vöktum.**

„Það er mjög fínt að vinna þarna uppi. Aðstaðan er góð og það fer vel um mann,“ segir Gunnlaugur Guðmundsson hjá Jáverkum en Gunnlaugur er þrautreyndur kranastjóri. Þegar þess þarf leysir Gunnlaugur af þá tvo menn sem skiptast á að stýra krananum. Kranastjórarnir vinna á tólf tíma vöktum. Þeir taka með sér nesti sem þeir borða í kaffitímum.

Gunnlaugur segir að með hléum taki það um tíu mínútur að klifra upp í kranann. „Núna erum við með brú úr krananum inn á sautjándu hæðina þannig að maður þarf ekki að klifra jafn mikið. Þá á maður samt eftir að fara niður alla stigana niður á jörð,“ segir hann.

Hann segir að það sé ekkert slæmt að vera uppi í krananum þegar vindar blási. „Þessi krani er mjög duglegur í vindi þannig að maður finnur ekki mikið fyrir því þótt það blási. Svo hættum við að hífa og förum niður ef það verður of hvasst.“

Á vaktaskiptum er kranastjórinn, sem er að koma á vakt, hífður upp á efstu hæð, sem er núna sú nítjánda. Þaðan labbar hann niður á þá sautjándu, út á kranann og klifrar upp í stjórnhús. Fyrsta verkið er síðan að slaka hinum kranastjóranum niður á jörð.

„Það eru núna á bilinu 140 til 160 manns við vinnu hérna allan sólarhringinn og verða örugglega hátt í 200 þegar mest verður,“ segir Júlíus Finnsson, verkefnisstjóri Jáverka í Smáratorgi.

Samkvæmt áætlun verður turninn risinn og tilbúinn að utan um miðjan október næstkomandi. Þá verða verslanir opnaðar á neðstu hæðunum. Fyrir og eftir áramót verða síðan hæðirnar í turninum sjálfum tilbúnar og teknar í notkun. **andriv@frettabladid.is**



**STJÓRNHÚSIÐ** Gunnlaugur segir að það fari mjög vel um kranamennina þarna uppi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**KRANINN** Hæsti punktur kranans er í um 110 metra hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÚTSÝNI** Á efstu hæðinni verður veitingastaður með glæsilegu útsýni yfir borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**VERKEFNISSTJÓRINN** Júlíus Finnsson verkefnisstjóri í 90 metra hæð með turninn í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Montreal í ágúst og september. Þetta er frábært tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi timinn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

**Frábært verð**

**Verð kr. 29.990**
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum.

**Verð kr. 49.990**
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Travelodge Montreal *** m/morgunverði í 7 nætur.

**Verð kr. 59.990**
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Hotel Delta Centre Ville **** í 7 nætur.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

SUMAR TILBOÐ!

30-50% AFSLÁTTUR!

# BAÐ

## INNRÉTTINGAR











Hvítt háglans innrétting 140 x 48 sm | Ölur á MDF 125 x 48 sm | A 7121 110 breidd x 42 dýpt | Hvít eik á MDF 120 x 48 sm








VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT!

FJÖLDI UPPSTILLINGA-MÖGULEIKA




Eplaviður á MDF 152x48 sm | Ölur á MDF 182x48 sm | A-827 85 x 50 sm | Hvítt háglans 120x48













Hlynur á MDF 102 x 48 sm | A-826 60 x 50 sm | Hnota á MDF 120 x 48 sm | Hvítt háglans 60x48 sm | Kirsuberjaviður á MDF 162 x 48 sm






Hvít fulningur 61 x 34 sm | Horninnrétting 60 x 60 sm

Allar innréttingar afgreiddar af lager

Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali

INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýir hagvaxtarmöguleikar.

## Réttilega lagðar undirstöður

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Ílagaumhverfi orkubúskaparins eru slæmir brestir. Úrskurður sérstakrar matsnefndar um verðmæti vatnsréttinda sem nýta þarf vegna Kárahnjúkavirkjunar varpar nokkuð skýru ljósi þar á.

Niðurstaðan er sú að vatnsréttindin eru metin sem rúmlega einn hundraðshluti af heildar virkjunarkostnaði. Landsvirkjun hafði áður boðið greiðslu fyrir andvirði réttindanna sem svaraði aðeins til tíunda hluta af þeirri upphæð.

Þessi einfalda tölfræði bendir til þess að aðaleigendur Landsvirkjunar á þeim tíma, ríkið og Reykjavíkurborg, hafi í raun einskis metið vatnsréttindin þegar hafist var handa við stærstu virkjun Íslandssögunnar. Þar var stuðst við fordæmi og hugsunarhátt frá fyrri tíma.

Hitt er þó öllu alvarlegra að niðurstaða um þennan kostnað fæst fyrst þegar virkjunin er fullgerð og orkuframleiðsla um það bil að hefjast. Ef ríkisvaldið gæti ekki beitt sjálfvirkum eignarnámsheimildum í tilvikum sem þessum færu viðskiptin fram í frjálsum samningum og á þeim tíma sem báðum samningasaðilum hentaði.

Matsnefnd eignarnámsbóta og dómstólar eru í raunverulegri hnappheldu í tilvikum sem þessum. Langt er um liðið síðan samningar voru gerðir um orkusölu til langs tíma. Nýjum verðforsendum er ekki unnt að fleyta út í verðlagið.

Fjármálaráðherra gaf þó afar mikilvæga pólitíska yfirlýsingu í síðustu viku þegar hann staðfesti að ríkið myndi gera sömu kröfur og aðrir landeigendur við framhaldsmeðferð málsins. Sú afstaða hjálpar til við að halda grundvallaratriðum málsins skýrum og aðgreindum.

Einn af þeim kostum sem skoða þarf við breytingar á skipulagi orkumálanna er aðgreining orkuréttinda og orkuframleiðslu. Í reynd eru það fyrst og fremst orkuréttindin, vatnsréttindi eða jarðvarmaréttindi, sem sérstök rök standa til að ríkið haldi utan um.

Slík aðgreining er mikil og flókin aðgerð. En hitt má ekki bíða að afnema sjálfvirkni eignarnámsheimildanna. Iðnaðarráðherra hefur efnislega lýst sig sammála þeim hugmyndum. Breytingar af því tagi má ekki draga á langinn. Þær þurfa að sjá dagsljósið á komandi vetri.

Loks eru gildar ástæður til að greina einokunarframleiðslu á orkusviðinu frá almennum samkeppnisrekstri. Núverandi fyrirkomulag þar sem Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja geta nýtt styrk sem byggður er á einokunarstarfsemi til þátttöku í samkeppnisrekstri bæði innanlands og erlendis stenst einfaldlega ekki nútíma kröfur um samkeppnisumhverfi og áhættumeðferð skattpeninga.

Vegna þrýstings frá þessum fyrirtækjum lét löggjafinn duga á sínum tíma að setja ákvæði í lög um bókhaldslegan aðskilnað einokunarstarfsemi og samkeppnisstarfsemi. Slík lagaákvæði eru meira og minna gagnslaus og megna engan veginn að tryggja jafna samkeppnisstöðu. Þess vegna þrýstu fyrirtækin á um slíkt fyrirkomulag.

Margir hafa með réttu trú á að næsta hagvaxtarskeið geti hverfst um nýtingu á íslenskri tækniþekkingu á þessu sviði. Satt best að segja eru menn þar komnir vel á veg með að breyta orðum í athafnir. Af því leiðir að ekki er unnt að bíða með nauðsynlegar skipulagsbreytingar. Undirstöðurnar verður að leggja réttilega.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Óskum eftir starfsfólki**

Starfsfólk óskast í sal á veitingastaðina Banthai og Na na Thai sem fyrst.

Viðkomandi verður að tala íslensku.

**Upplýsingar í síma 896 3536**

**Við notum:**
**Vel valið hráefni t.d.**
-kjúklingabringur
-nauta fillet
-svína fillet
-Lamba fillet
-ferskt grænmeti
-gæða krydd
(innflutt af okkur)
-litla olíu
-og fleira

Matseðill á
www.thaimatur.com

na na thai
Thai Restaurant & Store

BANTHAI
Laugavegi 130

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Óupplýstur**

Reynir Traustason tekur við starfi ritstjóra DV á næstunni og stýrir blaðinu við hlið Sigurjóns M. Egilssonar. Reynir fær það verðuga verkefni að rífa blaðið upp úr þeim öldudal lestrarkannana sem það hefur verið í alla jafna síðan það var endurreist sem dagblað. Athygli vekur að þegar Vísir bar málið undir Sigurjón í gærmorgun kom hann af fjöllum. „Þú hefur þá meiri upplýsingar um málið en ég,“ sagði hann. Getur það verið? Ástæðulaust er að ætla að ritstjórinn sé að skrökva að blaðamanni, enda þykir það höfuðsynd innan stéttarinnar. Þá stendur sú skýring ein eftir að Hreinn Loftsson, stjórnarformaður útgáfufélagsins, hafi ekki séð ástæðu til að láta Sigurjón vita að til stæði að bæta við öðrum ritstjóra. Hvernig skyldi standa á því?



**Aðhald**

Guðbjörg Hildur Kolbeins fjölmiðlafræðingur svarar á heimasíðu sinni spurningu Mogga um hver eigi að veita fjölmiðlum aðhald. „Svarið er einfalt,“ skrifar Guðbjörg. „Það er skylda þeirra sem vinna að rannsóknum á fjölmiðlum, og engra hagsmuna eiga að gæta sem starfsmenn eða eigendur fjölmiðla, að veita fjölmiðlum aðhald með því að reyna að varpa ljósi á eðli þeirra, starfsemi og áhrif.“ Sem fjölmiðlafræðingur tilheyrir Guðbjörg klárlega þeim hópi sem axlar þessa ríku ábyrgð enda tekur hún til óspilltra málanna strax í næstu færslu og spyr: „Var Elín Hirst með tyggjó í útsendingu kvöldfrétta Ríkissjónvarpsins í kvöld?“



**Vantar einhvern Benz?**

Vísir greindi frá að í innkeyrslu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra væru hvorki fleiri né færri en þrjár Benz-bifreiðar. Björn segir að vandinn við að kynnast Mercedes Benz sé sá að eftir það vilji maður helst ekki aka öðrum bílum. Ráðherrann er reyndar svo glúrinn að taka fram að að hann sé einmitt að leita að kaupanda á vel meðförnum Benz-jeppa; sparar sér þar með 3.510 krónur sem smáauglýsing kostar.

bergsteinn@frettabladid.is

## Með góðum óskum

Ílangri bílferð um daginn sagði yngri dóttirin að ef hún fengi tíu óskir uppfylltar myndi hún ekki eyða þeim í sjálfselsku óskir. Síðan hófst upptalningin: Ég vildi óska þess að allir í heiminum væru góðir og það væru því engin stríð. Ég vildi óska að allir væru heilbrigðir. Ég vildi óska að allir ættu peninga.



RAGNHILDUR VIGFÚSDÓTTIR

**Í DAG** | óskir

Þegar hér var komið sögu vildi eldri systirin fá nánari skýringar því það að eiga peninga væri allt of víðtækt. Niðurstaðan var sú að óskin snerist um það að allir hefðu að minnsta kosti í sig og á. Kannski af því að hún var truflуð í upptalningunni gekk henni illa með hinar sjö óskirnar. Hvað sem hún nefndi töldu samferðamenn iðulega vera anga af ósk sem þegar væri komin. Blessað barnið var líka ruglað í ríminu með spurningu um hvað læknar og hjúkrunarfræðingar ættu að gera þegar allir væru orðnir heilbrigðir. Hún taldi að þau hefðu nóg að gera við að lækna skrámur því fólk myndi enn meiða sig, en alls ekki lífshættulega. Svo fengjum við kvef og smá flensu, en alls ekkert alvarlegra. Þegar hún óskaði þess að engir skógareldar væru til (nýbúin að hlusta á fréttir af þeim grísku) tók hún fram að hún vissi að slökkviliðsmenn myndu þá missa vinnuna en þeir yrðu bara að finna sér eitthvað annað að gera. Hvað sem hún reyndi gat hún ekki borið fram tíu óskir.

**Göngum saman**

Líklegast er raunin sú að þrjár óskir nægja eins og í ævintýrunum forðum. Sem dyggur hlustandi ævintýra veit hún að hún getur hvenær sem er hitt á óskastund og er mjög meðvituð um að sóa ekki því einstaka tækifæri sem hún fær þá til að bæta heiminn. „Ef ég fengi eina ósk uppfyllta myndi ég óska þess að krabbamein væri ekki til,“ segir hún oft þegar óskir ber á góma. Ég óska þess að ósk hennar rætist, en meðan ég bíð eftir því vil ég leggja mitt af mörkum til þess að þær 170 konur sem greinast árlega með brjóstakrabbamein á Íslandi og allar hinar úti um allan heim, eigi von um bata eða a.m.k. von um langt og gott líf með krabbameini.

Ég er ein af 22 konum í hópnum Göngum saman sem ætlar að taka þátt í 63 km göngu í New York í október næstkomandi á vegum Avon Foundation til að safna peningum til rannsókna á brjóstakrabbameini. Við höfum notað sumarið til að þjálfa okkur og safna peningum en hver og ein þarf að borga 1800 dollara fyrir þátttökuna. Við látum ekki staðar numið þar því við ætlum að skilja eftir sambærilega upphæð hér heima til að styrkja íslenska vísindamenn til rannsókna á brjóstakrabbameini.

**Samkeppni í líkn**

Það sem kom mér til dæmis á óvart að þjálfunin er mun meira mál fyrir mig en að safna peningum. Það versta sem getur gerst þegar beðið er um styrk er að fá nei. Það krefst hins vegar aga og mikillar vinnu að komast í gott form. Þegar ég skráði mig til leiks kveið ég meira fyrir þessu með peningana, gangan fannst mér ekkert mál. Ég rifjaði það upp að ég hefði ekki haft mikið fyrir Keflavíkurgöngunum hér í denn, en var þá bent á að sú síðasta sem ég fór í var líklega fyrir þrjátíu árum og lengstu gönguferðir mínar síðan verið í verslunarferðum í útlöndum. Eftir að hafa gengið 21 km í Glitnismaraþoni komst ég að því að gangan sjálf var ekkert mál. En daginn eftir gat ég varla stigið fram úr rúminu! Ergo, ég er ekki í nógu góðu formi.

Ég fór á sigurhátíð Glitnis þegar líknarfélögunum voru afhent áheit úr maraþoninu. Við í Göngum saman vorum afar ánægðar með okkar hlut. Það kom mér þó á óvart hvað kynninum á samkomunni varð tíðrætt um samkeppni líknarfélaganna. Mér fannst það satt að segja ógeðfellt. Ég leit ekki svo á að við værum í innbyrðis samkeppni, en eins og kona sem var líka á samkomunni benti mér á, þá er ég svo ný í þessum líknarfélagabransa. Samkeppnin þar er líklega jafn hörð og úti á hinum almenna markaði.

Eins og samkeppni Glitnis og Kaupþings kemur lítið við mig þá á ég erfitt með að hugsa mér krabbamein í samkeppni við hjartasjúkdóma, Sjónarhól í samkeppni við Barnaspítala Hringsins. Auðvitað reyndi ég að fá sem flesta til liðs við okkur og ekki var verra ef þeir voru starfsmenn Glitnis og fengu vegleg áheit frá bankanum. En ég reyndi ekki að hrinda vinkonum mínum sem hlupu fyrir Stígamót og Blátt áfram og koma þannig í veg fyrir að þau samtök sem einnig standa hjarta mínu nær fengju áheitin þeirra. Ég samgladdist öllum líknarfélögunum sem báru eitthvað úr býtum, en óskaði þess auðvitað að við fengjum sem mest. Ég vona að það sé það sem átt er við með heilbrigðri samkeppni.

## Í hvað ásælist Landsvirkjun?

**UMRÆÐAN**
Vatnsréttindi



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Það er eðlilegt að deilt sé um samkomulag íslenska ríkisins og Landsvirkjunar um yfirtöku vatnsréttinda í neðri hluta Þjórsár. Samkomulagið var gert þremur dögum fyrir kosningar á þeim tíma sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar var logandi hrædd um að þjóðin kysi yfir sig ríkisstjórn, sem væri gagnrýnin á stóriðjustefnuna og auðlindakapphlaup orkufyrirtækjanna. Á þessum tíma notaði ríkisstjórnin hvert tækifæri til að baða sig í kastljósi fjölmiðlanna í hvert sinn sem undirrita þurfti samninga um kosningaloforðin. En bara ekki í þessu tilfelli. Og nú benda þeir klaufalega hver á annan, fyrrverandi iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson og Árni Mathiesen fjármálaráðherra.

En hvað skýrir ásælni Landsvirkjunar í vatnsréttindi í neðri hluta Þjórsár? Hvers vegna máttu þau ekki vera áfram í umsjá ríkisins, m.ö.o. þjóðkjörinna fulltrúa? Því að með þessum hætti telur Landsvirkjun sig hafa betri samningsstöðu í viðræðum við landeigendur og aðra vatnsréttarhafa heldur en ella. Þessa yfirburðastöðu nýtir Landsvirkjun svo til að sauma að landeigendum, sem eru mótfallnir virkjanaframkvæmdum í sveitinni sinni. Það þarf varla að spyrja að leikslokum í baráttu þeirra sem einungis eiga 7% af vatnsréttindum um við LV sem er handhafi 93%. En um hitt má spyrja; hvaða rétt hefur sveitarfélag sem vill ekki þau landspjöll, sem eru samfara áformum Landsvirkjunar? Og hvað gerist ef það neitar að setja virkjanirnar á skipulag?

Rétt er að vekja athygli á því að þetta mál er hluti stærri heildar er varðar nýtingu auðlinda þjóðarinnar og á sá málaflokkur vafalaust eftir að verða áberandi í pólitískri umræðu haustsins. Eftir er að fá niðurstöðu í verðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar, arðsemi raforkusölu til stóriðju er umdeild, einnig stjórnsýsluleg meðferð smávirkjana, þá má nefna umhverfisáhrif jarðvarmavirkjana og deiluna um sjálfbærni þess að framleiða raforku með jarðgufu. Loks tengist þetta þjóðlendumálum og nýjum vatnalögum. Í því sambandi er fróðlegt að spyrja hvort Samfylkingin sé enn sömu skoðunar og fyrir kosningar, að koma beri í veg fyrir að vatnalögin taki gildi 1. nóvember nk.?

*Höfundur er alþingismaður.*



**KALLAST Á VIÐ NÁTTÚRUNA**
Þrír garðar í Rituhólum fengu viðurkenningu frá Garðyrkjufélagi Íslands nýverið.
HEIMILI 3

**GLEÐIN ER LYKILATRIÐI**
Íþróttaiðkun á ekki að vera kvöð heldur eitthvað sem vekur tilhlökkun.
HEILSA 2





Húsgagna
Lagersala

Rýmingarsala

Sófasett
frá 59,000

Mikið úrval af sófasettum.
rúmum, sófaborðum,
borðstofuborðum, stólum,
skápum, svefnsófar o.m.fl.



Dugguvogur 2 (við hlið Slippfélagsins)
S: 557-9510

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



„Ég fer í göngutúra þegar ég er búin að skrifa á daginn og þá gjarnan í nágrenni við heimili mitt," segir Kristín Marja Baldursdóttir rithöfundur sem býr í Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hreyfing til að halda sönsum og sofa á næturnar

***Rithöfundurinn Kristín Marja Baldursdóttir eflir heilsu sína með ýmsu móti, hún iðkar sund og göngur og bregður sér jafnvel á skauta með barnabarninu.***

„Ég hef gaman af íþróttum og verð að hreyfa mig reglulega til að halda sönsum og sofa á næturnar," segir Kristín Marja glaðlega þegar hún er innt eftir hvort hún stundi einhverja líkamsrækt. „Þegar allt er í góðum gír syndi ég þrisvar í viku, kílómetra eða svo. Fer oftast í Grafarvogslaug en heimsæki líka aðrar laugar til að fá tilbreytingu í líf mitt. Svo fer ég í göngutúra þegar ég er búin að skrifa á daginn og þá gjarnan í nágrenni við heimili mitt," segir Kristín Marja sem býr í Grafarvogi og dásamar hann vegna skjóls fyrir norðanáttinni og nálægðarinnar við sjóinn. „Ég hef aðeins hugleitt að flytja í miðbæinn en útivistarmöguleikarnir hér hafa haldið í mig," segir hún og kveðst eitt sinn alltaf hafa hlaupið fimm sinnum í viku en nenni því ekki orðið lengur.

Þegar vetrarveðrin geisa taka æfingarnar á sig nýja mynd hjá rithöfundinum. „Ég fer dálítið á skíði ef snjórinn lætur sjá sig í nógu miklu magni. Skíðaíþróttin er uppáhaldið mitt og það hefur vakið svolitla depurð hjá mér undanfarna vetur að hafa ekki meiri snjó í Bláfjöllunum," segir Kristín Marja ofurlítið angurvær en tekur gleði sína aftur um leið og hún man eftir skautunum. „Stundum bregð ég mér á skauta með barnabarninu. Við förum bæði í Egilshöllina og Skautahöllina og það vakti mikla hamingju hjá mér þegar ég uppgötvaði þann möguleika," segir hún og rifjar upp skautaiðkun á tjörninni í Hafnarfirði þegar hún var krakki. „Það er ofboðslega gaman á skautum," segir hún brosandi. „Ef ég væri yngri mundi ég læra listhlaup á skautum."

*gun@frettabladid.is*



ÁGÚST
Kafbátur mánaðarins
TÚNFISKBÁTUR
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur kr. 299
Gildir í ágúst 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
SUBWAY
Ert þú á leiðinni út úr bænum?
Þú færð kafbát allan sólarhringinn
á N1 Ártúnshöfða og N1 Hringbraut

NikePlus Sérstökum skrefmæli er komið fyrir í Nike-skóm sem sendir gögn í móttakara í iPod-inum. Þannig getur hlauparinn mælt þá vegalengd sem hann hleypur, skráð hlaupin og sett sér markmið.




























# Ekki kvöð heldur eitthvað sem vekur tilhlökkun

***Með haustinu hefja margir líkams- og heilsurækt af krafti. En hvernig á að viðhalda áhuganum? Sú spurning var lögð fyrir Viðar Halldórsson félagsfræðing sem kennir íþróttafræði við Háskólann í Reykjavík.***

„Líkams- og heilsurækt á ekki að vera kvöð heldur eitthvað sem vekur tilhlökkun. Það er algert lykilatriði og forsenda þess að framhald verði á henni,“ er það fyrsta sem Viðar tekur fram. „Fólk þarf að finna eitthvað í öllu því framboði hreyfingar og leikfimi sem því þykir skemmtilegt. Um leið og það gerist þá endist það í sinni heilsurækt. Hvort sem hún felst í sundi, lóðalyftingum, heræfingum eða bara því að fara út að ganga með nágranna.“

Viðar kveðst fyrir nokkrum árum hafa gert rannsókn á afreksfólki í íþróttum. Meginniðurstaðan hafi verið sú að það hefði ekki orðið afreksfólk vegna meðfæddra hæfileika heldur vegna áhuga og ástríðu fyrir þeirri íþrótt sem það stundaði. Það hafi hlakkað til að fara í íþróttasalinn að æfa, út á völl að hlaupa eða í laugina. Öll iðkunin hafi síðan skilað því á verðlaunapalla. „Maður heyrir alltof oft talað um fólk sem fer í líkamsræktarstöðvarnar að lyfta lóðum, fer til einkaþjálfara til að fá aðhald en um leið og námskeiðið er búið þá er hætt,“ segir hann.

Viðar segir líka mikilvægt að stunda fjölbreytta líkamsrækt. „Bæði þarf fólk oft að prófa margt til að finna út hvað hentar best en fjölbreytt hreyfing er líka af því



„Allir þurfa að finna sína uppáhalds heilsurækt,“ segir Viðar Halldórsson félagsfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

góða og hún eykur innri áhugahvöt. Hefur jákvæð áhrif á gleðina í því sem við erum að gera,“ segir Viðar og heldur áfram með heilræðin. „Jákvætt hugarfar er líka góður lykill. Það getur verið nauðsynlegt að líta til baka og spyrja. Hvernig er mér búið að líða síðasta hálfa árið? Líkamsrækt í hvaða formi sem er hefur nefnilega bæði jákvæð áhrif á líkamshreysti og andlega líðan. Þessu þarf maður að gefa gaum og ekki líta á æfingarnar sem kvöð.

Félagsskapurinn sem æfingar veita er líka mikilvægur að mati Viðars. „Um leið og ég fæ einhvern með mér út að ganga, í jóga eða ég tala nú ekki um badminton þá er kominn hvati sem heldur mér lengur að verki heldur en ef ég er einn og óstuddur,“ bendir hann á.

Hann segir aldrei hafa verið jafn margt í boði hjá líkamsræktarstöðvum og íþróttamiðstöðvum og nú og hann hvetur fólk til að nýta sér ráðgjöf fagfólks við valið. „Það ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Heilsurækt þarf heldur ekki að vera dýr. Að fara í sund, út að labba eða hjóla og anda að sér fersku lofti. Allt er það til bóta.“

*gun@frettabladid.is*













Fólk stundar kynlíf fram á áttræðisaldurinn eða lengur.

## Kynlíf á efri árum

ELDRA FÓLK STUNDAR KYNLÍF FRAM EFTIR ÖLLU SAMVKÆMT NÝRRI KÖNNUN

Eldra fólk stundar kynlíf langt fram á áttræðisaldurinn eða lengur samkvæmt nýrri könnun. Greint var frá niðurstöðunum í nýjasta eintakinu af The New England Journal of Medicine, en 3005 eldri borgarar tóku þátt. Um 73 prósent þátttakenda á aldrinum 57 til 64 ára sögðu að þeir hefðu stundað kynlíf á síðasta ári, 53 prósent á aldrinum 64 til 74 ára og 26 prósent á aldrinum 75 til 85 ára. Ristruflanir og skortur á bólfélögum fyrir ekkjur var talin helsta orsök þess að fólk stundaði ekki kynlíf á efri árum. *- keþ*

## A-vítamín

VINNUR GEGN NÁTTBLINDU OG STUÐLAR AÐ HEILBRIGÐRI HÚÐ



A-vítamín er fituleysanlegt og til þess að meltingarvegurinn taki það nógu vel til sín, þarf bæði fitu og steinefni. Það geymist í líkamanum og því er ekki þörf á daglegri endurnýjun þess. A-vítamín vinnur gegn náttblindu og sjóndepru. Það viðheldur heilbriðgri húð og heldur ytra lagi vefja og líffæra heilbrigðum.

*heimild: Ný og betri Bætiefnabiblía*



**Matseðill** fyrir vikuna og skipulagning matarinnkaupa geta lækkað matarreikning heimilisins umtalsvert. Sérstaklega ef fólk er duglegt að nota frystinn og elda fram í tímann.



Hjartarblómið er í miklu uppáhaldi hjá Ragnhildi enda fallegt í blóma.

# Kallast á við náttúruna

***Garðyrkjufélag Íslands valdi nýverið fallegustu garða Reykjavíkur. Meðal þeirra sem urðu fyrir valinu voru þrír garðar í Rituhólum í Breiðholti.***

Nýverið fór fram árleg garðaskoðun Garðyrkjufélags Íslands. Fimm þeirra garða sem hlutu viðurkenningu eru í Breiðholtinu og þrír þeirra tilheyra sömu götu, eru við Rituhóla 9, 10 og 13.

„Það sem er sérstakt við garðana okkar er nágrennið við Elliðaárdal sem er einstök náttúru- og útivstarperla. Hér er útsýni allt frá Snæfellsjökli að Bláfjöllum og við höfum eftir fremsta megni reynt að taka tillit til umhverfisins þegar garðarnir hafa verið skipulagðir,“ segir Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir, sem er einn eiganda verðlaunagarðs við Rituhóla, ásamt manni sínum Ágústi Einarssyni.



Útsýnið og návígið við Elliðaárdal er mikilvægt þegar hjónin Ágúst Einarsson og Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir skipuleggja garðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjónin eru mikið áhugafólk um garðyrkju og skartar garðurinn fjölbreyttum gróðri að sögn Ragnhildar.

„Ég get nefnt sem dæmi fallegan eini, furu og kvisti, bæði síberískan og japanskan, ásamt gullsóp, birkitrjám og gullregni,“ segir Ragnhildur sem segir gróðurinn þrífast vel í Rituhólum.

Plönturnar eru keyptar mestmegnis á höfuðborgarsvæðinu en einnig í Hveragerði auk þess sem nágrannarnir hafa verið duglegir að gefa afleggjara.

„Samstaðan í götunni er mikil og fólki er mjög annt um garðana sína og eignirnar almennt. Við erum dugleg við að gefa hvert öðru góð ráð og fáum oft að kíkja í garðana hvert hjá öðru,“ segir Ragnhildur og neitar því alfarið að einhver rígur eða samkeppni ríki um fallegustu garðana í götunni. „Samstaðan hér lýsir sér meðal annars í því að við tökum oft höndum saman og sláum grasblett hérna sem tilheyrir borginni til að fegra umhverfið.“



Garðyrkjustörfin hafa hver sinn sjarma og Ragnhildur segir þau hjónin njóta hverrar mínútu úti í garði.

Garðyrkjustarfið er að sögn Ragnhildar einkar skemmtilegt áhugamál þar sem öll verk hafi sinn sjarma.

„Við teljum ekki mínúturnar sem við leggjum í garðinn enda fyrst og fremst skemmtilegt áhugamál sem við hjónin eigum sameiginlegt. Samt höfum við verið að létta á garðinum upp á síðkastið til að gera hann einfaldari og auðveldari í umhirðu um leið og við reynum að hafa hann fallegan ásýndar,“ segir Ragnhildur.

Hún segir þau hjónin leggja áherslu á litskrúðug blóm í garðinum og segir þau hefjast handa þegar í janúar við að setja sumarblóm í potta. „Við erum með bílskúr sem við notum við garðyrkjustörfin og það er alltaf gaman að sjá hvað kemur upp á vorin. Við pössum að það sé alltaf eitthvað blómstrandi á sumrin eins og til dæmis gullsópur í byrjun sumars og síðan meyjarrós sem tekur við og svo koll af kolli,“ segir Ragnhildur sem segir hjartarblóm vera eitt það sérstakasta sem er að finna í garðinum.

Fram undan eru haustverkin og Ragnhildur hefur verið að hamast við að koma ribsberjunum í hús til að sulta. Fyrir veturinn mælir hún með að raka saman laufum út í beð og nýta þau sem skjól fyrir fjölærar plöntur.Auk þess sem huga þarf að vetrarskýli sígrænna tegunda, einkum þeirra yngstu.

Þetta er í fyrsta sinn sem garður þeirra hjónanna vinnur til viðurkenningar og að sögn Ragnhildar væri gaman að stefna að hinu sama næsta sumar. *rh@frettabladid.is*







**Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur**

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRÝÐI

HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553 1400



# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

Lykilbílar ehf bílasala



Honda Accord EXE, 05/2006 ek 28 þ.km, bsk Leður, krómfelgur ofl, Verð kr 2.790.000 Ákvílandi hagstætt lán

**Lykilbílar ehf**
**Smiðjuvöllum 7, 300 Akranes**
**Sími: 445 7700**
**www.bilasolur.is/lykilbilar**

X4 ehf



Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

**X4 ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**
**www.x4.is**

### Bílar til sölu




2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Toyota Avensis Dísel station árg.'99 verð 550 þús. Álfelgur og fleira, uppl. www.bilapartar.is eða 893 6404.



Toyota Hilux dísel árg.'98. Verð 990 þús. Flottur bíll með pallhúsi og dráttarbeisli. Uppl. www.bilapartar.is og 893 6404.



Korando, árg. 98, ekinn 120þ. km, 5g. beinskiptur, dísel. 33" breyttur. Verð 690.000kr. Uppl. í s. 868 5922.



M. Benz. C220 CDI disel. árg. '98 ek 508 þús. 590 þús. Uppl. í s. 868 5922.



Toyota '94 ssk 1,6 ekin aðeins 119.000. Gott eintak verð 270 þ. s. 862 1116.



Honda Civic '98, ssk., Ek. 102 þ. Sk. '08. Heilsársdekk, ný tímareim, nýtt þústkerfi, cd, mp3 spilari. Verð 500 þús. Uppl. í s. 695 6913.



Alfa Romeo GTV 2.0 Twin Spark árg. '99 ek.77 þ. Verð 1.090. Sími 856 1066.

Nissan Almera árg. '98. Sko.'08. Sumar og vetrardekk. Ek. 126 þús. Verð 350 þús. Uppl. í s. 840 7746.

**Góður bíll, ný skoðaður**
**Silfurgrár Peugout 306 station ssk. árg. 1999. Ek. 125 þús. Verð 230 þús.**
**Uppl. í s. 824 0157.**

### 0-250 þús.



130 þúsund stgr Hyundai accent árg. '96 til sölu nýskoðaður ekinn 127 þúsund beinskiftur góður bíll. Uppl. í síma 820 4640.

Til sölu MMC Carisma sjálfskiptur árg.1998 ek.135 þ. Álfelgur/sumardekk, stálfelgur/vetrardekk, nýskoðaður. Ásett verð 290 þ. Stgr. 250 þ. Sími 557 2755 eftir kl.15

Huyndai Pony árg. '93 ek. 133 þ. sk. 08. Uppl. í s. 865 3041.

### 250-499 þús.



Caddy 30/12/00. Keyrður 79 þús. km. Ný tímareim. Með hillum. Verð 450þ. Sími 895 7023.

Subaru Impreza, '99, sk. 08, ed.150 þ. 2000cc vél, 4x4, heilsársdekk, ljós á lit,góður bíll, verðhugmynd 450 þús. S. 690 6126.

### 500-999 þús.



Grár Polo SY7 2001 ek. 65 þús. nýskoðaður, frábært eintak, verð 610 þús. Uppl í síma 699 4282.

### 1-2 milljónir



Nissan Patrol SE 10/99, ekinn 174 þús. bsk., olíumiðstöð. Verð 1600 þús. Stgr. 1390 þús. Uppl. í síma 660 3694.

### Jeppar




Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýr 2007 frá 4.390þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



LC 100 Árg. 2006/03. 29000 km. 33" breyttur með Navi og fleiru. Reyklaus bíll sem nýr. Verð 7.7 mill. Engin skipti. Sími 5672249



Til sölu Toyota Landcruiser árg. 2000 ek. 212 þús. km 38" breyttur hjá Toyotu verð 4,2 m. Uppl. í s. 893 0086.



**Diesel Sjsk.**
Hyundai Tucson 02/'05, ek. 39 þ. Beisli, vindskeið, filmur, gluggahlífar, vetradekk á felgum og tölvukubbur. V. 2700 þ. 100% lán. Uppl. í síma 868 5930.

### Pallbílar




2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com




Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



F 250 '04 ek. 34 þús. 41" dekk breyttur fyrir 44". Loftlæsingar, drifhlutföll, skriðgir, stýristjakkur. Er með Fis pallhýsi selst saman eða sitt í hvoru lagi. Verðtilboð. Sími 896 1931.

### Hópferðabílar



Til sölu M.Benz Joncer 69 farþ. 1638 ek. 580 þ. Öryggisbelti, DVD, Sjónvarp og fl. vinna getur fylgt. uppl. www. allrahanda.is, bílar til sölu og í síma 660 1305 & 660 1303

### Húsbílar



**Góður Húsbíll**
Benz 309D árg. '84 5cyl, 5 gíra, Wc, eldavél og fl. aðeins 2 eig. Smurbók. Verð 550 þ. eða tilboð. Uppl. s. 864 0246.

### Mótorhjól



**Útsala útsala**
Glæsilegar vespur í vinnu eða skóla og gerum enn betur núna. Verð aðeins 99.900. Uppl. í s. 895 7272 og endurohjol.com

### Kerrur



**Kerruútsala**
Lokadagar útsölunnar: Brenderup 1205 P. Innanm. 203 x 116 x 35 cm. Burðarg. 600 kg. Dekk: 13" Listaverð: 139.000. TILBOÐSVERÐ: 116.000. Lyfta.is Njarðarbraut 3, Reykjanesbæ, 421 4037, www.lyfta.is

### Fellihýsi



Vel með farið Conway m. nýlegu fortjaldi til sölu. Uppl. í s. 693 7005.

### Vinnuvélar



CASE 788 árg. '00. 7300 tímar, 50% dekk, tvöföld bóma, tyllt- og fleyglagnir, 4 skóflur. H.A.G. ehf. S: 5672520

### Bílaþjónusta




### Hjólbarðar

4 stk. 14" dekk á Legacy fel. á 8 þ. 4 stk. 255/60 18" á 15. þ. 4 stk. 265/65 17" á 15 þ. S. 896 8568.

### Varahlutir

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ

www.bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 893 2284 & 565 3400.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Varahlutir í Lancer '98 station Sunny árg. '93, Legacy '92, Accent '95. S. 896 8568.

## KEYPT & SELT

### Til sölu




**Silunganet - - -**
**Silunganet**
Heimavík ehf. 892 8655.

Til sölu stór sjónvarpsskápur á 10 þús, rafmagnshellur á 11 þús og gashellur á 4 þús. Uppl í s. 567 6032.

Babycare barnavagn, Petigreen '64, Römer bílstól 0-13 kg., baby Dan ömmustóll, lítil og nett hillusamstæða með glerskáp og ljósum og hægindastíll brúnn m. skemli. Uppl. í s. 557 1618 & 893 6546.

Mjög vel m. farið gamalt Tekk hjónarúm kr. 15 þ. Dýnur fylgja. S. 551 7547.

# verk að vinna

ÞRIÐJUDAGUR 28. ÁGÚST 2007



## Dúkarnir snúa aftur

**Gömlu linoleum-dúkarnir eiga auknum vinsældum að fagna hjá fólki sem er að breyta og bæta á heimilum sínum.**

BLS. 14







# 130 m á hæð

*„GP kranar eiga á annan tug bílakrana af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“*

**Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Nýsköpunarmiðstöð mun hafa starfsstöðvar í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði. Fyrsti starfsdagur miðstöðvarinnar var einmitt á Ísafirði.

# Nýsköpunarmiðstöð Íslands að veruleika

Nýsköpunarmiðstöð Íslands tók til starfa hinn 1. ágúst síðastliðinn. Í miðstöðinni sameinast starfsemi Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar í samræmi við lög sem samþykkt voru á síðastliðnu vorþingi.

Miðstöðinni er ætlað að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði. Þessum markmiðum á að ná með því að veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar, prófanir, mælingar og vottanir.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur starfsstöðvar í Reykjavík, Akureyri og Ísafirði en forstjóri hennar er prófessor Þorsteinn Ingi Sigfússon.

Eins og áður sagði rennur starfsemi tveggja stofnana inn í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur verið unnið mikilvægt brautryðjandastarf á sviði byggingartækni og á Iðntæknistofnun hefur verið unnið öflugt starf á sviði rannsókna og þróunar svo sem á sviðum líftækni, örtækni, matvæla og efnistækni og á sviði nýsköpunar fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki í gegnum starfsemi Impru nýsköpunarmiðstöðvar.

Starfsemin mun í náinni framtíð felast í rekstri Nýsköpunarog sprotamiðstöðvar ásamt því að sinna verkefnum Íslenskra tæknirannsókna. Starfsmenn verða um 80 og auk þess er gert ráð fyrir hundruðum nemenda sem munu vinna námsverkefni sín í tengslum við starfsmenn Nýsköpunarmiðstöðvar. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er að hluta til fjármögnuð af ríkissjóði en meirihluti fjármagns kemur frá innlendum og erlendum rannsóknarstyrkjum og útseldum verkefnum.

Fyrsti starfsdagur Nýsköpunarmiðstöðvarinnar var á Ísafirði en auðkenni miðstöðvarinnar var afhjúpað að viðstöddum iðnaðarráðherra, Össuri Skarphéðinssyni, ásamt fleiri gestum.

Nánar á www.rabygg.is

# Dregið úr hraða með blómum

Íbúar í Reykjavík geta nú fengið leyfi til þess að setja blómakassa á göturnar ef þeir búa í hverfum þar sem hámarkshraði er þrjátíu kílómetrar. Ástæðan er sú að tilraun er í gangi með að nota blóm til þess að draga úr hraða bíla.



Nú geta íbúar komið í veg fyrir hraðakstur í götum sínum með því að koma fyrir blómakössum.

Síðasta áratug hefur mikil áhersla verið lögð á að tryggja öryggi gangandi vegfarenda í Reykjavík og í flestum íbúðarhverfum er hámarkshraði nú orðinn þrjátíu kílómetrar. Fjölda hraðahindrana hefur verið komið upp á þessum tíma og eiga blómakassarnir bara eftir að bæta um betur auk þess sem þeir lífga upp á umhverfið.

- eö

# Hefur yndi af að gera upp gömul hús

**Falleg, gömul og uppgerð hús eru áberandi í miðbænum á Ísafirði.**

Ísfirðingar sýna fornum húsum viðeigandi virðingu. Eru iðnir við að gera þau upp og fegra með því ásýnd bæjarins. Einn þeirra er Guðbjartur Jónsson, beitningamaður og bátasmiður. Hann var að klæða húsið sitt á Mjallargötu 6 þegar blaðamaður Fréttablaðsins var þar að álast eldsnemma á laugardagsmorgni. „Ég hef yndi af þessu," segir hann brosandi og bætir því við að þetta sé annað húsið sem hann taki í gegn á Ísafirði. Hitt sé að Austurvegi 15.

Húsið að Mjallargötu 6 á sér merka sögu. Elsti hluti þess er frá 1876 og þar bjó Skúli Thoroddsen, sýslumaður og bæjarfógeti, um tíma. Hann byggði þann enda hússins sem Guðbjartur og kona hans, Rósa Guðmundsdóttir, eiga núna árið 1889 og rak þar verslun. Síðar var henni breytt í íbúð sem tók ýmsum breytingum í tímans rás. Á henni hófu þau Guðmundur og Rósa endurbætur að innanverðu árið 2000. „Íbúðin var illa farin og við tókum hana í gegn alveg ofan í kjölinn. Það var lítið annað en forskalningin eftir," segir Guðmundur og kveðst hafa endurnýjað bæði raflagnir og pípulagnir.

„Lagnir eru það fyrsta sem þarf að skoða þegar kemur að endurnýjun gamalla húsa og ég ákvað að skipta þeim út hér fyrst við vorum að rífa allt á annað borð. Við breyttum kyndingunni í leiðinni. Næsta sumar ætlum við að klæða bakhliðina og búa til gestaherbergi og baðherbergi í bílskúrnum því íbúðin er ekki nema 90 fermetrar. En fyrst verð ég að finna mér verkstæðispláss því ég verð að geta smíðað."

Guðbjartur ólst upp á Ísafirði en bjó í Hafnarfirði um tíma og flutti svo aftur vestur árið 1991. „Hér fyrir vestan er allt til alls og aðeins annað tempó en fyrir sunnan," segir hann góðlátlega. „Af því að ég er mikill áhugamaður um mat verð ég að geta þess að hér er sannkölluð matarkista, berin í hlíðunum, fiskurinn í djúpinu og auðvelt að ná í fugl. Svo er hér mikil veðursæld nema þegar lognið fer á verulega hreyfingu!"

*gun@frettabladid.is*



Guðbjartur Jónsson er að gera upp sögufrægt hús að Mjallargötu 6 á Ísafirði.



Húsið er forskalað og svona leit það út í júní síðastliðnum þegar búið var að klæða stafninn.





Danfoss ofnhitastillar

Háþróuð og notendavæn hitastýring sem veitir þægilega húshitun og hámarks orkusparnað
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu ofnhitastilla

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

# Gólfhitakerfi

## Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Reykjalundur Plastiðnaður

dælur

Smiðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700
Lónsbakki 2 – 601 Akureyri – 460 1760

# Aðstoðað við val á leigjendum

Ýmislegt þarf að athuga við útleigu húsnæðis og því aðstoðar Húseigandafélagið félagsmenn sína við val á leigjendum og gerð leigusamninga ef þess er óskað. Þar sem sífellt fleiri leigusalar lenda í því að leigjendur þeirra borga ekki leigu og skilja illa við húsnæðið lætur Húseigandafélagið meðal annars kanna feril og skilvísi umsækjenda um leiguhúsnæðið. Félagsmenn geta einnig fengið aðstoð lögmanna Húseigandafélagsins ef þeir hafa verið með leigjendur sem hafa ekki borgað leigu eða skilið illa við. - eö



Góður leigjandi er mikils virði.

567 7570 892 7544
SÖGUN • BORUN
BROT
BORTÆKNI
ÞEKKING • REYNSLA
www.bortaekni.is
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT



Valdimar Gunnar Sigurðsson, málarameistari og sölumaður hjá Slippfélaginu í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Síðasti séns að fúaverja

**Margir notuðu einmuna blíðu sumarsins til að smíða sumarhús, skjólveggi og palla. Nú fer hver að verða síðastur að fúaverja fyrir vetrarhörkurnar.**

„Sumarið er tíminn í þessu sem svo mörgu öðru því fúavörn byggist mikið upp á veðri,“ segir Valdimar Gunnar Sigurðsson málarameistari og sölumaður hjá Slippfélaginu í Reykjavík.

„Nýbyggður sólpallur verður að fá tækifæri til að veðrast því á timbrinu er gagnvörn sem loft þarf að leika um í fjórar til sex vikur áður en áfram er haldið við fúavörn. Pallaefni er geymt við ákveðið lágt hitastig í geymslum og er gegnsósa af grunnfúavörn við afhendingu. Þannig helst viðurinn blautur, hann vindur síður upp á sig og miklu auðveldara er að vinna með hann,“ segir Valdimar og bætir við að margir geri þau mistök að bera fúavörn of snemma á nýja skjólveggi, sem skapi mikla hættu á flögnun.

„Þegar sólpallatimbur hefur vanist nýjum heimkynnum og ýmsu veðurfari, er borin á það sérstök pallaolía sem myndar enga filmu og eyðist í veðráttunni. Olían er með sveppa- og mygluvarnarefnum, auk litarefna sem veita vörn gegn útfjólubláum geislum sólarinnar,“ segir Valdimar og varar við því að láta grunnfúavörn standa eina í langan tíma.

„Æskilegast er að bera fúavörn á nýjan við áður en veturinn kemur. Á einu til tveimur árum eyðist gagnvörnin og viðurinn byrjar að skemmast og grána, en grámi er fyrsta stig fúa. Ef fólk missir viðinn í gráma þarf að hreinsa hann með sérstakri klórblöndu sem heitir ALG-mygluhreinsir, en þá er pallurinn skrúbbaður, efnið látið standa í korter og síðan skolað vel með vatni og látið þorna,“ segir Valdimar, en þurrkur í veðurkortunum er nauðsyn þegar til stendur að fúaverja.

„Aðalatriðið er þurrkur og maður málar aldrei daginn eftir rigningu. Rakinn fer inn í viðinn og þegar sumri hallar fellur næturdögg einnig á hann. Hitastig má heldur ekki fara niður fyrir fimm stig, en flest fúavörn þornar á sólarhring.“

Að sögn Valdimars er öðruvísi fúavörn notuð á skjólveggi og utanhúss timburveggi.

„Ef menn vilja láta sjást í viðinn velja þeir hálfþekjandi glæra fúavörn með litarefni í, en hún myndar lakkfilmu sem endist lengur en pallaolía. Litarefni vegur þyngra á veggjum en pöllum því án litarins mundi sólarljós brjóta lakkfilmuna niður og kalla fram flögnun. Litarefni eru því nauðsynleg sólarvörn fyrir timbrið,“ segir Valdimar og nefnir tekk, furu, hnotu og hvítt það vinsælasta í fúavörn þessi misserin.

„Það er algengast að borið sé á sólpalla á hverju sumri. Pallaolía getur dugað í tvö til þrjú ár, en þá þarf að gæta þess að missa viðinn ekki í gráma. Fúavarnarefni sem borið er á lóðrétta fleti, eins og skjólgirðingar og sumarhús, endast töluvert lengur þar sem vatn lekur betur af lóðréttum flötum en láréttum, og endast því í fjögur til sex ár.“ *thordis@frettabladid.is*

# Eftirlæti arkitekta

Hjá versluninni Parka í Kópavogi er að finna fremur forvitnilega nýjung í innréttingamálum. Um er að ræða handlaugar og innréttingahluta sem eru gerðir úr efni sem heitir korian-polymar og er það ýmsum kostum búið.

Til dæmis er hægt að móta það svo að vaskur og borðplata verða ein samfelld heild og því þarf ekki að bora gat í borðplötuna til að koma fyrir vaski. Svo má velja hvaða lit sem er á efnið; meira að segja skærgrænt, túrkisblátt, bleikt eða fjólublátt, og það þykir mörgum kærkomin tilbreyting þó flestir sem festa kaup á slíkum borðplötum velji hvítt.

Það er danska fyrirtækið Kitchen and more (www.kitchenandmore.dk) sem framleiðir innréttingar og handlaugar úr efninu eftir pöntun, en höfundurinn er húsgagnahönnuðurinn og arkitektinn Anders Nörgaard.

Borðplöturnar fást með innréttingum frá Parka en handlaugar, eins og sú sem sjá má á myndinni, er hægt að kaupa óháð innréttingum.

Innréttingahlutar og handlaugar úr korian-polymar efni komu á markaðinn hérlendis í mars og að sögn Gunnhildar Þórarinsdóttur, tækniteiknara hjá Parka, fara vinsældir þess sívaxandi þar sem viðskiptavinum þyki það óneitanlega kostur að vaskurinn sé órjúfanlegur hluti borðplötunnar. Hvað handlaugarnar varðar segir hún þó almenning svolítið feiminn við svo óvenjulega framleiðslu þó að flestir arkitektar sem í búðina komi séu á einu máli um ágæti þeirra.



**Þessi óvenjulega handlaug er gerð úr efninu korian-polymar en arkitektar eru flestir á einu máli um ágæti hennar þótt almenningur sé feimnari við að ganga svona langt í frumlegheitum.**

Afgreiðsla á sérpöntuðum innréttingum tekur um tíu vikur en þær eru framleiddar í verksmiðju Kitchens and more í Danmörku áður en þær eru sendar sjóleiðina til Íslands. *margret@frettabladid.is*

VELFAC



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Gluggar fyrir lífið

Velfac gluggar eru hannaðir og framleiddir með hámarks endingu í huga. Betri ending þýðir einfaldlega minna viðhald og lægri kostnað þegar fram líða stundir. Hönnunin er einföld og stílhrein sem gerir það að verkum að Velfac gluggarnir fara aldrei úr tísku.

- **Ál-tré gluggar**
- **Lágmarks viðhald**
- **Falleg og tímalaus hönnun**
- **Aukin vörn gegn innbrotum**
- **15 ára reynsla á Íslandi**
- **10 ára ábyrgð**



**www.formaco.is**

formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · formaco@formaco.is



Kjarvalsstaðir er viðeigandi umgjörð um afhendingu byggingarlistaverðlauna.

# Íslensk byggingarlistaverðlaun

Arkitektafélag Íslands mun úthluta byggingarlistaverðlaunum í fyrsta sinn 20. október næstkomandi. Fjárhagslegur bakharl þeirra er þróunarfélagið Þyrping. „Í raun hefur staðið mjög lengi til að svona verðlaun verði veitt,“ segir Haraldur Helgason, framkvæmdastjóri arkitektafélagsins. Hann getur þess að DV og ýmsir aðrir hafi veitt verðlaun fyrir byggingarlist en þar hafi félagið ekki komið nærri, nema þeir arkitektar sem DV hafi snúið sér til beinlínis og fengið í dómnefnd. „Nú er kominn traustur bakhjarl þar sem Þyrping er og menntamálaráðherrann ætlar að blessa tiltækið með því að veita verðlaunin þegar þar að kemur, svo framarlega sem hún verður á landinu. 20. október varð fyrir valinu því það er opinber afmælisdagur arkitektafélagsins sem var stofnað 1936 og það er vel við hæfi að hnýta þetta tvennt saman,“ segir Haraldur.

Tilnefningum á að skila til Arkitektafélagsins að Engjategi 9 annaðhvort í landpósti eða tölvupósti (ai@ai.is) fyrir 12. september og sérstök valnefnd mun fara yfir þær, að sögn Haraldar.

Til stendur að verðlaununum verði úthlutað annað hvert ár og þá veitt byggingum sem eru teknar í notkun eða vígðar þar á milli. Reyndar eru viðurkenningarnar ekki eingöngu bundnar byggingum, heldur líka skipulagi og bókmenntum tengdum byggingarlist. Þær byggingar sem til greina koma nú eiga að vera teknar í notkun í ársbyrjun 2005 eða síðar en ef um skipulagsverkefni er að ræða er miðað við samþykki skipulagsyfirvalda og hugverk eða ritverk við útgáfudag.

Verðlaunin verða veitt á Kjarvalsstöðum við hátíðlega athöfn og höfundunum veitt heiðursskjal. Einnig verður útbúinn skjöldur sem festur verður við verðlaunaverkið ef hægt verður að koma því við.



Verslunin MAX í Garðabæ er stálgrindarhús sem Bakkafell og Virkjun reistu í sameiningu.

# Traust hús reist úr stáli

**Bakkafell ehf. flytur inn stálgrindarhús frá Lúxemborg. Með notkun stálgrindarhúsa er hægt að stytta byggingarferlið til muna.**

Bakkafell ehf. er umboðsaðili ASTRON Buildings sem framleiðir stálgrindarhús auk þess að tengjast vinnu við hönnun þeirra. Undanfarin ár hefur Verktakafyrirtækið Virkjun ehf. byggt flest þeirra húsa sem Bakkafell hefur flutt til landsins.

„Helsti kostur stálgrindarhúsa er sú hagræðing sem þeim fylgir meðal annars með styttingu byggingartímans og lægra verði,“ segir Kjartan Rafnsson, tæknifræðingur og sölustjóri hjá Bakkafelli. Stálgrindurnar eru framleiddar í Lúxemborg þar sem jafnframt öll verkfræðivinna fer fram þar. Húsin mæta íslenskum kröfum og hámarksveðurþol og fleira eru forsniðin en vinna með arkitektum fer þó öll fram hérlendis. „Oftast vinnum við með arkitektum frá grunni. Okkar reynsla er sú að því fyrr sem samstarf hefst þeim mun meiri hagræðingu náum við fram, því oft er verra að yfirfæra kerfið á teikningar eftir á,“ segir Kjartan.



Hér getur að líta nokkur stálgrindarhús við Köllunarklettsveg.

Bakkafell hefur flutt inn og komið að hönnun rúmlega 30 stálgrindarhúsa hérlendis. „Mjög auðvelt er að breyta notkun þessara húsa, og eru þau mjög sveigjanleg að því leyti,“ segir Kjartan. Þó að flest húsin séu iðnaðar- eða verslunarhús segir hann að í raun henti þau til hvaða byggingategunda sem er og erlendis séu háhýsi undantekningalaust úr stáli. Ítarlegar upplýsingar um stálgrindarbyggingar má finna á nýrri heimasíðu Bakkafells, www.bakkafell.is.

*kristineva@frettabladid.is*


Sólskálar



Svalalokanir



Svalaskjól



Gluggar



Hurðir



Reyrhúsgögn



Rennihurðir



-Stofnað 1984-
www.solskalar.is
Sími: 554 4300
Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ
GLUGGAR & GARÐHÚS ehf

# DÚKÞAK ehf

...á þökin

## Sími 564 1030

### Ecoseal og hönnun

Það er mikilvægt að hafa umhverfisvæna valkosti í þakhönnun. Aukin gæði þakefna eru líka æskileg. Ecoseal er styrkt fjölliða sem hefur báða fyrrnefnda kosti og það sem meira er - á samkeppnishæfu verði. Umhverfisvænar vörur, áratuga notkun og góð reynsla geta farið saman við eðlilegt verð þegar þær eru bornar saman við önnur þakkerfi sem eru skaðleg umhverfinu.

Hafðu samband við sérfræðinga okkar og við aðstoðum þig við að finna lausn á lágmarks verði með hámarks endingu.

## MEÐ ECOSEAL ER NÁTTÚRAN VARIN



Ecoseal er umhverfisvænn þakdúkur sem inniheldur ekki plastesiser og er án eiturefna.

Ecoseal TPO-dúkur er sá mest notaði í heiminum af þessari tegund.



Ecoseal veitir 15 ára ábyrgð.

Ecoseal dúkurinn stenst alla alþjóðlega staðla og íslenskar reglugerðir.



Dúkþak ehf Melabraut 24 220 Haf. www.dukthak.is




















Pétur Daníelsson, framkvæmdastjóri Granítsmiðjunnar, segir steininn njóta sífellt meiri vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Granít á slitfleti, húsgögn og utan á heilu blokkirnar

**Granítsmiðjan í Hafnarfirði smíðar allt sem hugurinn girnist úr graníti.**

Granítsteinninn hefur verið notaður frá örófi alda og nú í síauknum mæli á Íslandi. „Granít er steinn sem myndast við mikinn þrýsting og hita neðansjávar, við plötuskil. Afraksturinn er náttúrusteinn sem er gríðarlega þéttur og þolir mikið álag,“ segir Pétur Daníelsson, framkvæmdastjóri Granítsmiðjunnar í Hafnarfirði, sem hefur verið starfrækt frá 2003.

Að sögn Péturs er vinnsla á granít mjög tímafrek enda steinninn gríðarlega harður. „Við notum verkfæri sem einnig eru notuð á demanta. Þegar steinninn er klár er yfirborðið orðið eins og gler að þéttleika,“ segir Pétur.

Steinninn er keyptur á Ítalíu en er meðal annars upprunninn í Noregi, Afríku og á Indlandi. „Það er ekkert granít á Íslandi enda landið of ungt til þess að þessi steintegund hafi náð að myndast hér,“ segir Pétur.

Granítið hentar mjög vel á alla slitfleti og er notað mikið í borðplötur og bekki en líka utan á hús. „Steinninn er að meðaltali 600 milljón ára gamall og breytist ekki. Þess vegna er hann mikið notaður utan á hús á meginlandi Evrópu og við erum byrjuð að gera hið sama hér,“ segir Pétur.



Eldhúsbekkir úr graníti eru algengir enda steinninn gríðarlega slitsterkur.



Magnús og Finnbjörn Magnússynir við vaskasmíð hjá Granítsmiðjunni.



Innréttingar og vaskar á baðherbergi eru meðal verkefna smiðjunnar. Sum baðherbergi eru einnig klædd graníti í hólf og gólf.

Aðalframleiðslan er þó borðplötur fyrir eldhús og baðherbergi ásamt sérsmíðuðum hlutum. „Við smíðum allt sem fólki dettur í hug. Hvort heldur sem fólk vill klæða heilu herbergin í hólf og gólf, eða einstök húsgögn,“ segir Pétur og nefnir þar skrifborð með skúffum, sem allt var smíðað úr graníti. „Áður fyrr var mikið unnið úr marmara og við smíðum líka úr honum enn þá. Granítið er bara sterkara og er nú orðið notað til að klæða heilu blokkirnar. Fólk er líka farið að leggja meira í innréttingar enda var steinninn notaður í píramídana sem standa enn,“ segir Pétur.

rh@frettabladid.is


LANDVÉLAR - Opera
http://www.landvelar.is
"... vert að muna."
HÁÞRÝSTIÞVOTTADÆLUR
og annað það sem til þarf.....
· Fyrir fagmanninn og í bílskúrinn
· 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
· Ein fasa og þriggja fasa
. Bensín- eða glussa drifnar
· Háþrýstislöngur og fittings
· Spíssar og framlengingar
· Hvirfilspíssar (túrbó)
PULITECNO
INTERPUMP
PULITECNO
TSX
aquila
AQUILA
S. 580 5800 - Fax 580 5801
landvelar@landvelar.is
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogur
STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akureyri - S. 461 2288
straumras@straumras.is

Hvað er verið að byggja?

# Tuttugu þúsund fermetra verslunarhúsnæði

**Breyttir Holtagarðar munu opna í lok þessa árs. Gólfrými eykst um 8.000 fermetra og bílastæðafjöldi tvöfaldast.**

Töluverðar breytingar eiga sér nú stað á Holtagörðum. Verið er að bæta einni hæð við húsið svo að gólfrými fer úr 12.000 fermetrum í 20.000 fermetra. Ennfremur á að bæta bílastæðapalli fyrir framan húsið og verða því bílastæðin samtals 800, eða tvöfalt fleiri en áður.

Í húsnæðinu verður áfram þjónusta og verslun og munu Bónus og Landsbankaútibú ekki færa sig um set en stækka lítið eitt. Ennfremur bætist fjöldi verslana við svo sem stórverslun Hagkaupa á fyrstu hæðinni.

Hún verður svipuð að stærð og sú í Smáralindinni eða um 8.000 fermetrar. Stór Útilífsverslun og MAX-verslun opna í Holtagörðum og Brauð og kökulist Jóa Fel mun opna bakarí og kaffihús þar sem Rúmfatalagerinn var áður. Viðræður eru um að Vínbúð verði í Holtagörðum líkt og fyrir breytingar en einnig eru viðræður við aðra aðila um þau svæði sem ekki hafa enn verið leigð út.

Húsnæðið verður tilbúið fyrir jólin, Jói Fel opnar í lok október en Hagkaup mánuði síðar. Holtagarðar eru í eigu Fasteignafélagsins Stoða.

*mariathora@frettabladid.is*



8.000 fermetra Hagkaupsverslun er meðal nýrra verslana sem opna munu í Holtagörðum.



Miklar framkvæmdir eiga sér stað í Holtagörðum þar sem IKEA var áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Viðhaldsfríar

ÞAKRENNUR

*Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri" klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar" þakrennur.*

*Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.*

*Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.*

*Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.*

**Hágæða**

**Varmaskiptasamstæður loftræstistokkar og tengistykki**



HAGBLIKK ehf.

*Smiðjuvegi 4C*
*Box 281 202 Kópavogur*
*Sími 587 2202 Fax 587 2203*
*hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is*

Augl. Þórhildar 1460.24

# Framtíðartækifæri fyrir iðnaðarmenn



## Hvað gerir Fjarðaál að góðum vinnustað fyrir metnaðarfulla raf- og véliðnaðarmenn?

### Fjölbreytt tækifæri á spennandi vinnustað

Í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls starfar metnaðarfullur hópur tæknimenntaðra sérfræðinga. Takmark Fjarðaáls er að verða í fremstu röð á heimsvísu í meðferð og viðhaldi tækja. Allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í að tryggja áreiðanleika tækjanna og viðhaldi er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra. Iðnaðarmenn vinna í teymum og verkefnin eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á frumkvæði og stöðugar endurbætur. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

### Góð laun fyrir vaktavinnu eða dagvinnu

Í boði eru vakta- og dagvinnustörf fyrir raf- og véliðnaðarmenn. Góðir möguleikar eru á aukavinnu og viðbótartekjum fyrir þá sem þess óska.

| Laun útlærðra iðnaðarmanna miðað við 15% árangursávinning | Vaktavinna | Dagvinna |
|---|---|---|
| | 15 tólf tíma vaktir í mánuði | 40 stunda vinnuvika |
| Heildarárslaun | 5,4 milljónir kr. | 3,6 milljónir kr. |
| Mánaðarlaun | 450 þúsund kr. | 303 þúsund kr. |
| Meðaltímakaup | 2.500 kr. | 1.700 kr. |

### Öryggi og velferð starfsmanna ávallt í fyrirrúmi

Allt vinnufyrirkomulag miðast við að koma alfarið í veg fyrir vinnutengd slys og óþægindi. Iðjuþjálfi leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heimsækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn Fjarðaáls hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til læknisþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum. Starfsmenn fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir íþróttatíma í Fjarðabyggðarhöllinni. Boðið er upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

### Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið

Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðlinum fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá flugmiða með Flugfélagi Íslands á hagstæðum kjörum.










ÍSLENSKA SIA.IS ALC 38801 08.2007

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 71000 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA



Ný viðbygging við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi.

# Sjúkrahúsið á Selfossi stækkar

Nú standa yfir framkvæmdir við nýja viðbyggingu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi. Framkvæmdir hófust haustið 2004, en utanhússfrágangi er þegar lokið og nú unnið að frágangi innanúss. Nýja byggingin rís vestan við núverandi sjúkrahús og tengist því.

Húsnæðisskortur hefur um nokkurt skeið hamlað starfsemi stofnunarinnar sem nú þjónar mun fleiri sjúklingum en áður og býður stöðugt fjölbreyttari þjónustu. Viðbyggingin er þrjár hæðir og kjallari, en stærð hússins er alls 5.256,1 fermetri. Á fyrstu hæð er heilsugæslustöð, á annarri og þriðju hæð hjúkrunarheimili fyrir aldraða og í kjallara eru stoðrými, auk óráðstafaðs rýmis. Aðalinngangur verður í tengibygginguna og þaðan farið í hjúkrunarheimilið og heilsugæslustöðina. Heilsugæslan verður með átta teymi, það er lækni og hjúkrunarfræðing, og þjónar svæði með um sjö þúsund íbúa.

Aðalhönnuður er Helgi Hjálmarsson arkitekt á Teiknistofunni Óðinstorgi sf. Verktakar eru JÁ verktakar.

# Base ehf. kaupir eignir á Keflavíkurvelli

Fyrstu eignirnar á starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar voru seldar 20. ágúst síðastliðinn. Fjöldi tilboða barst en að lokum var gengið til samninga við Base ehf. sem bauð í allar byggingar sem auglýstar voru.

Ákveðin hugmyndafræði liggur að baki kaupum Base en til stendur að byggja upp Tæknivelli til framtíðar þar sem allar iðngreinar geta fengið aðsetur. Allt svæðið yrði sérstaklega útbúið þannig að það geti boðið til leigu mannvirki til að hýsa þróun í iðnaði með áherslu á verkfræði, raunvísindi, tölvuþróun, dreifingarmiðstöðvar, flugtengda starfsemi, hátæknibúnað fyrir matvælaiðnað, nýsköpun, arkitektúr o.s.frv.

Eignarhaldsfélagið Base ehf. var stofnað 19. janúar í ár en stofnaðilar eru Hringrás ehf., N1, ÍAV Þjónusta ehf., Meistarahús ehf., Hótel Keflavík ehf., Rafholt ehf., Eignarhaldsfélagið AV ehf., DM ehf., Húsanes ehf., Lykil ráðgjöf ehf, Víkur ehf. og Sparisjóður Keflavíkur. Einnig mun Base ehf. ætla að vera með sérstakan þjónustukjarna staðsettan í miðju svæðisins. Base mun snyrta allt svæðið í kring á næsta hálfa ári en einnig stendur til að lagfæra mannvirkin. Alls voru seldar tíu fasteignir innihalda 22 byggingar. Heildarkaupverð eignanna er kr. 715 milljónir.





**● LEIGULIÐAR OG LANDEIGENDUR**

Í næsta tölublaði Sumarhússins og garðsins verður fjallað ítarlega um málefni leiguliða sumarbústaðalóða. Undanfarin misseri hafa reglulega verið birtar fréttir af því að nýir eigendur jarða, sem leigðar hafa verið undir frístundahús, bjóði leiguliðunum að kaupa landið á uppsettu verði og hóta að hækka leiguna margfalt, þýðist leigjendurnir ekki boðið. Leiguliðar, sem margir hverjir hafa ræktað landið áratugum saman, hafa margir verið ósáttir við þessa þróun mála meðan eigendurnir segja eingöngu um eðlilega þróun fasteignaverðs að ræða.

Í ágúst rann út sá tími sem almenningi var gefinn til að senda inn umsagnir um drög að frumvarpi um frístundahús. Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu má gera ráð fyrir að búið verði að fara yfir athugasemdirnar og semja ný drög að frumvarpi áður en þingið kemur saman í næsta mánuði.

Eins og áður sagði mun Sumarhús og garðurinn fjalla ítarlega um þessi mál.

www.rit.is


## LÍNUHÖNNUN - NÝBYGGINGARSVIÐ SPENNANDI TÆKIFÆRI

- ERTU VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR MEÐ ÁHUGA Á BURÐARÞOLI, LÖGNUM EÐA LOFTRÆSTINGU?
- ERTU TIL Í AÐ STARFA Í SKEMMTILEGU HÖNNUNARTEYMI ?
- ERTU MEÐ GÓÐA SKIPULAGSHÆFILEIKA ?
- ERTU TIL Í AÐ TAKAST Á VIÐ STÓR OG KREFJANDI VERKEFNI ?



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2007

ISO 9001
ISO 14001

Ef svarið er já, hafðu þá samband !

Frekari upplýsingar gefa Ásta Björk Sveinsdóttir starfsmannastjóri, sími: 585-1505, asta@lh.is og Arinbjörn Friðriksson, sími: 585-1564, arinbjorn@lh.is.

Umsækjendur geta einnig sótt um á heimasíðu okkar: **www.lh.is**

Línuhönnun hf. er framsækin verkfræðistofa sem leggur metnað sinn í fagmennsku, vönduð vinnubrögð og léttan og skemmtilegan starfsanda. **Þekking starfsmanna og hæfni þeirra er mikilvægasta auðlind fyrirtækisins**. Línuhönnun hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir starfsemi sína og þjónustu. Kjörorð Línuhönnunar og loforð til viðskiptavina er:

....á vit góðra verka....

Línuhönnun verkfræðistofa

Suðurlandsbraut 4A
108 Reykjavík
www.lh.is

Sími: 585 1500
Fax: 585 1501
lh@lh.is

# PVC Gluggar • Sólhýsi Hurðir • Svalalokanir



*Frábær lausn í bæði gamalt og nýtt: Einbýlið, fjölbýlið, sumarhúsið eða hvar þar sem fegurð og gæði njóta sín.*



DANLINE gluggar



TOPLINE gluggar og hurðir











***Hafðu samband og við ráðleggjum þér***

## GLUGGA- OG GLERHÖLLIN

Ægisbraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828
Netfang: glerhöllin@glerhöllin.is • Heimasíða: www.glerhöllin.is

***Einangrunargler - Öryggisgler – Speglar***

# Afturhvarf til fortíðarinnar



Í Dúkalandi er mikið úrval af gólfdúkum og Olgeir Kristinsson sölufulltrúi segir linoleum-dúkana mjög vinsæla. „Undanfarin ár hefur verið mjög stöðug sala á gólfdúkum en upp á síðkastið hefur frekar aukist aftur sala á linoleumdúkum,“ segir hann.

Ástæðan fyrir aukinni sölu á linoleum-dúkunum er að sögn Olgeirs ákveðið afturhvarf til fortíðarinnar. „Linoleum-dúkarnir eru tölvert notaðir á heimilum með þessum gamla stíl sjöunda áratugarins sem hefur verið vinsæll en annars er sala á dúkum á eldhús og svoleiðis bara búin að vera stöðug og sala á dúkum á atvinnuhúsnæði rúllar náttúrlega alltaf,“ segir hann. *- eö*



**Olgeir segir að linoleumdúkar séu vinsælir en þeir eru til í öllum mögulegum litum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Guðni er dúklagningameistari og dúkleggur bæði og veggfóðrar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mjúkt og gott gólfefni

**Guðni Jón Stefánsson dúkalagningameistari rekur fyrirtækið GS dúkalagnir. Hann mælir hiklaust með linoleumdúkum sem gólfefni.**

Guðni segir að síðustu ár hafi verið mikið að gera í dúkalögnum á atvinnuhúsnæði en almennt ekki eins mikið í heimahúsum og á árum áður þó að það sé aðeins að aukast aftur. „Núna er orðið svolítið um það að fólk sem er að endurnýja eldra húsnæði vilji fá linoleum-dúka eða korkflísar á öll gólfin hjá sér en annars erum við aðallega að dúkaleggja eldhús og baðherbergi og baðherbergin oft í hólf og gólf,“ segir hann.

Gríðarlegt úrval er til af dúkum í öllum mögulegum litum að sögn Guðna og ekki neinir sérstakir litir sem eru vinsælir frekar en aðrir. „Litaflóran er svo mikil að það er allur gangur á því hvaða liti við erum að leggja. Svo getum við líka munstrað saman mismunandi liti og það kemur oft voðalega skemmtilega út. Kannski engar rosalegar myndir á gólfið en það getur verið skemmtilegt að hafa til dæmis svona ramma utan um þar sem stólarnir eru og mixa þessu aðeins saman. Fólk er þá yfirleitt með grunnhugmyndir og svo útfærum við þetta með þeim,“ segir hann.

Kostir gólfdúka eru margir að mati Guðna. „Ef lagður er linoleum-dúkur á flöt þá þarf eiginlega ekkert að hugsa um viðhald næstu þrjátíu árin á meðan parkett til dæmis þarf mikið meira viðhald. Að því leyti er dúkurinn mikið skemmtilegri lausn. Fjölbreytnin er líka mikil og möguleikarnir margir auk þess sem dúkar eru mjúkt og gott gólfefni og auðvelt að þrífa þá.“

*emilia@frettabladid.is*






TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS











pgv

## LENGDU SUMARIÐ ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur og svalalokanir úr PVC-u.
Þeim fylgir 10 ára ábyrgð.

Sólstofurnar eru á frábæru verði og eru einfaldar og fljótlegar í uppsetningu.

Framleiðum einnig viðhaldsfría PVC-u glugga og hurðir á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds.

Hafðu samband og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

PGV ehf. · Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnafjörður · Sími: 564 6080 · Fax: 564 6081 · www.pgv.is

## Ýmislegt



Súrefnismettunar-og púlsmælar á frábæru verði frá framleiðandanum MedChoice. Verð frá 7.657.- til 15.750 kr. K-Matt. ehf sími.421-8999 eða k-matt@k-matt.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

**Viltu verða stílisti?**
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

## Ökukennsla

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Electrolux eldavél í góðu standi, fæst ódýrt. Sími 867 4607.

## Dýrahald



Ameriskur cocker spaniel bara einn eftir, rakki 10 vikna. Litur black&tan. Bólusettir, ormahreinsaðir og ættbókarfærðir hjá HRFÍ. Tilbúinn til afhendingar. Uppl. í s. 661 4331 & 695 7596

8 mán. pomeranian tík til sölu, ættbókarfærð frá íshundum. Uppl. í s. 863 8596

10 vikna svört Labrador tík til sölu. Óættbókarfærð upp. í s. 699 3070

## Ýmislegt



**- Beachcomber -**

**Kanadískir heitir pottar**
**Sumartilboð á heitum pottum. Eigum potta til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.**

**11 ára reynsla á Íslandi.**
**Opið alla daga frá 14 til 21.00.**
**Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 80.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

## Byssur

Til sölu Browning A5, vel meðfarin. Hafið samband í síma 869 8478.

## Fyrir veiðimenn

ÚTSALA
allt að
70% afsláttur
RB
veiðibúð
SKÚTUVOGUR 4 | 104 REYKJAVÍK
SÍMI 581 2121 | www.rbv.is

**Góðir maðkar**
til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 2ja herb íbúð á 1 hæð við Mýragötu 101 Reykjavík fullbúinn húsgögnum leiguverð 130.000 á mánuði 3ja mán trygging upplýsingar í sima 6903031

100fm 3ja. herb íbúð í hverfi 108 með sérinngangi. Leiga 150.000kr. Laus Strax. Upplýsingar sendast á leiga108@visir.is

Til leigu glæsilegt einbýlishús á Suðureyri laust fljótlega eftir miklar endurbætur Árbakki ehf s. 845 5625.

Hef lítið herbergi til leigu miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, TV, rúm, skrifborð og aðgengi að baðherbergi og eldhúsi. Upplagt fyrir stúlku eða konu af landsbyggðinni. Svar sendist til fréttablaðsins merkt 511.

Rúmgott herbergi til leigu, m/ aðg. að fullbúnu eldhúsi, stöð 2, þvottavél og wc. Hentar jafnt pari sem einstakling. Leiga 50 þús. á mán. + 2 mán. í tryggingu. Uppl. í s. 845 1451.

Risíbúð til leigu í Kóp. frá 1. sept. ca 70 fm, 3 herb. 95 þús. með hita Greiðsluþjónusta og tryggingavíxill. Námsfólk æskilegt. S. 554 2542.

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 & 896 1306.

Studioíbúðir og herbergi til leigu til vors '08 sýnist milli kl. 18-19 í dag. Hotel Atlantis Grensásveigi 14.

Til leigu 3ja herb., 83fm, íbúð í Hlíðunum, 120þ. kr. p./m. Innifalið, hiti, rekstur sameignar og hússjóður. Uppl. í s. 898 3146 eða 899 5554.

67fm 2ja herb. íbúð til leigu í 111, rétt hjá FB. Bónus o.fl. þjónusta í nágr. Stórt svefnherb. með góðum skáp, hægt að koma fyrir uppþvottavél í eldhúsi. Leiga 100 þús per mán + hússj. og rafmagn. 3ja mánaða trygging skilyrði. S. 824 4490

## Húsnæði óskast

Reyklaust par óskar eftir stúdíó íbúð fyrir 60 þús. eða minna í Reykjavík. Vantar íbúð strax. Uppl. í s. 891 7594.

SÁRVANTAR ÍBÚÐ Í GARÐABÆ.Einstæð móðir (1barn) ,í fastri vinnu,róleg og ábyrg í leit að góðu heimili. S:6635610

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**Pantið tímanlega fyrir húsvagninn**
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka Stór hjólh. + húsb. 11.875 p. mán. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 p. mán. Fellih. 6.875 p. mán. í 8 mánuði S. 564 6500.

## Gisting

**Stúdíóíbúð í Reykjavík**
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 861 2319.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki.**
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152 eða Smáralind.**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurveri, Austurveri, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13, 08-16 & 15-19. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.**
**Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókareyðublöð á www.bakarameistarinn.is**

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Einnig óskum við eftir manneskju í fullt starf, unnið er 15 vaktir í mánuði og fólk í kvöld og helgarvinnu. Góð vinna með skóla.**
**Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirtalin störf. Frá 06.30 - 14.00 virka daga, og einn dag aðra hverja helgi. Einnig eftir hádegi frá 12:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.**
**Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Einnig vantar helgarstarfsfólk.**
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.**

**Nýr og glæsilegur skemmtistaður**
**Nýr og glæsilegur skemmtistaður óskar eftir starfsfólki í allar stöður.**
**Áhugasamir hafi samband við Rakel í s. 617 8610 & rakel@rubin.is**

**Atvinna Atvinna**
**Rúmfatalagerinn Skeifunni óskar eftir að ráða duglegt fólk í afgreiðslu virka daga.**
**Um 50 - 100% vinnu er að ræða.**
**Allar nánari upplýsingar eru veittar á staðnum eða hjá verslunarstjóra í síma 820-8003.**
**Rúmfatalagerinn Skeifunni 13**

**Atvinna Atvinna**
**Rúmfatalagerinn Smáratorgi óskar eftir að ráða duglegt fólk í afgreiðslu á kassa**
**Allar nánari upplýsingar eru veittar á staðnum eða hjá verslunarstjóra í síma 820-8004. Rúmfatalagerinn Smáratorgi**

**Bakarí Garðarbær**
**Kökubankinn vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar hentar vel skólafólki.**
**Uppl. hjá Þóru í síma 891 8258 eða á staðnum 565 8070.**

**Bakaríið Hagamel 67**
**Óskar eftir að ráða hresst og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi.**
**Ekki yngri en 16 ára.**
**Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Lager-útkeyrsla**
Starfsmaður óskast á hjólbarðalager N1, Bíldshöfða. Um er að ræða öll almenn lagerstörf ásamt útkeyrslu. Nánari upplýsingar um starfið veitir Lórenz Þorgeirsson í síma 440 1250. Einnig er hægt að sækja um starfið á www.n1.is

**Ræstingar**
**Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða fólk á besta aldri í kvöldræstingar fyrir austan Elliðaár, einnig laus afleysingastörf á sama svæði.**
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í síma 821 5059.**

**Heildsala leitar að starfsmanni**
**Rótgróin heildsala leitar að starfsmanni í sölu- og vörukynningar í apótekum. Viðkomandi þarf að hafa góða mætingu, vera reyklaus og hafa góða framkomu. Við leitum að sjúkraliða eða starfmanni með sambærilega reynslu. Góð reynsla af brjóstagjöf er æskileg.**
**Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt meðmælum til Fréttablaðsins merk „sept07" fyrir 5. sept. nk.**

**Verslunarstjóri Serrano í Kringlunni**
**Serrano leitar verslunarstjóra á veitingastaðinn í Kringlunni**

**Starfssvið Verslunarstjóra :**

**- Ráðningar starfsfólks og umsjón með starfsmannamálum**
**- Uppgjör**
**- Afgreiðslustörf**
**- Umsjón með vöktum**
**- Pantanir og birgðahald**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

**- Reynsla af störfum í verslun eða á veitingastöðum**
**- Viðkomandi verður að vera mjög þjónustulundaður**
**- Viðkomandi verður að vera sterkur í mannlegum samskiptum.**
**- Reynsla af rekstri mikill kostur.**

**Vinsamlegast sendið umsóknir á einar@serrano.is. Allar nánari upplýsingar veitir Einar Örn í síma 896-9577 eða á einar@serrano.is**

**Skalli Hraunbæ Aukavinna+dagvinna**
Vantar hresst og duglegt fólk í kvöld og helgarvinnu í vetur. Einnig vantar starfsmann í dagvinnu frá 9-14 virkadaga góð laun. Lágmarksaldur 17.ára. Uppl. í s. 567 2880 milli 14-17 alla virka daga

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfsfólki til afgreiðslustarfa í verslunum sínum. Helga gefur frekar upplýsingar í síma: 699-5423

Kranamaður óskast á 40 tonna bílkrana. Góð laun í boði, góður vinnutimi. upplýsingar í síma 6601701 Freyr og 6601704

Óskum eftir mönnum í smíðavinnu, fullt starf og hlutastarf. Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Uppl. í s. 821 9812 & 697 7808 Gunnar og Leó.

Heildverslun óskar eftir sölufólki strax, reynsla æskileg, Bíll til umráða nauðsynlegt, til að byrja með. Umsóknir sendist á ffc@simnet.is eða á fax 561 0708.

**American style Hafnarfirði**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is

Framtíðarstörf - móttaka og afgreiðsla Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa á pósthús víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að sjálfstæðu, úrræðagóðu og þjónustulunduðu starfsfólki sem geta hafið störf fljótlega. Nánari upplýsingar gefa Heiða í síma 580-1263 og Herdís í síma 580 1128. Umsóknum skal skilað til: Íslandspóstur hf. Stórhöfða 29 110 Reykjavík Merkt: Afgreiðslustarf. Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

## TIL SÖLU

KOMATSU

Höfum til sölu
**KOMATSU WH609, WH714 og WH716**



Frábært verð!

**KRAFTVÉLAR**
Kraftvélar ehf. /// Dalvegi 6-8 /// 201 Kópavogi
Sími 535 3500 /// Fax 535 3501 /// www.kraftvelar.is

argus 07-0421

# VILTU VINNA Í GLÆSILEGRI OG SPENNANDI VERSLUN?

## Við leitum að metnaðarfullum og hæfileikaríkum einstaklingum til sölu- og afgreiðslustarfa

### Gólfefnadeild

**Vegna aukinna umsvifa í gólfefnadeildinni þurfum við að bæta við starfskrafti**

**Aðalstarfssvið:**
- Sala, ráðgjöf og þjónusta við einstaklinga og verktaka
- Aðstoð við uppbyggingu og þróun deildarinnar
- Pantanir frá vöruhúsi og birgjum
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla úr sambærilegu starfi æskileg
- Þekking á gólfefnum er kostur.
- Viðkomandi þarf að hafa áhuga og metnað til að ná árangri í starfi, vera heiðarlegur, stundvís, ásamt því að hafa góða framkomu og færni í mannlegum samskiptum

### Raftækjadeild og ljósadeild verslunarinnar
- um er að ræða hlutastörf

**Starfssvið:**
- Sala, ráðgjöf og þjónusta við einstaklinga og verktaka
- Aðstoð við uppbyggingu og þróun deildarinnar
- Pantanir frá vöruhúsi og birgjum
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla úr sambærilegu starfi æskileg
- Viðkomandi þarf að hafa áhuga og metnað til að ná árangri í starfi, vera heiðarlegur, stundvís, ásamt því að hafa góða framkomu og færni í mannlegum samskiptum

### Afgreiðslumaður á kassa

**Starfssvið:**
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Umsjón með gjafavörusvæðinu við kassana, útstillingum og verðmerkingum
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla úr sambærilegu starfi æskileg
- Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur, stundvís, ásamt því að hafa góða framkomu og færni í mannlegum samskiptum

**Viljum einnig bæta við íhlaupastarfsmönnum sem eru tilbúnir til að vinna seinni hluta dags á föstudögum og um helgar**

Umsóknir berist til Elínar Björnsdóttur verslunarstjóra, **elinb@egg.is.**

www.egg.is

EGG SMÁRATORGI

---

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

---

# SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

---

# Vélavörður

Vélavörð vantar á dragnótabát sem rær frá Reykjavík

Upplýsingar gefur Ásgeir Baldursson skipstjóri í síma 898-1103

---

FOSSHÓTEL Vinalegri um allt land — INNS OF ICELAND

**Langar þig að vinna hjá vinalegustu hótelkeðju Íslands?**

Laust er næturvarðarstarf í gestamóttökunni á Fosshótel Lind

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af svipuðu starfi æskileg
- Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum
- Þjónustulund og gestrisni
- Tölvu-, bókalds- og skipulagsfærni
- Vingjarnleiki
- 22 ára lágmarksaldur

Umsóknareyðublöð má nálgast á www.fosshotel.is

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Nánari upplýsingar veitir Lára Sigríður Haraldsdóttir, hótelstjóri, í síma 562 3350 eða í gegnum tölvupóstfangið lara@fosshotel.is

---




### Gestamóttaka (Næturvörður)

Vinnutíminn er frá 19:00 – 07:00

### Hæfniskröfur:

-Almenn tölvukunnátta
-Íslenska, enska og helst eitt norðurlandamál
-Hæfni í mannlegum samskiptum.
-Viðkomandi þarf að vera 25 eða eldri

**Umsóknir skulu sendast Sigurði á netfangið sigurdurs@hotel-ork.is og veitir hann nánari upplýsingar í síma 483-4700 eða 864-3122**

---

## TILKYNNINGAR

Svanur Sigurbjörnsson læknir hefur opnað læknastofu að Læknastöð Vesturbæjar, Melhaga 20-22, 107 Reykjavík (á horni Hofsvallagötu á hæðinni yfir apótekinu).



Sérgrein:
Lyflækningar fullorðinna

Dæmi: Háþrýstingur • kólesteról • offita • sykursýki • mat áhættuþátta og þreks • bakverkir • heilsuráðgjöf • fjölkerfavandamál

Tímapantanir í síma 562 8090 daglega frá 10-12 og 13-16

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.305 **+0,26%**

**Fjöldi viðskipta:** 516
**Velta:** 5.445 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| TEYMI | 6,02% | ATORKA | 1,60% |
| EIMSKIPAFÉLAGIÐ | 4,32% | ATLANTIC PETR. | 0,45% |
| LANDSBANKINN | 0,99% | KAUPÞING | 0,26% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,25 -1,60% ... Bakkavör 67,60 -0,15% ... Eimskipafélagið 42,25 +4,32% ... Exista 34,10 +0,29% ... FL Group 26,35 +0,57% ... Glitnir 28,45 +0,53% ... Icelandair 27,00 +0,37% ... Kaupþing 1.167 -0,26% ... Landsbankinn 40,75 +0,99% ... Straumur-Burðarás 20,60 +0,00% ... Össur 108,00 +0,94% ... Teymi 6,16 +6,02%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Líkur á að LME ráðist í yfirtöku

**Á hluthafafundi Stork í Hollandi í gær um yfirtöku Candover útilokaði talsmaður LME ekki eigin yfirtökutilboð. LME hefur lagt tæpa 44 milljarða í félagið.**

Líklegt er talið að LME, eignahaldsfélag Marels, Eyris Invest og Landsbankans, geri eigið yfirtökutilboð í hollensku iðnsamstæðuna Stork þegar yfirtökutilboð breska fjárfestingarsjóðsins Candover í samstæðuna rennur út. Samkvæmt heimildum blaðsins vinnur LME að því þessa dagana að fá með sér í verkefnið fleiri fjárfesta, hollenska og alþjóðlega.

LME er stærsti hluthafinn í Stork með yfir 32 prósenta eignarhlut.

Á hluthafafundi Stork, sem haldinn var í gærmorgun til að kynna fyrirliggjandi yfirtökutilboð Candovers, sagði Maarten Muller, lögmaður LME, að félagið myndi ekki taka boðinu sem er upp á 47 evrur á hlut og útilokaði ekki að LME kæmi fram með sitt eigið yfirtökutilboð. Lögmaðurinn lýsti jafnframt furðu sinni á hvernig staðið hafi verið að yfirtökutilboði Candover án samráðs við stærsta hluthafann sem er LME. „Og þegar er ljóst að nær helmingur hluthafa hefur lýst yfir andstöðu sinni við tilboð Candover," sagði hann og benti á að aðkoma fjárfestingarsjóðs á borð við Candover benti jafnframt til þess að til stæði að undirbúa einingar félagsins fyrir sölu. „Þetta sýnir að umræður sem átt hafa sér stað á hluthafafundum á síðustu mánuðum hafa lítið haft með stefnu að gera eða grundvallarreglur, heldur hafi fremur snúist um tímastetningu og síðar hvernig skipta eigi mögulegum framtíðarávinningi."



**SJOERD VOLLEBREGT** Formaður framkvæmdastjórnar Stork N.V. í Hollandi mælir með yfirtökutilboði Candover. LME sér tækifæri í Stork. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Stjórn Stork hefur hins vegar lýst yfir stuðningi sínum við tilboð Candover og tengt þann stuðning yfirlýsingum um að ekki stæði til að brjóta félagið upp.

Muller segir LME treysta því að yfirtaka Candover gangi ekki eftir að jafnframt verði komist hjá því að greiða Candover 15 milljónir evra vegna samningsrofs gangi hún ekki eftir. Er það meðal annars til að komast hjá slíkri greiðslu sem LME er talið bíða með að koma fram með eigið yfirtökutilboð. Yfirtökutilboð Candover rennur út 4. næsta mánaðar, en viðbúið er að félagið nýti heimild til að framlengja boðið um tvisvar hálfan mánuð.

LME hefur fjárfest í Stork fyrir um 500 milljónir evra, eða sem nemur tæpum 44 milljörðum króna. Fyrir helgi runnu út í sandinn viðræður milli LME og Stork en félagið hélt að sér höndum í frekari kaupum í félaginu á meðan. Töluverð velta var hins vegar með bréf Stork í gær og líkur á að eignarhlutur LME hafi skriðið yfir 35 prósenta markið. Félagið tilkynnti snemma í ágúst um að það væri komið í rúm 32 prósent, en er ekki tilkynningaskylt aftur fyrr en eignarhluturinn fer yfir 40 prósent.

olikr@frettabladid.is

# 5,5 milljarða sveifla var hjá HB Granda

HB Grandi var rekinn með ríflega 2,9 milljarða króna hagnaði á fyrri hluta ársins sem er mikill viðsnúningur frá fyrra ári þegar félagið tapaði tæpum 2,6 milljörðum króna. Á öðrum ársfjórðungi skilaði útgerðin 527 milljóna króna hagnaði samanborið við 1.221 milljónar króna tap í fyrra.

Sölutekjur námu um 8,2 milljörðum króna og jukust um 6,6 prósent á milli ára. Rekstrartekjur voru um 3,5 milljarðar á öðrum ársfjórðungi sem var tólf prósenta samdráttur. Hann skýrist af minni veiði á úthafskarfa og kolmunna auk sterkara gengis krónunnar.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1.930 milljónir króna á fyrri árshelmingi, án söluhagnaðar af skipum, eða um 23,6 prósent af rekstrartekjum. Í fyrra var EBITDA um 1.647 milljónir og framlegðarhlutfallið um 21,5 prósent. Félagið seldi annars vegar Engey með söluhagnaði en hins vegar féll til tap við sölu Sunnubergs. Skipastóll félagsins er nú tólf skip, þar af fimm frystitogarar.

Sem fyrr léku fjármagnsliðir stórt hlutverk í uppgjöri félagsins. Þeir voru jákvæðir um tæpa 1,7 milljarða króna á fyrri hluta ársins en neikvæðir um 4,1 milljarð í fyrra. Þarna var um 5,8 milljarða króna sveifla á milli ára sem skýrist einkum af gengismun og verðbótum.

Efnahagur HB Granda hefur styrkst á árinu; eiginfjárhlutfall hefur farið úr 27,4 prósentum í byrjun árs í 37,2 prósent í lok júní. Heildareignir námu um 29 milljörðum króna í lok júní og eigið fé stóð í 10,8 milljörðum. - eþa





**Námsmannaþjónusta Sparisjóðsins**

Við hjá Sparisjóðnum viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavini okkar. Félagar í Námsmannaþjónustunni njóta persónulegrar þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins, auk góðra kjara og spennandi sértilboða. Við erum alltaf til í að ræða málin – ef sambandið er gott, gengur allt annað betur líka.

Skoðaðu málið betur á **www.spar.is** til þess að komast í gott samband!

SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

LEO TOLSTOY FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1828

*„Við erum öll á þeirri skoðun að heimurinn mætti vera öðruvísi meðan enginn leiðir hugann að því hvernig breyta megi sjálfum sér.“*

***Rússneski rithöfundurinn og heimspekingurinn Leo Tolstoy hafði gríðarleg áhrif á marga af sínum merkustu samtímamönnum og er sjálfur talinn með merkustu hugsuðum sem uppi hafa verið.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 28. ÁGÚST 1879

## *Leiðtoginn handsamaður*

Cetshwayo konungur, síðasti mikli leiðtogi Zulu-manna, var handsamaður af Bretum þennan dag árið 1879. Konungurinn var sendur í útlegð og þar með lauk Zulu-stríðinu.

Upphaf innrásar Breta í Zululand má rekja til andstöðu Cetshwayo við breskri stjórn í suðurhluta Afríku.

Cetshwayo tók við konungstigninni að föður sínum látnum árið 1872. Hann var staðráðinn í að berjast gegn evrópskum yfirráðum í konungsríki sínu. Í desember árið 1878 neitaði Cetshwayo að leysa upp hersveitir sínar eins og Bretar kröfðust. Í janúar réðust því Bretar inn á land Zulu-manna. Bretar urðu fyrir miklu mannfalli í nokkrum bardögum. En í lok mars snerist gæfan þeim í hag í bardaganum við Khambula.

Þar handsömuðu þeir konunginn og sendu hann í kjölfarið í útlegð. Fjórum árum síðar fékk Cetshwayo að snúa aftur til að ríkja yfir hluta konungsríkis síns. Hins vegar höfðu þegnar hans misst álit á honum vegna ósigra hans og var hann því fljótlega gerður útlægur á ný en nú af þjóð sinni. Cetshwayo dó í útlegð árið 1884.



**CHETSHWAYO KONUNGUR. BARÐIST GEGN EVRÓPSKUM YFIRRÁÐUM.**

### MERKISATBURÐIR

**1818** Landsbókasafn Íslands er stofnað. Það hét upphaflega Íslands Stiftisbókasafn.

**1910** Vígslubiskupar eru vígðir í fyrsta sinn á Íslandi.

**1963** Martin Luther King Jr. mælti hin fleygu orð „Ég á mér draum“ í frægri ræðu við Lincoln-minnisvarðann í Washington.

**1967** Tólf manna áhöfn Stíganda frá Ólafsfirði finnst heil á húfi eftir að hafa verið í björgunarbátum á fimmta sólarhring.

**1986** Bylgjan hefur útsendingar. Hún var fyrsta útvarpsstöðin í einkaeign eftir að einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn.

**1996** Skilnaður Karls prins og Díönu prinsessu gengur í gegn.

**KRISTJÁN KRISTINSSON:** NÝKOMINN ÚR KARFATALNINGU VIÐ GRÆNLAND

# Allánægður með útkomuna

„Við erum ekkert ósáttir við mælinguna því útkoman er svipuð í heildina og 2005. Þó karfinn í efri lögunum hafi minnkað um þriðjung þá vegur aukning í neðri lögunum það upp, á 350 metrum og dýpra,“ segir Kristján Kristinsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, nýkominn úr alþjóðlegum karfaleiðangri á rannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni.

Talningin fór fram á svæðinu sunnan og suðvestan við Hvarf á Grænlandi, en Kristján segir aldrei hafa verið farið í land. „Þetta var 30 daga úthald og við fengum frábært veður fyrir karfamælingu. Hins vegar var hvalatalning líka og þeir sem stunduðu hana voru ekki alveg eins heppnir því það var dálítið um ís og þoku.“ Aðspurður segir hann sex manns af báðum kynjum, rússneska og íslenska, hafa séð um karfann og átta hafi verið í hvalnum.

Karfamælingarnar fara fram annað hvert ár. Í efri lögunum fer hann fram með bergmálsmælum en þar sem þeim verður ekki við komið er magnið mælt með togtilraunum. Kristján segir talið að heildarmagn á svæðinu frá lögsögu Kanada að Íslandi sé ríflega 1.2 milljónir tonna. „Þetta er tegund sem verður að fara gríðarlega varlega að hvað veiðar varðar. Hún er svo langlíf og viðkoman svo lítil. Ef um ofveiði eða fækkun er að ræða er hún lengi að ná sér upp,“ útskýrir hann.

Menn byrja veiðar yfirleitt um miðjan apríl og eru að fram í september/október, að sögn Kristjáns. „Menn hættu samt eitthvað fyrr núna og sumir færðu sig í Síldarsmuguna. Þar er karfi líka,“ segir hann.



**KARFINN SKOÐAÐUR** Rússneski fiskifræðingurinn Alexander og Einar Ásgeirsson rannsóknamaður. MYND/EINAR

Kristján var leiðangursstjóri 2005. „Þetta er mjög gaman,“ segir hann. „Þó svo farið væri á miðju sumri og það væri það besta sem komið hefur í Reykjavík í manna minnum.“

gun@frettabladid.is

†

**Björn Th. Björnsson**

er látinn,

**Ásgerður Búadóttir.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bjarni Helgason**

fyrrv. bifreiðastjóri, síðast til heimilis á Sólvöllum, Eyrarbakka,

lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum laugardaginn 25. ágúst.

**Erlingur Bjarnason Eygerður Þórisdóttir**
**Sigrún Bjarnadóttir Páll Sigurðsson**
**Jóhannes Bjarnason Hafdís Óladóttir**
**Helgi Bjarnason Margrét Bjarnadóttir**
**Hafdís Bjarnadóttir Guðjón Guðjónsson**
**Steinunn Bjarnadóttir Kjartan Jóhannsson**
**Sigríður Bjarnadóttir Hafþór Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, mágur og tengdasonur,*

**Kristján Sverrisson**

Garðavegi 6, Hnífsdal,

lést af völdum krabbameins á sjúkrahúsinu á Ísafirði föstudaginn 24. ágúst. Útförin auglýst síðar.

**Anna Valgerður Einarsdóttir**
**Anette Valgerður Einarsdóttir**
**Ásgeir Kristjánsson**
**Eva Margrét Kristjánsdóttir**
**Linda Marín Kristjánsdóttir**
**Ísak Þór Kristjánsson**
**Berglind Kristjánsson**
**Guðný W. Ásgeirsdóttir Sverrir Þorsteinsson**
**Ásgeir Sverrisson Unnur P. Stéfánsdóttir**
**Anna Karen Sverrisdóttir**
**Rakel Sverrisdóttir**
**Ríkharður Sverrisson Auður Pétursdóttir**
**Árni Árnason Lára Jónsdóttir**
**Margrét Haukdal Marvinsdóttir Einar E. Magnússon**



†

*Okkar ástkæri,*

**Þorgrímur Einarsson**

offsetprentari,

sem andaðist þriðjudaginn 21. ágúst á Elliheimilinu Grund, verður jarðsettur frá Fossvogskirkju þann 30. ágúst kl. 15.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og bróðir.**




# 30 ára afmæli

**Kristján Blöndal Jónsson**

Tek á móti gestum í dag frá 14-14.10 í vinnunni.

Allar gjafir vel þegnar.

Ef þið sjáið ykkur ekki fært að koma endilega hringið í 8636002.




†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Rolf Johansen**

stórkaupmaður, Laugavegi 46 ,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 30. ágúst kl. 13.00.

**Kristín Ágeirsdóttir Johansen**
**Agnes Johansen**
**Thulin Johansen Guðrún Þorleifsdóttir**
**Svava Johanssen Björn Sveinsson**
**Berglind Johansen Pétur A. Haraldsson**
**Ásgeir Johansen Aki Ishise Johansen**
**Kristín Johansen Halldór Harðarson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingunn S. Jónsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum mánudaginn 20. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 28. ágúst kl. 15.00.

**Jóna Gróa Sigurðardóttir Guðmundur Jónsson**
**Mattína Sigurðardóttir Sigurjón Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Magdalenu Jórunnar Búadóttur**

hjúkrunarfræðings, Hvassaleiti 129.

Þökkum starfsfólki Landspítalans í Fossvogi og á Landakoti fyrir afbragðsgóða og alúðlega umönnun og hjúkrun og þá sérstaklega starfsfólki á deild K-1 Landakoti.

**Höskuldur Baldursson og fjölskylda.**


20%
AF ÖLLUM GALLABUXUM
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
GALLABUXNADAGAR
ZIKZAK
TÍSKUHÚS




VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

**Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.**

**Verð frá kr.: 15.990**

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200



# STUÐ MILLI STRÍÐA: Reykjavík-capital of drinks

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** KALLAÐI ÓÖLDINA YFIR SIG



Seint þreytast siðvandir borgarar á því að ræða um þá óöld og stjórnleysi sem ríkir í miðborg Reykjavíkur. Drykkja, ólæti og blóðsúthellingar um hverja helgi. Íbúarnir geta varla sofið fyrir ónæði af þessum skríl sem virðist fátt annað geta fundið sér til dundurs en að brjóta gler úti um allan bæ. Og þetta kemur þeim allt mjög spánskt fyrir sjónir. Að unga fólkið skuli hreinlega hafa þetta í sér að drekka, berja og lemja alla nóttina, um allar helgar, allan ársins hring. Verst er þetta víst þegar blásið er til stórveislu eða þegar viðrar vel í þessu veðravíti sem Ísland annars er.

Reykjavík var fyrir rúmum tveimur áratugum síðan óþekkt stærð. En síðan komu Reagan og Gorbatsjov og augu heimsbyggðarinnar beindust að þessari norðlægu höfuðborg. Markaðsöflin gripu gæsina, töldu sig hafa náð feitum bita og veltu því fyrir sér hvernig væri nú best að kynna Reykjavík fyrir heiminum. Hamra járnið á meðan það væri heitt enda ekki á hverjum degi sem annar eins fjölmiðlaher hefði safnast fyrir á þessari litlu eyju.

Ekki varð menningin ofan á og varla þótti það flott að geta sagt að þar væri að finna styttu af Leifi Eiríkssyni eða einhverja Hallgrímskirkju. Nei, Reykjavík var borg fyrir þá sem vildu lyfta sér upp með búsi og kvennafari. Drykjuborg Evrópu sem aldrei svæfi.

„One Night Stands in Reykjavík“ var meðal annars auglýst. Menn gætu borgað fúlgur fjár fyrir nokkra öllara og þar að auki komist í kynni við lausgyrt kvenfólk sem biði eftir erlendum tungum til að heilla sig upp úr skónum. Ekki var Reykjavík barnvæn borg, heilsusamleg eða þar væri stutt í náttúruperlur á borð við Þingvelli, Gullfoss eða Geysi. Í Reykjavík væri hins vegar alltaf stutt á næsta bar þar sem sjálf Björk sæti jafnvel að sumbli. En svo væri jú fínt að sitja þynnkuna af sér í Bláa lóninu.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Gamlir vinir skrifast á

Þegar skipt var um undirlag á Suðurgötu í Reykjavík fyrir fáum árum komu verktakar niður á rústir af koti í götunni milli Ráðherrabústaðar og Bænarportshliðsins þar sem fyrst var tekið að grafa í Hólavallakirkjugarð. Elstu menn vissu að þar voru rústir Melkots, sem var eitt þeirra kota sem voru í Reykjavík meðan byggðin var bundin við malarrifið framan við Tjörnina. Í ár eru tvær aldir síðan þar fæddist drengur, Jón Guðmundsson.

Foreldrar hans slitu fljótt samvistum og faðir hvarf heim í Flóanum þar sem hann dó niðursetningur. Sonurinn var tekinn í fóstur af einum danskra verslunarmanna í bænum á rifinu, Bjering verslunarstjóra. Hann var sjö ára gamall. Það hefur líklega orðið honum til lífs. Fáum árum síðar lentu fósturforeldrar hans í fjárhagskröggum og honum var komið að á Indriðastöðum í Skorradal til frændfólks.

Jón var vel gefinn og átti þess kost að komast í skólann á Bessastöðum. Að vísu töfðu hann veikindi, líklega berklar í fæti, því hann gekk alla tíð haltur. Jón var samtíða Fjölnismönnum á Bessastöðum og Baldvin Einarssyni. Hann er í hópi þeirra manna sem hvað ákafast börðust fyrir sjálfstæði Íslands á nítjándu öld.

Nú þegar tvær aldir eru frá fæðingu Jóns er komið út safn bréfa hans til Jóns forseta Sigurðssonar en þeir nafnar voru samherjar um langt árabil í sjálfstæðisbaráttu landsins, samherjar og vinir, þó stundum kæmi snurða á þráðinn. Það er Þjóðskjalasafn Íslands sem gefur safnið út en Einar Laxness sagnfræðingur sá um útgáfuna og kemur auk hans hópur vildarmanna að lokafrágangi safnsins sem er 560 síður að stærð, prýtt myndum.

Jón Guðmundsson er flestum gleymdur í dag. Það eru einungis áhugamenn um sagnfræði þessa tímabils sem þekkja til hans. Eftir að hann lauk námi í Bessastaðaskóla tók hann að sér skrifarastörf í Reykjavík, raunar starf sem Jónas Hallgrímsson gegndi á undan honum. Jón var heppinn, hann fékk veitingu sem umboðsmaður konungsjarða sem voru undan klaustrinu á Kirkjubæjarklaustri, fluttist þangað og hóf þaðan sinn pólitíska feril, fyrst með því að boða til Þingvallafundarins þá um sumarið og svo á sambandsþinginu um haustið. Það leiddi til setu á þjóðfundinum 1851 og var Jón einn þeirra sem sagt var að hermennirnir dönsku skyldu handtaka ef þörf væri á – sá halti.

Framkoma hans þar varð til þess að hann hlaut ekki fyrr en á dánaráriu sínu veitingu fyrir starfi á vegum ríkisins.

Hann var útskúfaður frá opinberu starfi.

Jón ruddi því nýjar brautir: hann hóf útgáfu fyrsta borgarlega blaðsins í Reykjavík, Þjóðólfs, sem kom út hálfsmánaðarlega. Hann aflaði sér lögmannsréttinda og tók að starfa sem sjálfstæður málafærslumaður í Reykjavík. Bæði blaðamenn og lögmenn eiga honum því skuld að gjalda. Hann var forgöngumaður um opinberar leiksýningar í Reykjavík 1854 og mikill hvatamaður að menningarlífi í hinum hálfdanska bæ.

Jón bjó í Aðalstræti 6 þar sem Morgunblaðshöllin gamla stendur nú. Hann var virkur í bæjarlífi, sat í bæjarstjórn og hélt ásamt konu sinni heimili þangað sem ungt fólk sótti.

En það var vinátta hans og samstarf sem varð örlagaríkast fyrir þjóðina. Safnið geymir varðveitt bréf frá ritstjóranum til Jóns forseta frá 1855-1875. Bréf þeirra fyrir þann tíma eru þegar komin út. Safnið bætist í röð bréfasafna frá nítjándu öld sem gefa einstaklega persónulega og safaríka mynd af þeirra tíðar samtali millum manna. Sá heimur er mörgum luktur en hafi lesendur á annað borð komist inn í þann heim reynist hann ákaflega fróðlegur. Það ætti ekki að koma þeim á óvart sem nú lesa blogg. Jón ritstjóri lést á heimili sínu 1875 og var grafinn skammt frá túnfætinum á kotinu sem hann fæddist í.

pbb@frettabladid.is



JÓN GUÐMUNDSSON RITSTJÓRI 1848-1849 MANNAMYNDASAFN ÞJÓÐMINJASAFNS 1496 LJÓSM.WILHELM JENSEN



**LJÓSMYNDIR** Ein mynda Erlu á sýningunni sem lýkur á miðvikudagskvöld.

# *Ljósmyndasýningu lýkur*

Sýningu Erlu Stefánsdóttur ljósmyndara, Áfangastaður, í Skotinu á Ljósmyndasafni Reykjavíkur sem staðið hefur frá 19. júlí lýkur annað kvöld. Myndirnar á sýningunni eru teknar á ferðalagi um austurhluta Rúmeníu í maí 2007. Myndirnar eru ekki hefðbundnar ferðalagsmyndir heldur sýna ferlið að ferðast. „Fyrir mér er ferðalagið, ferðin sjálf – það að vera á hreyfingu, en ekki að vera stöðugt að miða að því að komast á áfangastað. Ferðin er áfangastaðurinn,“ segir Erla. Hún lærði ljósmyndun í Bandaríkjunum og útskrifaðist árið 1993. Síðan þá hefur Erla starfað sjálfstætt ásamt því að kenna í fornámsdeild Myndlistaskólans í Reykjavík. Erla hefur haldið fjölda sýninga hérlendis og erlendis.

# Duo Stemma leikur

Í kvöld verða tónleikar í Sigurjónssafni í Laugarnesinu. Það er Duo Stemma sem kemur fram á tónleikunum sem hefjast kl. 20.30. Þau Herdís Anna Jónsdóttir, fiðlu- og víóluleikari, og Steef von Oosterhout slagverksleikari hafa á verkefnaskrá sinni verk fyrir marimbu, víólu, slagverk og steinaspil eftir Snorra Sigfús Birgisson, Áskel Másson og Svein Lúðvík Björnsson.



**TÓNLEIKAR** Duo Stemma: Herdís Anna og Steef.

Sum verkanna voru samin sérstaklega fyrir þau og að auki eru á dagskránni útsetningar þeirra á þjóðlögum. Þau hafa leikið saman síðan 1996 og komið fram víða, meðal annars með dagskrá fyrir börn á leikskólaldri. Þau hafa bæði verið starfandi með Sinfóníuhljómsveit Íslands, en jafnframt leikið með smærri hópum, Kammersveitinni, Caput, Bendu, og Dísunum. Tónleikarnir í kvöld hefjast sem fyrr segir kl. 20.30.

- pbb


FRÍ LANDSLAGSRÁÐGJÖF

hjá MEST dagana 29.-31. ágúst í Norðlingaholti.
Hafðu samband og pantaðu tíma.

mest – allt til bygginga



ENNEMM / SÍA / NM28724

MEST er sönn ánægja að bjóða þér að þiggja fría landlagsráðgjöf dagana 29.-31. ágúst á Norðlingabraut 12, Reykjavík, frá kl. 9-18.

Nýttu tækifærið og skapaðu draumagarðinn þinn.

Garðhönnuðurinn Stanislas Bohic tekur vel á móti þér og aðstoðar þig við hönnun garðsins þíns.

Mest hefur að bjóða úrval af hellum, einingum, pallaefnum, granítflísum og garðvörum á verði sem mun koma þér á óvart. Kynntu þér endilega úrvalið þegar þú hittir garðhönnuðinn eða á heimasíðu okkar www.mest.is.

Vinsamlegast skráðu þig í landslagsráðgjöfina í síma 4 400 400 eða sendu tölvupóst á mest@mest.is.

Sjáumst, starfsfólk MEST

Nauðsynleg gögn fyrir landslagsráðgjöf:
- Grunnmynd í kvarðanum 1:100 frá byggingafulltrúa
- Útlitsteikningar af húsinu í kvarðanum 1:100
- Afstöðumynd í kvarðanum 1:500
- Ljósmynd af húsi og lóð

Í framhaldinu færð þú tilboð frá söluráðgjafa MEST.

# Söngmenn óskast!



Karlakórinn Fóstbræður getur bætt við sig efnilegum söngmönnum.

Upplýsingar veita Smári S. Sigurðsson formaður í síma 8633247 og Þráinn Sigurðsson varaformaður í síma 8202151.

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR



Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið


# Fólk

folk@frettabladid.is







*„Mér líkaði vel við fíknina, ég ætla ekki að ljúga til um það. En ég sökk of djúpt og hefði líklega dáið ef ég hefði ekki hætt.“*

*Kelsey Grammer um baráttu sína við áfengi og eiturlyf.*

„Gott og vel, ég er á forsíðu tímarits en það er einhver annar sem sér um hár og förðun og loks er myndinni breytt í tölvu – það er ekki ég, það er sköpunarverk annarra.“

*Keira Knightley í viðtali við Radio Times um glæsilegt útlit sitt.*

„Ég er dauðhræddur vegna þess að þarna verður fullur salur af leikurum sem hata mig líklega.“

*Ryan Seacrest verður kynnir á Emmy-verðlaunahátíðinni í ár.*

# Drottningin vildi ekki Camillu

Camilla Parker Bowles, eiginkona Karls Bretaprins, fékk ekki að vera viðstödd minningarkvöldverð um Díönu prinsessu á föstudagskvöld og fullyrða breskir fjölmiðlar að fjarvera hennar hafi verið vegna þess að Elísabet drottning taldi það „óæskilegt“. Camilla og Karl hafa verið gift í tvö ár en drottningin mun hafa talið það vandræðalegt ef Camilla mætti í minningarathöfn um hans fyrrverandi eiginkonu, Díönu. Mun Karl hafa verið hinn argasti út í móður sína vegna afskipta hennar og heimtaði að fá að taka eiginkonu sína með. Eftir snörp orðaskipti urðu sjónarmið Elísabetar ofan á og Camilla var hvergi sjáanleg í kvöldverðarboðinu.

Nánasta fjölskylda Díönu heitinnar mætti í kvöldverðarboðið, sem skipulagt var af prinsunum Harry og Vilhjálmi. Í yfirlýsingu sem Camilla sendi frá sér um helgina segist hún hafa tekið sjálfstæða ákvörðun um að mæta ekki í kvöldverðarboðið, en fjölmiðlar ytra taka þá ástæðu ekki trúanlega. „Ég þáði boðið í kvöldverðinn en eftir að hafa hugsað mig um sá ég að nærvera mín gæti tekið athyglina frá tilgangi kvöldverðarins, það er að segja minningu Díönu prinsessu. Ég er þakklát eiginmanni mínum, Vilhjálmi og Harry fyrir að styðja ákvörðun mína,“ sagði Camilla meðal annars í tilkynningunni.



**DROTTNINGIN RÆÐUR** Elísabet er vön að fá sínu framgengt.



**STUDDI EIGINKONU SÍNA** Karl reifst við móður sína um þátt Camillu í kvöldverðarboðinu og vildi að eiginkona sín yrði á staðnum. Hann varð þó að gefa eftir á endanum.


# KARLAR TIL ÁBYRGÐAR

**Ráðstefna um karla og ofbeldi í nánum samböndum**
**Ráðstefnan er hluti af Evrópuverkefninu „Ár jafnra tækifæra"**

**Fimmtudaginn 30. ágúst 2007 Kornhlaðan við Lækjarbrekku**

| | |
|---|---|
| 13:00 - 13:10 | **Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra** Ávarp. |
| 13:10 - 14:00 | **Marius Råkil, sálfræðingur Alternative to Violence í Noregi** Í tuttugu ár hafa aðstandendur Alternative to Violence verkefnisins unnið að því að svara eftirfarandi spurningum: Af hverju beita karlmenn ofbeldi, hvaða áhrif hefur ofbeldið á fórnarlömbin og hvernig vinna karlmenn sér úr of beldinu? Marius mun kynna verkefnið og reynsluna af því. Erindið verður flutt á ensku. |
| 14:00 - 14:40 | **Dr. Berglind Guðmundsdóttir, sálfræðingur Áfallamiðstöð slysa- og bráðadeildar LSH** "Þjónusta við þolendur heimilisofbeldis" - Áfallamiðstöð slysa, ofbeldis og hamfara |
| 14:40 - 15:20 | **Rannveig Þórisdóttir, deildarstjóri Upplýsinga- og áætlanadeildar Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.** Heimilisofbeldi, hvað geta gögn lögreglu sagt okkur? |
| 15:20 - 16:00 | **Einar Gylfi Jónsson og Andrés Ragnarsson, Sálfræðingar verkefnisins Karlar til ábyrgðar.** Karlar til ábyrgðar: Íslensk meðferð fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum |
| 16:00 | **Kaffi og veitingar** |

**Fundarstýra: Hugrún R. Hjaltadóttir**

Félagsmálaráðuneytið

Jafnréttisstofa

Evrópuár jafnra tækifæra 2007

Ráðstefnan er öllum opin án endurgjalds. Skráning á ráðstefnuna fer fram í tölvupósti: jafnretti@jafnretti.is.

# Eftirpurn eftir Simpson

Mikil eftirspurn er eftir væntanlegri bók O.J. Simpson, If I Did It, sem fjallar um morðin á fyrrverandi eiginkonu hans og kærasta hennar.

Bókin verður ekki fáanleg í bókabúðinni þekktu Barnes & Nobles en þess í stað verður hægt að kaupa hana á heimasíðu verslunarinnar, þar sem forsala hefur gengið afar vel.

Upphaflega átti að gefa bókina út í nóvember í fyrra en vegna mikilla mótmæla almennings var hætt við þau áform. Simpson hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu síðan morðin áttu sér stað í Los Angeles árið 1994. Margir telja þó að góðir lögfræðingar hans hafi bjargað honum frá fangelsisdómi.



**O.J. SIMPSON** Bókar O.J. Simpson, If I Did It, er beðið með mikilli eftirvæntingu.

# Stuttmyndakeppni á RIFF

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF stendur um þessar mundir fyrir stuttmyndakeppninni Gullni lundinn á Myspace. Tekið er á móti myndum alls staðar að úr heiminum og sigurvegarinn hlýtur ferð til Íslands auk þess sem myndirnar sem komast í úrslit verða sýndar á hátíðinni.

„Þetta er alþjóðleg hátíð og þess vegna fannst okkur tilvalið að hafa líka alþjóðlega stuttmyndakeppni. Fókusinn á hátíðinni er á nýja og ferska kvikmyndagerðarmenn og okkur finnst þetta vera góð leið til að opna hátíðina fyrir hæfileikafólki," segir Atli Bollason, einn skipuleggjenda RIFF, alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar sem verður haldin í Reykjavík dagana 27. september til 7. október.

Keppnin fer fram í gegnum heimasíðu RIFF á Myspace. Keppendur senda myndir sínar inn í gegnum hana þannig að fólk getur tekið þátt hvar sem það er statt í heiminum. Dómnefnd velur nokkrar myndir í úrslit sem verður kosið um á Myspace. Allar myndirnar sem komast í úrslit verða svo sýndar á hátíðinni.

Umsóknarfrestur rennur út 31. ágúst. Allar nánari upplýsingar má finna á www.myspace.com/goldenpuffin.



**ALÞJÓÐLEG STUTTMYNDAKEPPNI** Atli Bollason hjá RIFF skipuleggur stuttmyndakeppni á Myspace.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Vandræðagemlingurinn **Amy Winehouse** segir ekkert hæft í þeim fregnum að eiginmaður hennar Blake Fielder-Civil hafi ráðist á hana. Myndir náðust af Winehouse blóðugri upp fyrir haus á dögunum en hún segir að Blake hafi hvergi komið þar nærri. Þvert á móti segir hún að hann hafi bjargað lífi sínu eftir að hún hafði skorið sig sjálf. „Blake er besti maðurinn í öllum heiminum. Við myndum aldrei meiða hvort annað," sagði Winehouse.



Óperusöngvarinn **Luciano Pavarotti** hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi eftir rúmlega tveggja vikna meðferð. Pavarotti, sem er 71 árs, var lagður inn á sjúkrahús á Ítalíu 8. ágúst sl. með mikinn hita. Þurfti hann að gangast undir hinar ýmsu rannsóknir. Þrátt fyrir útskriftina verður fylgst náið með líðan söngvarans ítalska á næstunni.



Leikkonan **Renée Zellweger** ku ekki eiga í ástarsambandi með Bítlinum fyrrverandi, Paul McCartney. Zellweger og McCartney sáust nýverið spjalla saman á tónleikum Toms Petty and the Heartbreakers í New York en vinir leikkonunnar segja þau eingöngu vera góða vini.



**Billy Corgan**, forsprakki rokksveitarinnar The Smashing Pumpkins, sagði á tónleikum á Reading-hátíðinni í Englandi að allar bandarískar stelpur væru druslur. Lét hann þessi ummæli flakka þegar hann sá berbrjósta konu meðal áhorfenda. „Það er eitthvað að stelpu sem er tilbúin til að afklæðast svona fljótt. Bandarískar stelpur eru druslur líka," sagði Corgan.




# Færri komast að en vilja í Herra Ísland

**Keppnin um titilinn Herra Ísland fer fram á Broadway í ellefta sinn 22. nóvember næstkomandi og verður sýnd í beinni útsendingu á Skjá einum.**

Áhugasamir þurfa að hafa hraðar hendur því skráningu lýkur í næstu viku. „Við byrjum að taka viðtöl við strákana næsta mánudag,“ segir Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri keppninnar. Hún segir að nú þegar hafi borist um 80 ábendingar en einungis brot af þeim fjölda fær að keppa. „Það færist í vöxt að strákarnir sæki sjálfir um að fá að taka þátt. Við fáum einnig margar ábendingar frá vinum, kærustum, vinkonum og ættingjum.“ Elín viðurkennir þó að ekki hafi allir áhuga á að keppa. „Það er náttúrlega misjafnt hversu áhugasamir menn eru. Sumir hafa kannski ekki hugsað sér að fara í neitt svona. Flestir kíkja þó til okkar í spjall.“

Í viðtölunum eru strákarnir beðnir um að koma fram á boxernærbuxum auk spjallsins. Hópurinn er svo minnkaður þrisvar til fjórum sinnum og loks standa 18-20 strákar eftir sem taka þátt í aðalkeppninni. Elín segir að fyrst og fremst sé verið að leita að verðugum fulltrúa íslenskra karlmanna. „Sigurvegarinn þarf að vera fyrirmynd annarra ungra manna og geta sinnt hlutverkinu með sóma í það ár sem hann ber titilinn. Svo skemmir ekki fyrir að vera fjallmyndarlegur og hugsa um heilsuna. Það er til nóg af strákum sem uppfylla þessi skilyrði og vilja taka þátt í svona keppni.“ Herra Ísland árið 2005, Ólafur Geir Jónsson, var sem kunnugt er sviptur titlinum sökum þess að hann þótti hafa sýnt annað en fyrirmyndarhegðun. Í kjölfarið höfðaði Ólafur Geir skaðabótamál gegn forsvarsmönnum keppninnar og er því máli ekki enn lokið. Elín segir að reglum keppninnar hafi ekki verið breytt í kjölfarið. „Reglurnar hafa alltaf verið mjög skýrar. Þetta tiltekna ár var sigurvegarinn valinn í símakosningu og við gátum ekki stjórnað því hver úrslitin urðu. Við höfum ekki áhyggjur af því að sagan endurtaki sig enda er fagfólk í dómnefnd sem kynnist strákunum vel.



**HERRA ÍSLAND ÁRIÐ 2006** Akurnesingurinn Kristinn Darri Röðulsson sigraði í keppninni í fyrra. Hann mun afhenda sprotann 22. nóvember næstkomandi.

**UM ÁTTATÍU ÁBENDINGAR HAFA BORIST** Elín Gestsdóttir er framkvæmdastjóri Herra Ísland-keppninnar. Hún segir færri komast að en vilja en viðurkennir þó að ekki hafi allir þeir sem bent er á áhuga á að taka þátt í henni.

# Tónleikaferð lokið

Hljómsveitin The Rolling Stones hefur lokið „A Bigger Bang“-tónleikaferð sinni um heiminn sem hefur staðið yfir í tvö ár. Orðrómur hefur verið á kreiki um að þetta sé síðasta tónleikaferð sveitarinnar, enda Jagger, Richards og félagar komnir vel á sjötugsaldurinn.

Jagger var þó spar á yfirlýsingarnar á lokatónleikunum sem voru haldnir í London. Þakkaði hann einfaldlega öllum þeim sem komu og hlustuðu á sveitina fyrir að hafa staðið með þeim félögum þótt ýmislegt hafi gengið á.

Á meðan á tónleikaferðinni stóð misstu bæði Jagger og Richards annað foreldri sitt og Ronnie Wood missti eldri bróður sinn. Richards þurfti einnig að gangast undir skurðaðgerð eftir að hafa dottið úr pálmatré á Fiji-eyjum á síðasta ári.

Stones spilaði á 146 tónleikum í 31 landi fyrir framan 2,2 milljónir áhorfenda. Á meðal þjóða sem sveitin heimsótti í fyrsta sinn voru Kínverjar, Rúmenar og Serbar, auk þess sem hún spilaði í fyrsta sinn á Super Bowl, úrslitaleiknum í ameríska fótboltanum. Tekjur af miðasölu námu um nítján milljörðum króna. Heimildarmynd Martins Scorsese um Stones, Shine a Light, kemur út í apríl á næsta ári og munu Jagger og félagar taka þátt í að kynna þá mynd, endurnærðir eftir langþráða hvíld.



**ROLLING STONES** Rokkararnir síungu í The Rolling Stones hafa lokið tónleikaferð sinni um heiminn. NORDICPHOTOS/AFP

# Owen reyndi að fremja sjálfsvíg

Bandaríski leikarinn Owen Wilson er á batavegi eftir að hafa gert tilraun til sjálfsvígs á heimili sínu í Santa Monica á sunnudag. Wilson var fluttur í skyndi á sjúkrahús eftir að bróðir hans, Andrew, hafði komið að honum alblóðugum.

Leikarinn hafði stóra skurði á báðum úlnliðum og á sjúkrahúsinu kom í ljós að hann hafði einnig innbyrt ógrynni af svefnlyfjum.

Eftir því sem fram kemur á bloggsíðu slúðurmógúlsins Perez Hilton dvelur Wilson nú á ónafngreindu sjúkrahúsi í Los Angeles.

Owen Wilson er þekktur gamanleikari í Hollywood og hefur hróður hans farið ört vaxandi síðustu ár. Hann er líklega þekktastur fyrir hlutverk sín í myndunum Zoolander, The Wedding Crashers og Starsky and Hutch. Tæplega tveggja ára löngu sambandi hans við leikkonuna Kate Hudson lauk í júní sl. og herma heimildir að Wilson hafi glímt við mikið þunglyndi síðan þá.



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Owen Wilson og Kate Hudson voru par þar til í júní á þessu ári. Skilnaðurinn fór afar illa í Wilson og hefur hann glímt við mikið þunglyndi síðan.





LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE BOURNE ULTIMATUM | kl.5.40,8 og 10.20-POWER | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 3.45, 6, 8 og 10 | 12 |
| RATATOUILLE íslenskt tal | kl. 3.45 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 7 og 10 | 10 |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 4 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| BOURNE ULTIMATUM LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| RUSH HOUR 3 | kl. 3.45 - 5.50 -8 -10.10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8 *Síðustu sýningar | 14 |
| DEATH PROOF | kl. 10.45 *Síðustu sýn. | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS

| | |
|---|---|
| KL. 5.30 | Goodbye Bafana / Cocaine Cowboys |
| | The Bridge**/ For Your Consideration ** |
| KL. 8 | Away From Her / Sicko / Fuck |
| | Deliver Us From Evel** |
| KL. 10.30 | GoingTo Pieces / Die Falscher |
| | Shortbus** / Hallam Foe** |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ASTRÓPÍA | kl. 4 - 6 - 8 - 10.10 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| BECOMING JANE | kl. 3 - 5.30 - 8 -10.30 | |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 -10 | 12 |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is




ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6:15 - 8 - 10:10 | | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 8 - 10:10 | VIP | |
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | | L |
| RATATOUILLE ÍSL TAL | kl. 4 - 5:30 | DIGITAL | L |
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 10:40 | | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 5 | VIP | |
| NANCY DREW | kl. 6 | | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 8 | | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 8:15 | | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 | | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | | 7 |

SELFOSSI S. 482 3007

| | | |
|---|---|---|
| ASTRÓPÍÁ | kl. 7 - 9 | L |
| RUSH HOUR 3 | kl. 7 - 9 | 12 |

KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 - 10:10 | | L |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | | 14 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | DIGITAL | L |
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 8 | | L |
| TRANSFORMERS | kl. 10:20 | DIGITAL | 10 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| RATATOUILLE ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| RATATOUILLE ENSKT TAL | kl. 8 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 10:15 | 10 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ASTRÓPÍA | kl. 8 - 10 | L |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10:30 | 14 |



# Sonur Hulks Hogan slasaður

Sonur bandaríska glímukappans Hulks Hogan, Nick Bollea, var fluttur á sjúkrahús eftir að hafa lent í bílslysi í Flórída seint á sunnudag. Hann er þó ekki í lífshættu og fregnir herma að hann hafi fengið að fara heim. Félagi hans, sem var farþegi í bílnum, er alvarlega slasaður og liggur enn þungt haldinn á sjúkrahúsinu.

Nick, sem er aðeins sautján ára gamall, var ökumaður bifreiðarinnar. Henni var að sögn lögreglu ekið á miklum hraða þegar ökumaður missti stjórn á henni með þeim afleiðingum að hún valt og stöðvaðist ekki fyrr en hún lenti á pálmatré og gjöreyðilagðist. Vitni segja að Nick hafi verið í kappakstri við bíl af gerðinni Dodge Viper þegar slysið varð.

Slökkviliðsmenn komu á staðinn til þess að ná Nick og farþeganum úr bílnum. Báðir voru þeir fluttir með þyrlu á nærliggjandi sjúkrahús. Hulk Hogan er einn af þekktustu atvinnuglímuköppum Bandaríkjanna. Hann hefur undanfarið komið fram í þáttum á sjónvarpsstöðinni VH1 sem kallast „Hogan Knows Best“. Fjölskylda hans hefur reglulega komið fram í þáttunum, meðal annars Nick, sem gengur undir nafninu Nick Hogan í þáttunum. Raunverulegt nafn Hulks Hogan er Terrence Bollea.



**HULK HOGAN VAR Á HÁTINDI FERILS SÍNS Á ÁRUNUM FRÁ 1980-1990.**

# Metgróði vestanhafs

Tekjur af miðasölu í kvikmyndahúsum vestanhafs hafa í fyrsta sinn rofið fjögurra milljarða dollara markið yfir sumartímann sem samsvarar rúmlega 250 milljörðum króna.

Sló þetta góða sumar út sumarið 2004 þegar tekjurnar náðu 3,95 milljörðum dollara. Talið er að tekjurnar þetta sumarið endi í 4,15 milljörðum dollara þegar sumartímabilinu lýkur hinn 3. september en það hefur einkennst af hvers kyns framhaldsmyndum og ef miðað er við þessar tölur þá má reikna með að það verði framhald á slíkri framleiðslu frá Hollywood.

Búist er við að þetta sumar seljist um 606 milljónir miða, sem yrði sjötti besti árangurinn í Norður-Ameríku frá upphafi. Flestir miðar seldust árið 2002, eða rúmlega 653 milljónir. Gamanmyndin Superbad hélt efsta sæti sínu yfir vinsælustu myndirnar vestanhafs um síðustu helgi. Í öðru sæti var The Bourne Ultimatum og í því þriðja var Rush Hour 3.



**SUPERBAD** Gamanmyndin Superbad er enn þá vinsælasta myndin vestanhafs.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nú styttist óðum í að dóttir **Önnu Nicole Smith** heitinnar, Dannielynn, fagni sínum fyrsta afmælisdegi en stúlkan fæddist 7. september í fyrra. Anna Nicole lést aðeins fimm mánuðum síðar. Faðirinn, Larry Birkhead, mun ætla að gera sitt besta til þess að gera Dannielynn daginn eftirminnilegan og hefur boðið um 200 gestum í teitið þar sem verður „bleikt prinsessuþema“. Staðsetningin er táknræn því veislan mun fara fram í Louisville í Kentucky á nákvæmlega sama stað og Larry og Anna Nicole kynntust.



**Kid Rock** gefur út nýja plötu innan skamms. Þegar hann hitti Paris Hilton á veitingahúsi við Malibuströndina í Los Angeles sá hann sér leik á borði enda engin betri leið til kynningar en að spjalla við hótelerfingjann Paris sem er iðulega hundelt af ljósmyndurum hvert sem hún fer. Rock lét sér ekki nægja að segja nokkur orð heldur dró hann niður um sig stuttbuxurnar og beraði rassaskoruna framan í ljósmyndarana sem létu ekki sitt eftir liggja og mynduðu afturendann í bak og fyrir.

Þess má einnig geta að á væntanlegri plötu Kids Rock mun vera lag um **Pamelu Anderson**, fyrrverandi unnustu Rocks, sem er ólíklegt til vinsælda hjá strandvarðadrottningunni fyrrverandi. Það heitir „Half Your Age“ eða „Helmingi yngri en þú“. Platan hefur fengið nafnið „Rock'n'Roll Jesus“ og kemur út 9. október næstkomandi.







Fíton/SÍA

# 2 fyrir 1 á Gretti!

## VÍS býður viðskiptavinum sínum tvo miða á verði eins á söngleikinn Gretti í Borgarleikhúsinu í september.

Söngleikurinn fjallar um hinn lánlausa Gretti. Hann lendir í fangelsi eftir misheppnaðan glæp og þar hellir hann sér af krafti í lyftingar og vaxtarrækt. Eftir fangelsisvistina nær hann skjótum frama fyrir hlutverk í sjónvarpsseríu byggðri á Íslendingasögunni um Gretti sterka. Frægðin færir honum peninga og ástir kvenna í ríkum mæli og framtíðin virðist blasa við björt og fögur.

**Viðskiptavinir geta nálgast tilboðsmiða á þjónustuskrifstofum VÍS.**
**Tryggið ykkur miða í tíma á þessa frábæru fjölskylduskemmtun.**

Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 www.vis.is

Þar sem tryggingar snúast um fólk

### > Besti dómarinn



Jóhannes Valgeirsson og Einar Örn Daníelsson fengu báðir sex sem var hæsta einkunn. Dómarar leikjanna fengu aðeins 5 í meðaleinkunn sem er langlægsta einkunn þeirra í einni umferð í sumar.

### > Bestu ummælin

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, um Fylkismanninn Pál Einarsson eftir 2-1 sigur FH. „Páll [Einarsson] hleypti lífi í leik Fylkis. Þrátt fyrir aldurinn og kannski ekki mikla hreyfigetu þá er Páll klókur knattspyrnumaður, enda þjálfaði ég hann í gamla daga.“



**sport**
sport@frettabladid.is

**14. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** KR FÓR AFTUR Á BOTNINN

# *FH og Valur endanlega stungin af*

Það er nokkuð ljóst að það verða FH og Valur sem heyja einvígi um Íslandsmeistaratitilinn í síðustu fjórum umferðunum. Bæði unnu góða útisigra í 14. umferð og á sama tíma töpuðu bæði ÍA og Fylkir stigum og því munar orðið sex stigum á 2. og 3. sætinu.

FH vann Fylki 2-1 og endaði þar með þriggja leikja sigurgöngu Árbæinga en Valsmenn bættu enn ofan á skelfilegt gengi Keflavíkur með því að vinna þá 3-1. Þetta var fjórða deildartap Keflvíkinga í röð og þeir hafa aðeins náð í eitt stig í síðustu 6 leikjum.

Blikar misstu enn á ný af stigum í 1-1 jafntefli við Víkinga en það stefnir í einvígi þeirra við ÍA og Fylki um bronsætið.

Framarar unnu 3-0 sigur á HK og sendu um leið KR-inga aftur á botninn. KR náði þó í eitt stig gegn Skagamönnum með því að jafna leikinn í uppbótartíma. KR hefur þar með aðeins unnið einn af sjö heimaleikjum sínum í sumar.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 15, KR.
**Flest skot á mark:** 7, FH, Valur og Fram
**Fæst skot:** 4, HK.
**Besta skotnýting:** Fram, 33%
**Hæsta meðaleink.:** ÍA og Breiðablik voru bæð með 6,33.
**Lægsta meðaleink.:** HK 3,69.
**Grófasta liðið:** Víkingur, 16 brot.
**Prúðasta liðið:** KR og Breiðablik bæði með 9 brot.

**Fjöldi áhorfenda:** 6.914

Það mættu 1383 manns að meðaltali á leikina fimm í 14. umferð. Flestir mættur á leik Keflavík og Val (1843) en fæstir komu á leik Breiðabliks og Víkings eða 880 manns.

Garðar Örn Hinriksson:

# Átti að gefa Bjarna rautt

**FÓTBOLTI** Mörgum þótti Valsarinn Bjarni Ólafur Eiríksson sleppa vel þegar Garðar Örn Hinriksson gaf honum aðeins gult spjald fyrir að slá til Keflvíkingsins Guðjóns Árna Antoníussonar.



**BJARNI ÓLAFUR EIRÍKSSON**

„Frá mér séð var þetta aldrei annað en gult spjald þar sem Bjarni sneri baki í mig og ég sá hann aðeins ýta við Guðjóni. Ég sá hann aldrei gefa honum höggið. Svo sé ég í sjónvarpinu um kvöldið að þetta er auðvitað ekkert annað en rautt spjald. Aðstoðardómarinn sá þetta heldur ekki nógu vel því miður,“ sagði Garðar sem er alls óhræddur við að játa mistök sín. **- hbg**



**Í STÚKUNNI** Steven Gerrard og Jamie Carragher verða ekki með í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

Forkeppni meistaradeildar:

# Báðir fyrirliðarnir meiddir

**FÓTBOLTI** Liverpool verður án beggja fyrirliða sinna í seinni leik sínum gegn Toulouse í forkeppni meistaradeildarinnar í kvöld.

Steven Gerrard er tábrotinn en Jamie Carragher rifbeinsbrotnaði.

Liverpool vann fyrri leikinn 1-0 í Frakklandi en leikurinn í kvöld á Anfield hefst klukkan 19.05 og er í beinni útsendingu á Sýn. **- óój**




# Tilbúinn í atvinnumennskuna

**Ísfirðingurinn Matthías Vilhjálmsson er leikmaður 14. umferðar Landsbankadeildar karla hjá Fréttablaðinu. Matthías átti sannkallaðan stórleik gegn Fylki þar sem hann tryggði meisturunum sigur með tveim mörkum.**

**FÓTBOLTI** Matthías Vilhjálmsson var ekki nafn sem margir knattspyrnuunnendur þekktu fyrir sumarið en þessi tvítugi strákur er á allra vörum um þessar mundir enda farið á kostum í framlínu FH og skoraði fimm mörk í síðustu sjö leikjum FH-inga. Hann hefur þess utan skorað þrjú mörk í Evrópukeppninni og eitt í bikar. En hver er Matthías og hvaðan kemur hann?

„Ég kem frá Ísafirði sem er paradís Vestfjarða. Ég flyt í bæinn 16 ára gamall til að fara í Versló og ég ákvað að fara í FH á sama tíma og sé svo sannarlega ekki eftir því,“ sagði Matthías sem segist hafa fengið fínt fótboltauppeldi vestur á fjörðum.

„Það er vel staðið að málum fyrir vestan. Ég var svo byrjaður að spila með meistaraflokki BÍ fimmtán ára gamall og þegar ég var orðinn sextán ára skoraði ég sjö mörk í tólf leikjum.“

Matthías sat á tréverkinu í upphafi sumars en þegar Arnar Gunnlaugsson meiddist þá fékk Matthías tækifæri sem hann hefur nýtt til fullnustu.

„Það hefur gengið mjög vel eftir að ég fékk að fara í mína stöðu efst á toppnum. Ég var fyrst út á kanti og kvartaði að sjálfsögðu ekki neitt því mér var alveg sama hvar ég spilaði svo lengi sem ég fengi að spila,“ sagði Matthías sem er undir smásjá fjölda liða á Norðurlöndum og nú síðast var greint frá áhuga danska úrvalsdeildarliðsins Nordsjælland. Matthías stefnir út og segist vera tilbúinn fyrir atvinnumennskuna.



**SJÓÐHEITUR** Matthías Vilhjálmsson hefur komið eins og stormsveipur inn í íslenska boltann í sumar og hefur skorað grimmt í síðustu leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég er algjörlega tilbúinn og tel góða möguleika á að komast út eftir tímabilið. Ég er búinn að búa einn í Reykjavík í fjögur ár þannig að ég verð ekki í vandræðum með að aðlagast slíku. Ég ætla fyrst að klára tvennuna með FH,“ sagði Matthías sem þakkar árangur sinn að mörgu leyti séræfingum sem hann var á með Heimi Guðjónssyni í vetur.

henry@frettabladid.is

Garðar Örn Hinriksson tjáir sig um harða gagnrýni þjálfara á dómara:

# Það er óþarfi að drulla yfir dómara

**FÓTBOLTI** Það er óhætt að segja að það hafi verið hiti í þjálfurum Landsbankadeildarinnar eftir leiki 14. umferðar. Í þremur leikjum af fimm réðust þjálfarar harkalega að dómurum leikjanna í viðtölum og spöruðu síst stóru orðin. Svo mikil voru lætin að menn muna vart eftir öðru eins.

Það verður áhugavert að sjá hvernig Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, tekur á málinu en hann einn getur skotið slíkum málum til aganefndar og þjálfarar hafa endað á borði þeirrar nefndar fyrir minni sakir en sáust á sunnudagskvöld.

Einn besti dómari landsins, Garðar Örn Hinriksson, segir að menn verði aðeins að draga andann djúpt áður en þeir tjái sig um dómara í fjölmiðlum.

„Ég held ég hafi ekki upplifað áður svona mikil læti eftir nánast alla leiki. Það var hreinlega valtað yfir dómarana og mér fannst menn ganga allt of langt. Menn verða að anda rólega áður en þeir fara í viðtöl og ausa úr skálum reiði sinnar,“ sagði Garðar Örn en það er ekki óalgengt að gagnrýni þjálfara aukist á þessum tímapunkti mótsins.



**HEITT Í KOLUNUM** Dómarar fengu kaldar kveðjur frá þjálfurum á sunnudag. Garðar Örn Hinriksson segir menn hafa gengið of langt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Íslandsmótið var klárlega að byrja á sunnudagskvöldið. Dómarar eru ekki hafnir yfir gagnrýni og mér finnst í góðu lagi að gagnrýna okkur en mér finnst óþarfi þegar menn drulla yfir dómarana. Gerist það einhvern tímann að drullað sé yfir menn sem klúðra færum? Er einhver að drulla yfir Bjarnólf eftir klúðrið hans gegn ÍA? Er einhver að drulla yfir Keflavík þar sem þeir töpuðu 3-1 fyrir Val? Það er óþarfi að drulla yfir okkur því við erum ekki að drulla yfir leikmenn. Það má ekki gleyma því að við erum líka manneskjur en stundum líður manni eins og við séum ekkert annað en dómarar,“ sagði Garðar ákveðinn en honum finnst dómgæslan í sumar hafa verið betri en í fyrra. Þrátt fyrir lætin á sunnudag vill Garðar Örn hrósa þjálfurum.

„Þjálfarar fá prik frá mér fyrir sumarið og það hefur verið frábært að vinna í kringum þá. Það hefur ekkert vesen verið á völlunum í sumar og samskiptin góð að mínu mati,“ sagði Garðar að lokum. **- hbg**




CITROËN

C4

## Citroën C4 segir allt um hönnun Frakka

Franskur frakki og Frakki eiga það sameiginlegt að hvor um sig hlífir manni við óþægindum. Franskur frakki segir allt um hönnun Frakkans. Og þann sem í honum er. Sjáðu franska hönnun. Vertu í Citroën C4 Saloon. Komdu í Brimborg. Berðu saman bíla. Sjáðu verðið.

**Verð aðeins frá kr. 2.069.000**

Citroën C4 Saloon SX 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö*

Komdu í Brimborg í dag

visthæf skref
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is*
*og þú ert kominn af stað*

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Spurðu um hvað
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar
þýðir fyrir þig

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is**

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



## > Owen Wilson

Þrátt fyrir velgengni sína sem leikari lítur Owen alltaf fyrst og fremst á sig sem rithöfund. Hann ætlaði að skrifa handritið að The Life Aquatic with Steve Zissou með vini sínum Wes Anderson en gat það ekki sökum anna sem leikari. Áður hafði hann skrifað handrit að þremur myndum með Wes, þar á meðal The Royal Tenenbaums. Owen Wilson leikur í The Big Bounce á Stöð 2 Bíó kl. 16.00.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON FURÐAR SIG Á VONDRI DAGSKRÁ

# Hvar eru allar góðu myndirnar?

„Þetta er til skammar," var oft sagt á heimili mínu um helgar. Þá hafði þulan enn einu sinni þulið upp óþekkta leikara í bandarískri sjónvarpsmynd frá árinu 1985 og oftar en ekki var það fjölskyldudrama frá Oregano. En þá hafði fólk ekki úr öðru að moða. Fáar myndir voru til á myndböndum, kvikmyndahúsin illa uppfærð og RÚV eina stöðin. Heimilisfólkið varð því að þola enn eina söguna um unglingsstúlkuna Cindy sem fékk einhvern ólæknandi sjúkdóm en læknaðist síðan á undraverðan hátt. Hundurinn, litli bróðirinn og hamingjusömu hjónin luku síðan hryllingnum þegar myndinni lauk með bros-skoti við sjúkrabeðið.

En svo kom Stöð 2. Og þá kættist landinn. Trúði því að hann gæti losnað við gömlu sjónvarpsmyndina sem var svo illa skrifuð og leikin að grænar bólur spruttu fram á enninu. Tímarnir breyttust en aðeins um stundarsakir. Fyrr en varði voru nýjar Cindy komnar á vettvang og hertóku sjónvarpsskjáinn. Sjónvarpsmyndir á sjónvarpsmyndir ofan. Eða jafnvel bíómyndir sem kvikmyndahúsin fúlsuðu við og töldu sig ekki einu sinni geta grætt einn poppkornspoka á. Og landinn neyddist til að gleypa við þessu því ekki þorir hann niður í miðborg Reykjavíkur.

Önnur hver helgi er nú undirlögð af lélegum bíómyndum á öllum stöðvum. Varla er hægt að líma sig við eina stöð heldur bíður maður bara og vonar að það lélega hverfi á meðan maður er víðsfjarri. Jafnvel poppkornið verður vont og kókið sykurlaust þegar kvikmyndaúrval íslensku stöðvanna er skoðað. Og því væri nú óskandi að hægt væri að bjóða íslenskum áhorfendum uppá sæmilega skemmtun um helgar svo að þeir drekki sig ekki draugfulla af sorg yfir lélegri dagskrá sjónvarpsstöðvanna um helgar. Borgarstjórinn væri í það minnsta ánægður.



**SKELFILEGT** Hvernig væri að sýna meistarastykki Francis Ford Coppola eða snilldarverk Scorsese um helgar?

## EKKI MISSA AF



▶ **21.25** Gestir í fyrirmyndarríkinu SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** Justice STÖÐ 2



▶ **22.00** Date Movie STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.40** The George Lopez Show SIRKUS



▶ **20.30** How Clean is Your House? SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**10.20 HM í frjálsum íþróttum** Bein útsending frá heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum sem fram fer í Osaka í Japan. Úrslit í stangarstökki, langstökki og 800 metra hlaupi kvenna, kringlukasti, 400 metra grindahlaupi og 3000 metra hindrunarhlaupi karla. Einnig undanúrslit í 100 og 400 metra grindahlaupi kvenna.
**13.30 Hlé**
**16.35 Út og suður** (13:16)
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geirharður bojng bojng** (11:26)
**18.22 Sögurnar hennar Sölku** (9:13)
**18.30 Váboði** (11:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Mæðgurnar** (6:22)
**20.55 Danmerkurleiðangurinn** (2:5) Dönsk heimildaþáttaröð um leiðangur 28 manna til norðaustur Grænlands í fótspor leiðangurs sem þangað fór 1906.
▶**21.25 Gestir í fyrirmyndarríkinu** Finnskur þáttur um fangana í Guantanamo, meðal annars Úígúra sem hafa verið hafðir þar í haldi saklausir árum saman.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Dauðir rísa** (5:12) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Soprano-fjölskyldan** (5:12) e.
**00.15 Kastljós**
**01.00 HM í frjálsum íþróttum** Beint.
**03.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Love Don´t Cost a Thing**
**08.00 The Legend of Johnny Lingo**
**10.00 The Big Bounce**
**12.00 the Sisterhood of the Traveling Pants**
**14.00 The Legend of Johnny Lingo**
**16.00 The Big Bounce**
**18.00 the Sisterhood of the Traveling Pants**
**20.00 Love Don´t Cost a Thing** Rómantísk gamanmynd með Christinu Milian.
▶**22.00 Date Movie**
**00.00 Home Room**
**02.10 Hunter. Back in Force**
**04.00 Date Movie**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Kalli á þakinu**
**07.50 Litlu Tommi og Jenni**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love NÝTT** (7.120)
**10.15 Homefront**
**11.00 Whose Line Is it Anyway?**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront** (9.18)
**13.55 Studio 60** (11.22)
**14.40 Las Vegas** (3.17)
**15.25 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.50 Tvíburasysturnar** (12.22)
**16.15 Shin Chan**
**16.38 Skjaldbökurnar**
**17.03 Ofurhundurinn**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19.40 Simpsons** (18.21)
**20.05 Extreme Makeover. Home Edition** (12.32) Heimsfrægir gestir koma fram í þættinum en þeirra á meðal er Laura Bush, Wayne Newton og James Denton úr Desperate Housewives. 2006.
▶**21.30 Justice** NÝTT Spennandi lögfræðiþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer (CSI).
**22.15 NCIS** NÝTT (1.24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi er tengjast á einhvern hátt sjóliðum hvort sem um er að ræða þá hátt settu eða nýliða. 2006.
**23.00 The Riches** (13.13) Í spennandi lokaþætti verða vandræði Rich-fjölskyldunnar nærri óviðráðanleg og þau neyðast til að taka stórar ákvarðanir. 2007.
**23.45 Ghost Whisperer** (27.44)
**00.30 Hustle** (5.6)
**01.20 That Thing You Do!**
**03.05 Slackers**
**04.30 Hotel Babylon** (5.8)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**18.05 Timeless** Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum.
**18.30 David Beckham - Soccer USA** (5.13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum.
**19.00 Undankeppni Champions League** Bein útsending frá síðari leik Liverpool og Toulouse í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu.
**21.00 Kaupþings mótaröðin 2007** Svipmyndir frá Íslandsmótinu í holukeppni sem fram fer á Urriðavelli en þar fór Íslandsmótið í höggleik fram í fyrra.
**22.00 PGA Tour 2007 - Highlights** Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum.
**22.55 Heights of Passion** Í þessum þætti verða viðureignir Flamengo og Vasco Da Gama teknar til umfjöllunar. Þessi lið eru frá Brasilíu en ófáir knattspyrnusnillingarnir hafa leikið með þessum félögum.
**23.50 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**00.45 Undankeppni Champions League** (Liverpool - Toulouse)

## SÝN 2

**16.20 Aston Villa - Fulham** (Enska úrvalsdeildin 2007/2) Útsending frá leik Aston Villa og Fulham.
**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.30 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.00 Middlesbrough - Newcastle** (Enska úrvalsdeildin 2007/2) Útsending frá leik Middlesbrough og Newcastle.
**20.40 Man. Utd. - Tottenham** (Enska úrvalsdeildin 2007/2) Útsending frá leik Man Utd og Tottenham.
**22.20 English Premier League 2007/08** (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 On the Lot** (e)
**18.15 Dr. Phil** Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn frá Texas heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð. Frábærir þættir sem létta manni lífið!
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 According to Jim** (e)
**20.00 Thick & Thin** (2.6) Bandarísk gamansería um unga konu sem er að hefja nýtt líf eftir að vera búin að losa sig við aukakílóin og eiginmanninn. Mary á óuppgerðar sakir við mann sem gerði grín að henni þegar hún var feit en finnst hún flott í dag.
▶**20.30 How Clean is Your House? - Lokaþáttur** Bresku heinlætisdívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie þefa uppi subbuleg heimili og taka til hendinni. Þessar bresku kjarnakonur skúra, skrúbba og bóna auk þess sem þær gefa sóðunum góð ráð. Þetta er lokaþátturinn að sinni og nú heimsækja Kim og Aggie 32 ára skrifstofublók sem er með allt á hreinu í vinnunni en heima fyrir er allt í drasli.
**21.00 Madonna. I´m going to tell you a secret** Einstök heimildamynd þar sem poppdrottningin Madonna hleypir áhorfendum inn í líf sitt á tónleikaferðalagi.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Raines** (e)
**01.00 Sex, love and secrets** (e)
**01.50 Vörutorg**
**02.50 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# FLOTTUR SKÓLAFÉLAGI

## ACER ASPIRE 5103




Windows Vista

- AMD Turion X2 1.6Ghz - DuoCore
- 1024MB DDR2 vinnsluminni
- 120GB harður diskur
- 15.4" CrystalBrite skjár
- Innbyggð vefmyndavél
- Windows Vista Premium

3 ÁRA ÁBYRGÐ

TILBOÐ: 89.900-

svar) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.15

### NCIS - nýtt




Hörkuspennandi framhaldsþættir frá framleiðendum Jag. NCIS segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi er tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða hina háttsettu eða nýliðana. Í þessari fjórðu seríu heldur sveitin áfram að ferðast um heiminn og rannsaka flókin mál en í fyrsta þættinum lendir Ziva í skelfilegri klípu þegar hún verður vitni að pólitísku morði.

### ▶MADONNA: I´M GOING TO TELL YOU A SECRET

**Skjáreinn kl. 21.00**

Einstök heimildarmynd þar sem poppdrottningin Madonna hleypir áhorfendum inn í líf sitt á tónleikaferðalagi. Myndin var tekin upp á Re-Invention tónleikatúrnum fyrir þremur árum þar sem Madonna flutti lög frá öllum ferlinum. Áhorfandinn fær að fylgjast með því sem gerðist bak við tjöldin, alveg frá því að dansarar mættu í fyrsta áheyrnarprófið þar til síðustu tónleikunum lýkur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Konan með hundinn
**14.30** Í grænni lautu
**15.03** Litir í tónum og orðum: haustlitir
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Litla húsið í Stóru-skógum
**20.00** Hið fagra mun sigra að lokum
**21.40** Slæðingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sagan af Tristan og Ísól
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Djassgallerý: Keith Jarrett
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Hollyoaks** (1.260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (2.260)
**19.55 Making of Astropía**
**20.10 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
▶**20.40 The George Lopez Show** (5.22) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. 2005.
**21.10 E-Ring** (4.22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
**22.00 Men In Trees** (11.17) Bráðkemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandssérfræðing sem kemst að því að unnustinn hefur haldið framhjá henni.
**22.45 Pirate Master** (13.14) Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor sem gerist um borð í alvöru sjóræningjaskipi. 2007. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.40 Rock School 1** (e)
**00.10 Filthy Rich Cattle Drive** (6.8) (e)
**00.55 Entertainment Tonight** (e)
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Our mutual friend **13.00** Hustle **14.00** Garden Rivals **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** 50 Things To Do Before You Die **18.00** Hustle **19.00** New Tricks **20.00** The Rotters' Club **21.00** Hustle **22.00** The Good Life **22.30** New Tricks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** Mastermind **1.00** Hustle **2.00** Our mutual friend **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Little Robots **5.10** William's Wish Wellingtons **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**11.55** Rabatten **12.20** Klokkemagerne på klippeøen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Tjenesten - nu på TV **13.30** Boogie Listen **14.30** F for Får **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Danni **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Dansk Danse Grand Prix **19.00** TV Avisen **19.30** Lige på kornet **21.35** The I Inside **23.00** Strictly Sinatra **0.35** Boogie Listen **5.30** Den lille røde traktor **5.40** Noddy **5.50** Disney Sjov

## NRK 1

**12.10** Norske filmminner **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Viten om **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Charlie og Lola **16.15** Karsten og Petra **16.25** Sauen Shaun **16.30** Miniplanetene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Karibia - et vilt paradis **18.45** Klovn til fjells **19.15** Inspektør Lynley **20.45** Du skal høre mye mer... **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotell Babylon **22.05** VM friidrett Osaka 2007 **5.30** Olsen **6.00** Små Einsteins

## SVT 1

**13.00** Kräftgång framåt **13.30** I Mårtens värld **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Sorgens ansikten **15.30** Niklas mat **16.00** Lisas sagoshow **16.20** Månskensdrake **16.30** Fåret Shaun **16.35** Häxan Surtant **17.00** Lilla Melodifestivalen **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Studio Sumo **19.00** Bad boys **20.55** Rapport **21.05** Kulturnyheterna **21.15** Vägmarkeringar **21.40** Låsningar **21.55** Friidrott: VM i Osaka **0.30** Friidrott: VM i Osaka **0.50** Friidrott: VM i Osaka **4.35** Sändningar från SVT24 **6.00** BoliBompa



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ef mann langar virkilega í eitthvað djúsí á sunnudegi þá verður Eldsmiðjan yfirleitt fyrir valinu.“*

Kristinn Júníusson, meðlimur The Musik Zoo.

# Gillzenegger busaði Margréti Láru



Nýnemar við íþróttafræði í Háskólanum í Reykjavík fengu í síðustu viku að kynnast busun í ætt við þær sem tíðkast hjá menntaskólum landsins. Egill „Gillzenegger“ Einarsson var forsprakkinn að innvígslunni. „Við gerðum þetta líka í fyrra en þá var ekki eins mikið af frægu fólki. Nú fékk fræga fólkið hins vegar sérmeðferð,“ segir Egill. Markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir, Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður HK, Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar í handbolta, eru á meðal þeirra sem eru að hefja nám í íþróttaakademíunni í ár og fengu að kenna á því hjá Gillzenegger og félögum.

„Busun á venjulega að vera fyndin og skemmtileg en við reyndum að gera þetta eins leiðinlegt og við gátum,“ segir Egill en á meðal þess sem busarnir voru látnir gera var að hlaupa langleiðina í kringum Reykjanesbæ og staupa ógeðisdrykki. Þá voru þeir bundnir saman, sprautaðir með vatni og dýft í hveiti. „Vatnsslangan var yfirleitt í andlitinu á Margréti Láru og Gunnleifi,“ segir Egill og hlær en bætir við að allir hafi skilið sáttir á endanum.

„Þetta er okkar leið til að bjóða þau velkomin og þótt það hafi verið smá kergja í fyrstu eru nú allir orðnir góðir félagar.“ - vig

**GILLZ** Var í fyrsta árgangi íþróttaakademíunnar í Reykjanesbæ og slapp því við busavígsluna alræmdu.



**ENGIN VÆGÐ** Markadrottningin þurfti að láta sprengja blöðru á afturendanum á sér með vafasömum aðferðum.



**LÁRÉTT**
**2.** að lokum 6. hvort 8. bar að garði 9. dæling 11. í röð 12. íshroði 14. blóm 16. í röð 17. að 18. ræktað land 20. mun 21. málmhúða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mælieining 3. klafi 4. tré 5. skilaboð 7. spörfugl 10. æxlunarkorn 13. veitt eftirför 15. notalegur hiti 16. stefna 19. ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. loks, 6. ef, 8. kom, 9. sog, 11. rs, 12. ísrek, 14. sóley, 16. áb, 17. til, 18. tún, 20. ku, 21. tína. **LÓÐRÉTT:** 1. desí, 3. ok, 4. korkeik, 5. sms, 7. fossbúi, 10. gró, 13. elt, 15. ylur, 16. átt, 19. nn.

KRISTJÁN DAVÍÐSSON: EFTIRSÓTTUR SEM ALDREI FYRR

# Loksins að fá sína virðingu

„Ég gef ekki upp fyrir hvern ég er að kaupa. En ég er ekki að kaupa þetta sjálf enda hefði ég ekki efni á slíku,“ segir Hulda Sigfúsdóttir endurskoðandi. Um helgina auglýsti hún eftir verkum Kristjáns Davíðssonar listmálara í Morgunblaðinu og bað helst um stórar olíumyndir þó að allt annað kæmi til greina og var staðgreiðsla í boði. Þar gætu verið um að ræða háar fjárhæðir því stór olíuverk eftir Kristján hafa selst fyrir gott verð.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur áhugi á verkum Kristjáns Davíðssonar aukist mikið á undanförnum vikum. Er fullyrt að verð hafi tvöfaldast á skömmum tíma. Kristján fagnaði í sumar níutíu ára afmæli og í undirbúningi er sýning á verkum hans frá síðustu þremur áratugum í Listasafni Íslands, en safnið var með yfirlitssýningu á ferli hans um 1980.

Kristján hefur alla tíð verið iðinn og afkastamikill málari. Hafa verk hans jafnan verið í miklum metum hjá þeirri kynslóð sem ólst upp við abstraktið, en nú munu yngri menn vera áhugasamir um ný og gömul verk hans. Samkæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins hafa þeir feðgar Sindri og Sindri Sindrasynir leitað eftir verkum til kaups og greitt vel fyrir en eins og kom fram í Fréttablaðinu keyptu þeir sig nýlega inní Gallerí Turpentine. Sindri kannaðist hins vegar ekki við þessar sögusagnir að þeir feðgar væru að hamstra verk Kristjáns en viðurkenndi að hann væri mikill aðdáandi verka hans. „Mér finnst Kristján Davíðsson alveg frábær listmálari og ég skil vel áhugann á verkum hans. Ef ég kaupi hins vegar verk eftir Kristján þá er það bara til persónulegra nota en ekki fyrir galleríið,“ segir Sindri.

„Er ekki fólk búið að panta sér fimm hundruð Land Cruisera án þess að nokkur hafi séð þá?“ segir Sveinn Þór Þórhallsson hjá Gallerí Turpentine sem vill ekki gefa mikið út á það að eftirspurn og verð hjá Kristjáni séu eitthvað að hækka eða aukast. „Það má kannski engu að síður segja að hann sé að fá þá virðingu sem hann á skilið um þessar mundir enda flottur málari,“ bætir hann við. - fgg



**LISTMÁLARINN** Er níræður og enn í fullu fjöri með vindilinn og pensilinn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þessa dagana stendur yfir leit að fyrsta raðmorðingjanum í sögu íslensks sjónvarps en hann mun birtast í sjónvarpsþáttunum Mannaveiðar, í leikstjórn **Björns Brynjúlfs Bjarnasonar**. Verið er að ráða í öll helstu hlutverk þáttanna en Björn var þögull sem gröfin þegar hann var inntur eftir nöfnum þeirra leikara sem koma til greina. Tökur á Mannaveiðum hefjast um miðjan október og munu þættirnir verða sýndir á RÚV fljótlega á næsta ári. Um afar vandaða þáttagerð er að ræða og hljómar kostnaðaráætlun upp á 60 milljónir króna.



Herferð útvarpsstöðvarinnar X-ins 977 gegn umboðsmanninum **Einar Bárðarsyni** og skjólstæðingum hans hefur farið rólega af stað. Seinni partinn í gær, þremur dögum eftir að átakinu „Stöðvum Einar Bárðarson!“ var hrint af stað, höfðu um 300 manns skrifað undir sérlegan undirskriftarlista á netinu Þess má geta að um 100 sinnum fleiri mættu á stórtónleika Kaupþings nýverið, þar sem nær allir helstu listamenn Einars stigu á svið.



Og það er skammt stjarnanna á milli hjá Vesturporti því í síðustu viku kíkti sænski leikstjórinn Lukas Moodysson í heimsókn til leikhópsins. Moodysson hefur verið ákaflega umdeildur og gert kvikmyndir á borð Fucking Amal og Ett Hal i mitt hjarta sem vakti hörð viðbrögð. Moodysson gerði jafnframt Tillsammans sem Vesturport hyggst setja upp með Gael Garcia Bernal í einu af stóru hlutverkunum.






# Feðgin sungu með Sniglabandinu

Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson steig óvænt á svið með Sniglabandinu er þeir útvörpuðu beint frá Hveragerði síðastliðinn sunnudag. „Ég var bara staddur þarna og þeir kölluðu mig upp,“ segir Magnús Þór, sem söng með þeim lag sitt „Jörðin sem ég ann“. Dóttir hans Þórunn söng með honum viðlagið. Hún er söngkona í bresku hljómsveitinni Fields sem hefur vakið töluverða athygli að undanförnu.

Magnús, sem býr í Hveragerði, segist hafa hlustað á útvarpsþátt Sniglabandsins með öðru eyranu í sumar á Rás 2 og líkað vel. „Þetta eru svo fínir tónlistarmenn að þeir komast upp með það sem þeir gera. Ég hef oft spilað með Pálma [Sigurhjartarsyni]. Við spiluðum lengi saman á litlum tónleikum í gamla daga.“ Magnús er að leggja lokahönd á nýja sólóplötu sem er væntanleg í haust. „Þetta verður allt saman nýtt efni. Ég ákvað að endurnýja kynni mín við sjálfan mig frá fyrri tíð.

Síðasta plata Magnúsar, Hljóð er nóttin, kom út fyrir tveimur árum og hafði að geyma öll vinsælustu lög hans. Auk „Jörðin sem ég ann“ voru þar slagarar á borð við „Ísland er land þitt“, „Sú ást er heit“ og „Blue Jean Queen“. - fb



**FEÐGIN Á SVIÐI** Magnús Þór ásamt dóttur sinni Þórunni uppi á sviði í Hveragerði með Sniglabandinu.




*Jóga í Rósinni*

Tímar fyrir bæði byrjendur og lengara komna.
Litlir hópar, stöður, öndun, slökun og hugleiðsla.
Tímar á mánudögum og miðvikudögum kl 17.15

**Námskeið hefjast 3. september.**

Skráning og upplýsingar
kristinsjofn@simnet.is
gsm 899-7809
Kristín Sjöfn jógakennari


## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Samfylkingin.
2. Í Álftafirði á Vestfjörðum.
3. Foreign Affairs.

# HAUSTNÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST!

## Nám í tónvinnslu og lagasmíðum

### - í samstarfi við Digidesign framleiðanda Pro-Tools

## Gítarnám fyrir alla
## Söngnám fyrir alla

**ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá skólanum***



**Tónvinnsluskólinn „Sponsored Digidesign School"**

Nýlega gerðu Tónvinnsluskólinn og Digidesign með sér samstarfssamning um þjálfun nemenda í Pro-Tools og kallast nú Tónvinnsluskólinn „Digidesign Sponsored School". Þetta veitir okkur rétt til að kenna til alþjóðlega viðurkennds prófs Pro-Tools 101 og Pro-Tools 110. 101 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools til eigin hagsmuna við lagasmíðar og upptökur meðan að 110 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools í hljóðversumhverfi atvinnumannsins.

**Veitir rétt til framhaldsnáms**

Eftir að hafa tekið þessi próf geta nemendur farið beint í 201 og 210 gráðurnar erlendis sem gerir menn að viðurkenndum „Pro-Tools Operator" sem gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

**Hvernig klárar maður lag frá A til Ö**

Að öðru leiti er námskeiðið óbreytt, farið er í ferlið frá því að hugmynd að lagi kviknar þar til lag er tilbúið til útgáfu, hvernig gengið er frá hljómablöðum (lead sheets) og samskiptum í hljóðveri.
Kennt er á midiforritið Reason, hljóðforritið Melodine, farið í almennar upptökur, míkrófóntækni og staðsetningar, eftirvinnslu, hljóðblöndun og lokahljóðjöfnun.

4 mánaða nám, 160 klst.
319.900,- kr.
(veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur)
Fleiri greiðslumöguleikar í boði.



**Gítarnámskeið fyrir byrjendur.**

Viltu vera stjarnan í partýinu eða langar þig kannski bara að stofna rokkhljómsveit? Þetta námskeið er kjörinn byrjunarreitur. Kennt er í 5-10 manna hópum þar sem raðað er niður eftir stöðu hvers og eins. Markmið er að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og kunni helstu gítargripin. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri.

Lengd námskeiðs: 12 vikur
Aldur: Fyrir alla aldurshópa
Verð: Kr. 39.900.-
(15% staðgreiðsluafsláttur.)

**Fyrir þá sem vilja læra meira**

Í hópi fyrir lengra komna verður farið í nokkur þekktustu lög rokksögunnar, kenndar upphafslínur og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin og Nirvana. Uppbygging gítarsólóa og notkun skala er kennd í bland við skemmtileg gítar-"trix". Farið verður í mismunandi "karakter" -tegundir gítara og gítarmagnara og notkun þeirra í hljóðverum. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri.

Lengd námskeiðs: 12 vikur
Aldur: Fyrir alla aldurshópa
Verð: Kr. 39.900.-
(15% staðgreiðsluafsláttur.)

**Gítarnámskeið fyrir leikskólakennara og foreldra.**

Gítarnámskeið fyrir leikskólakennara og foreldra þar sem farið verður yfir grunnatriði gítarleiks. Eftir 12 vikna námskeið er markmiðið að þátttakendur kunni öll helstu gítargripin og þar að auki mörg helstu barna- og vísnalög sem þekkt eru á meðal íslensku þjóðarinnar.

Lengd námskeiðs: 12 vikur
Verð: Kr. 39.900.-
(15% staðgreiðsluafsláttur.)

Leiðbeinendur á námskeiðum eru: Vignir Snær Vigfússon (Írafár), Gunnar Þór Jónsson (Sól Dögg) og fleiri.







**Barna- og unglinganámskeið sem verður undirbúningur að barnaþætti fyrir sjónvarp**

Birgitta Haukdal og Valgerður Guðnadóttir munu sjá um 10 vikna söngnámskeið fyrir börn og unglinga. Námskeiðið er um leið undirbúningur að upptöku á barnaþætti fyrir sjónvarp. Í þættinum koma börnin fram ásamt Birgittu og Valgerði í söng og leik við undirleik valinkunnra hljóðfæraleikara og tilbúnu undirspili af þekktum dægurlögum. Þetta er skemmtilegt námskeið fyrir krakka á aldrinum 7 til 14 ára þar sem krakkarnir fá æfingu í að koma fram opinberlega og fá að upplifa hvernig vinna fer fram í sjónvarpsveri sem beinir þátttakendur. Nemendur í Grafarvogi fá að taka þátt í upptöku á sérstakri krakkaútgáfu af nýja Fjölnislaginu.
Áfram Fjölnir!

Lengd námskeiðs: 10 vikur
Aldur: Fyrir 7 - 14 ára
Verð: Kr. 39.900.-

**Barna- og unglinganámskeið 2**

Valgerður Guðnadóttir sér um námskeið sem sérsniðið er að þeim sem hafa lokið barnanámsskeiði áður.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
Aldur: Fyrir 7 - 14 ára
Verð: Kr. 39.900.-

**Söngur og framkoma**

Þetta er í 6. sinn sem þetta skemmtilega námskeið er haldið, enda eru kennararnir ekki af verri kantinum þær Selma Björnsdóttir og Valgerður Guðnadóttir landsfrægar leik- og söngkonur. Námskeiðið er tvískipt; annars vegar eru grunnþættir söngs og sviðsframkomu kenndir og hins vegar söngur í hljóðveri.
Námskeiðið miðar að því að búa upprennandi söngvara undir þær kröfur sem gerðar eru til skemmtikrafta innan tónlistarbransans. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions þar sem þátttakendur munu fá hljóðritaðan söng sinn á lagi að eigin vali.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku)
Aldur: 14 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

**Blues- og Jazzsöngur með Andreu Gylfadóttur**

Andrea Gylfadóttir, Bluesdrottning Íslands, stýrir frábæru námskeiði fyrir þá sem hafa sem hafa reynslu af söng. Á námskeiðinu mun Andrea kenna Blues- og Jazzsöng. Unnið verður með undirleikara að ákveðnum lögum sem nemendum verður hjálpað að ná tökum á, námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku, 2 einkatímar og 8 hóptímar)
Aldur: Fyrir 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

**Blues- og Jazzsöngur framhald**

Þeir sem hafa lokið námskeiði hjá Andreu geta sótt um framhaldsnámskeið hjá tónvinnsluskólanum

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku, 2 einkatímar og 8 hóptímar)
Aldur: Fyrir 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

**Námskeið fyrir lengra komna**

í sumar útskrifaðist Margrét sem Linklater kennari í New York. Kristin Linklater sem tæknin er kennd við er ein af virtustu raddkennurum í Banda-ríkjunum. Bókin hennar Freeing the Natural Voice er notuð allstaðar í kennslu í háskólum í Bandaríkjunum og í Evrópu. Aðferðin byggist upp á geta notað röddina án nokkurra hafta svo sem spennu í hálsi, kjálka eða tungu, vöðvaspennu, kvíða eða þar eftir götunum. Öndun, og líkamsliðkun er mikilvægur þáttur til að geta haft greiðari aðgang að tilfinningalega túlkun, og opnað fyrir ímyndunaraflið. Margrét mun kenna notkun þessarar tækni. Farið verður í gegnum æfingar, upphitanir til að styrkja röddina. Öndum, líkamsæfingar, túlkun, framkoma, og textameðferð er hlutir sem farið verður í.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku)
Aldur: 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

**Námskeiðin hefjast í september.**
**Kennt verður í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma lýkur.**
**Skráningar í síma 534-9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is**

* Upplýsingar um Frístundakortin er að finna á www.itr.is

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**BAKÞANKAR**

**KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR**

## *Deyfingar fyrir aumingja*

Meðganga og fæðing er ekki sjúkdómur heldur eðlilegur hluti af lífinu, það er óeðlilegt að sjúkdómsvæða þetta ferli. Þessa klisju heyra líklega flestar barnshafandi konur og stilltar kinka þær flestar kolli til samþykkis. Eins eru þær oft sannfærðar um að mænurótardeyfing sé af hinu illa, helst eigi ekki að nota glaðloft og keisaraskurður sé yfirleitt hinn mesti misskilningur, tilkomin af skurðglöðum karlkyns læknum sem ekki kunna að taka á móti barni. Heimafæðing, án deyfinga, í uppblásinni sundlaug með fjölskylduna í kring er víst það eina sem blífur til að forða konum frá því að ganga sjúkdómsvæðingunni á hönd.

**ÞEGAR** ég gekk með barn mitt fór ég á svokallað foreldranámskeið. Þar sannfærðist ég um að aðeins aumingjar kysu deyfingu við barnsburð. Mun heppilegra, að ég tali nú ekki um náttúrulegra, væri að nota blómadropa, nálastungur, iljanudd eða sundlaugar til að lina þjáningarnar sem þetta náttúrulega ferli kæmi ef til vill til með að skapa. Ég var ginnkeypt fyrir nær öllu sem þarna fór fram sem og því sem þar var boðið til sölu á agalega billegum prís. Öllu gleypti ég við. Gagnrýnilaust samþykkti ég að það væri ægilega ljótt af konum að þiggja deyfingu við kvölum við barnsburð. Síðar velti ég því óhjákvæmilega fyrir mér. Fyrirlesaranum hugsaði ég þá þegjandi þörfina.

**EKKI** er ætlun mín að halda öðru fram en að fæðing sé eðlilegur hluti lífsins. Hins vegar get ég ekki annað en velt fyrir mér ástæðum þess að lífslíkur mæðra og barna eru nú töluvert mikið hærri en þegar heimafæðingar voru ráðandi. Einnig finnst mér umhugsunarvert að fólki þyki eðlilegt að fá að deyfa kvalir, sem til dæmis verða þegar endajaxl er tekinn, þegar sár eru saumuð saman eða við höfuðverk, en ekki vegna kvala við fæðingu.

**ÞÁ** er mér einnig óskiljanlegt hvers vegna sífellt þarf að þrástagast á hetjusögum frammi fyrir barnshafandi konum. Það er ekki nóg með að þær missi hálfpartinn umráðarétt yfir líkama sínum og þurfi að sætta sig við að ókunnugu fólki telji sér frjálst að strjúka þeim um kviðinn heldur eiga þær helst að missa vatnið í vinnunni og vera mættar þangað aftur eins fljótt og auðið er. Annars eiga þær þá hættu vísa að verða flíspeysuklæddar við heimilisstörf nokkrum mánuðum síðar.

**TALSMENN** mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna greindu frá því árið 2004 að meira en hálf milljón kvenna létust af barnsförum árlega, að auki færu um átján milljónir kvenna það illa út úr meðgöngu og barnsburði að þær hlytu annaðhvort varanlega fötlun eða veikindi. Taldi stofnunin að ástæður fyrir þessu væru aðallega vegna skorts á viðeigandi læknisaðstoð. Ef til vill hefur líka verið skortur á blómadropum og uppblásnum sundlaugum.

